



# Ársskýrsla

## Ungmennafélags Selfoss

### 2009





# Ársskýrsla

## Ungmennafélags Selfoss starfsárið 2009

Skýrsla stjórnar .....	2	Handknattleiksdeild .....	46
Rekstur íþróttavallarsvæðis .....	5	Unglingaráð handknattleiksdeildar .....	48
Jólasveina- og þrettándanefnd .....	5	Handboltaakademía .....	50
Íþrótt- og útivistarklúbburinn .....	6	Júðódeild .....	52
		Knattspyrnudeild .....	54
<i>Skýrslur deilda:</i>		Unglingaráð knattspyrnudeildar .....	57
Fimleikadeild .....	7	Mótokrossdeild .....	59
Frjálsíþróttadeild .....	11	Sunddeild .....	60
Handknattleiksdeild .....	15	Taekwondodeild .....	62
Júðódeild .....	19		
Knattspyrnudeild .....	21	Lög Ungmennafélags Selfoss .....	64
Sunddeild .....	29	Formenn Umf. Selfoss frá upphafi .....	66
Taekwondodeild .....	32	Björns Blöndal bikarinn .....	66
		UMFÍ bikarinn – deild ársins .....	66
<i>Reikningar félags og deilda:</i>		Hafsteins bikarinn .....	67
Framkvæmdastjórn .....	34	Heiðursfélagar, gull- og silfurmerkjahafar .....	67
Rekstur íþróttavallarsvæðis .....	37	Viðurkenningar á aðalfundi 2010 .....	67
Fimleikadeild .....	40	Íþróttamenn Umf. Selfoss frá upphafi .....	67
Fimleikaakademía .....	43	Fundargerð aðalfundar Umf. Selfoss 2009 .....	69
Frjálsíþróttadeild .....	44		



## Skýrsla stjórnar

Starf Ungmennafélags Selfoss var að vanda öflugt árið 2009 og voru mörg stór skref stigin bæði félagslega og íþróttalega. Félagið byggir á traustum grunni sem stjórn hefur lagt sig fram um að efla enn frekar undanfarin ár með ábyrgri fjármálastjórn og öflugu félagsstarfi. Þjónustusamningur við Sveitarfélagið Árborg á einnig stóran þátt í því að félagið getur haldið út jafn öflugu starfi og raun ber vitni.

Ný aðalstjórn Ungmennafélags Selfoss kom saman til fyrsta fundar þriðjudaginn 2. júní. Alls urðu fundir stjórnar níu talsins frá 2. júní 2009 til 14. apríl 2010. Fyrsti fundur nýrrar framkvæmdastjórnar var 12. maí, en alls urðu fundir hennar 16 talsins. Stjórnir deilda og ráða héldu fundi a.m.k. einu sinni í mánuði og stóru deildirnar vikulega á keppnistímabilum sínum. Auk þess sátu framkvæmdastjóri og meðlimir framkvæmdastjórnar ýmsa fundi með fulltrúum sveitarfélagsins, HSK og fleiri aðilum.

Innan Umf. Selfoss eru formlega starfandi níu deildir, en þær eru fimleikadeild, frásíþróttadeild, handknattleiksdeild, júdódeild, knattspyrnudeild, karftlyftingadeild, mótkrossdeild, sunddeild og taekwondodeild. Kraftlyftingadeild fékk bráðabirgðaaðild að félaginu um mitt ár 2009. Starf deildarinnar var mjög lítið á árinu og því ólíklegt að hún verði samþykkt inn í félagið á aðalfundi. Félagsstarf mótkrossdeildar lá að mestu leiti niðri á árinu. Innan handknattleiksdeildar og knattspyrnudeildar störfuðu unglingaráð með sjálfstæðan fjárhag. Auk þess starfa mörg foreldráð innan deilda félagsins. Handknattleiksdeild og fimleikadeild reka akademíur í samstarfi við Fjölbautaskóla Suðurlands og eru þær sjálfstæðar rekstrareiningar. Félagið á einnig gott samstarf við Knattspyrnuakademíu Íslands á Suðurlandi.

Frá hausti 2008 hefur allt bókhald félagsins verið fært á skrifstofu félagsins í Tíbrá. Hefur það skapað aukið hagræði og þægindi fyrir gjaldkera deilda og ráða. Með því hefur verið auðveldara og einfaldara að fylgjast með stöðu fjármála. Á árinu var ákveðið að semja verklagsreglur um fjármál og er sú vinna í gangi undir stjórn framkvæmdastjóra félags-

ins. Að venju var barna- og unglíngastyrkurur að upphæð tvær og hálf milljón greiddur út til deilda. Aðalstjórn ákvað seinni hluta árs að greiða aukastyrk til deildanna að upp hæð 1.500.000 kr. til að létta deildum róðrinn.

Í byrjun janúar gerðist sá sorglegi atburður að Guðjón Ægir Sigurjónsson, félagi í Umf. Selfoss, lést í bílslysi skammt fyrir austan Selfoss. Guðjón Ægir var einn af forystumönnum knattspyrnudeildar og hafði starfað lengi innan félagsins bæði sem íþróttamaður og stjórnarmaður.

Í byrjun árs var ákveðið að fela knattspyrnudeild að halda áfram rekstri íþróttavallasvæðisins og var endurnýjaður samningur út árið. Sá knattspyrnudeildin því alfarið um reksturinn á árinu 2009. Sveinbjörn Másson gegndi starfi vallarsjóra í 50% starfi og var auk þess í 50% starfi sem framkvæmdastjóri deildarinnar. Auk hans var einn fastráðinn starfsmaður allt árið auk tveggja sumarstarfsmanna. Júdódeild sá áfram um rekstur æfingahúsnæðis í Gagnheiði eins og hún hefur gert undanfarin ár.

Í lok janúar var haldið félagsmálanámskeið UMFÍ – Sýndu hvað í þér byr. Var það gert í samvinnu við kvenfélög og búnaðarfélög úr nágrenninu. Þátttaka var ágæt.

Knattspyrnudeild Umf. Selfoss stofnaði í byrjun árs til samstarfs við sænska knattspyrnufélagið IFK Gautaborg. Um gagnvirkan samstarfssamning var að ræða þar sem kveðið er á um að félögin geti skipst á ungom og efnilegum leikmönnum og gefið þeim aukin tækifæri. Einnig munu félögin læra af starfi hvors annars. Hópur frá Selfossi fór til Svíþjóðar í apríl og Eijlert Björkman, aðalþjálfari unglíngakademíu Gautaborgar, kom síðan í heimsókn í lok júní og hélt námskeið á Selfossi.

Tvær deildir hlutu á árinu gæðaviðurkenningu sem fyrirmyndardeildir ÍSÍ. Taekwondodeild fékk viðurkenningu á hérðasþingi HSK í lok febrúar og frjalsíþróttadeild á aðalfundi félagsins 30. apríl. Alls eru fyrirmyndardeildirnar því orðnar sex. Áður höfðu fimleikadeild, sunddeild, handknattleiksdeild og knattspyrnudeild hlotið viðurkenningu. Sveitarfélagið Árborg veitir deildum félagsins styrk upp á 700.000 kr. fyrir að fá útnefningu og síðan árlega 400.000 kr. næstu þrjú ár eða þar til endurnýjun fer fram.



HSK-þingið var haldið 28. apríl á Hvolsvelli og sendi Selfoss að vanda fullmannað lið eða 13 fulltrúa. Félagið fékk afhentan bikar fyrir að vera stigahæsta félagið innan HSK 2008. Þá fékk fimleikadeild félagsins Foreldrarstarfsbikar HSK. Katrín Ösp Jónasdóttir var valin íþróttamaður HSK 2008 og Tómas Jónsson, heiðursfélagi Umf. Selfoss, var útnefndur Öðlingur ársins.

Fimmtudaginn 28. maí var haldinn í Tíbrá stofnfundur kraftlyftingadeildar Umf. Selfoss. Varð hún þar með níunda deildin innan félagsins. Stofnfélagar deildarinnar voru 23 talsins. Aðalstjórn samþykkti bráðabirgðaaðild deildarinnar fram að næsta aðalfundi.

Frá því í byrjun árs og fram á haust stóðu yfir miklar framkvæmdir á íþróttavallarsvæðinu við Engjaveg. Svæðið tók miklum stakkaskiptum og verður án efa með því besta sem gerist á landinu þegar framkvæmdum lýkur. Aðalvöllurinn og hluti af æfingasvæðinu voru tekin upp og skipt um undirlag ásamt því að eldri völlur á æfingasvæði var lagfærður og settar manir í kringum hann. Í aðalvöllinum voru settar draglagnir, hitakerfi og lagnir fyrir vökvunarkerfi. Ákveðið var að sá í völlinn til að fá þéttara og betra gras. Stefnt er að því að völlurinn verði tekin í notkun um mitt sumar 2010 og verður hann þá með bestu knattspyrnavöllum á landinu. Félagið lagði sitt af mörkum er nokkrir félagar lögðu hitalagnir undir aðalvöllinn í sjálfböðavinnu í byrjun júní. Á þessu ári er fyrirhugað að byggja áhorfendastúku við knattspyrnavöllinn og fara í yfirborðsfrágang á frjálsíþróttavelli.

Félagið gaf út vandaða ársskýrslu í tengslum við aðalfundinn þar sem fram kom yfirlit yfir starf allra deilda innan félagsins. Í ársskýrslunni voru einnig birtir reikningar félagsins, deilda og vallarstjórnar. Aðalfundir deilda voru í febrúar og mars, en knattspyrnadeild hélt sinn fund í nóvember. Umf. Selfoss hefur haldið úti öflugri heimasíðu (umfs.is) sem er með þeim bestu hér á landi. Fá íþróttafélög eru jafnvirk að setja inn fréttir og upplýsingar af starfi sínu. Þá er félagið með heilsíðu vikulega í Dagskránni,

fréttablaði Suðurlands, þar sem birtast fréttir af íþróttum og öllu er við kemur starfi félagsins.

Á vordögum ákvað aðalstjórn Umf. Selfoss að íþrótt- og tómskundaskólinn yrði rekinn sem samvinnuverkefni allra deilda. Íþrótt- og útivistarklúbburinn, eins og hann var kallaður, var fyrir börn á aldrinum 5-10 ára. Skólinn er rekinn sem liður í þjónustusamningi við Sveitarfélagið Árborg. Boðið var upp á fjölbreytta dagskrá þar sem börnin fengu að spreyta sig í flestum íþróttagreinum. Veglegur styrkur fékkst frá Velferðarsjóði barna sem varð m.a. til þess að unnt var að lækka námskeiðsgjöld og fjölga starfsmönnum. Alls voru átján og hálfst stöðugildi við skólann. Flestir starfsmenn, sem fengu sumarvinnu í tvo og hálfan mánuð, voru á aldrinum 16-21 árs.

Í lok sumars var ráðist í miklar breytingar á eldhúsinu í félagsheimilinu Tíbrá. Var eldhúsið stækkað lítilsháttar og allur búnaður endurbættur. Þessar framkvæmdir voru samkvæmt samþykkt síðasta aðalfundar félagsins. Aðstaða fyrir mötuneyti, sem rekið er yfir veturinn fyrir akademiurnar, er nú mun betri. Einnig var félagsheimilið Tíbrá allt málað að innan, en skemmdir urðu á húsnæðinu í jarðskjálftunum 2008 og voru tjonabætur sem fengust notaðar í þetta verkefni.

Íþróttalega séð var árið 2009 frábært hjá Umf. Selfoss. Margir einstaklingar náðu glæsilegum árangri með því m.a. að vinna Íslandsmeistaratitla eða meistaramótstitla. Nokkrir einstaklingar komust á Norðurlandamót, kepptu með landsliðum Íslands eða voru valdir á landsliðsæfingar. Í flokkaíþróttum urðu miklar framfarir og unnust nokkrir Íslandsmeistaratitlar. Sá langþráði draumur Selfyssinga að komast í úrvalsdeildina í knattspyrnu rættist með 6:1 sigri á Aftureldingu á Selfossi þann 4. september. Liðið kórónaði svo frábært sumar með því að verða Íslandsmeistarar í 1. deild með 4:2 sigri á Skagamönnum.

Á héraðþingi HSK var Katrín Ösp Jónasdóttir fimleikakona útnefnd íþróttamaður HSK 2008. Á uppskeruhátíð íþrótt- og tómsundaráðs Árborgar, sem haldin var í lok desember, voru þau Sævar Þór Gíslason og Ágústa Tryggvadóttir útnefnd íþróttamaður og íþróttakona Árborgar 2009.



Þau voru einnig bæði valin íþróttamaður og íþróttakona Umf. Selfoss 2009. Útgefendur bókarinnar Íslensk knattspyrna veittu svo knattspyrnudeild Umf. Selfoss heiðursverðlaun í byrjun desember.

Mikið sjálfboðaliðastarf er unnið innan Umf. Selfoss sem m.a. kemur fram í fjölda stjórna, nefnda og ekki síst fjölda foreldraráða. Ekki þarf að fara mörgum orðum um mikilvægi þessa starfs. Án þess væri félagið ekki það sem það er í dag. Ef allar þær vinnustundir sem sjálfboðaliðar leggja til starfsins væru metnar til fjár má alveg fullyrða að verulega háar fjárhæðir kæmu út. Samfélagslegt gildi sjálfboðastarfsins er því ómetanlegt.

Nokkur mót hafa unnið sér fastan sess í sögu félagsins. Grylupottahlaupið var haldið í 40. skipti og Ragnarsmótið í handbolta átti 20 ára afmæli. Þá var Minningarmót um Magnús Örn Garðarsson í fimleikum að vanda haldið á vormánuðum, Olísmót 5. flokks í knattspyrnu aðra helgina í ágúst, Þórðarmótið í sundi í nóvember og Landsbankamótið hjá 6. flokki í handbolta í október.

Þann 13. ágúst var haldið veglegt hóf í félagsheimilinu Tíbrá, sem Hafsteinn Þorvaldsson, heiðursfélagi Umf. Selfoss, stóð fyrir. Hófið var haldið til að heiðra minningu eigin konu hans Ragnhildar Ingvarsdóttur sem hefði orðið 80 ára þennan dag. Auk fjölskyldu Hafsteins mættu í hófið fulltrúar sjö deilda innan Umf. Selfoss, formaður Umf. Biskups-tungna, formaður Umf. Vöku og formaður og framkvæmdastjóri HSK. Hafsteinn afhendi þessum aðilum, tíu talsins, peningastyrk að upphæð 100.000 kr. hver. Þessar höfðinglegu gjafir endurspeglu velvilja og einarðan hug Hafsteins til ungmenna- og íþróttahreyfingarinnar. Þess má einnig

geta að Kristján S. Jónsson, heiðursfélagi Umf. Selfoss, styrkti knattspyrnudeildina myndarlega í tilefni þess að knattspyrnulið Selfoss komst í úrvalsdeild. Á herrakvöldi knattspyrnudeildar sem haldið var þann 30. október afhentu synir Sigurðar heitins Karlssonar deildinni styrk að upphæð ein milljón króna til minningar um föður sinn.

Getraunastarf hefur verið mjög öflugt innan knattspyrnudeildar á árinu. Á hverjum laugardegi hittist hópur fólks í félagsheimilinu Tíbrá og tippaði yfir kaffibolla og góðu meðlæti.

Í september hófust taekwondoæfingar á Stokkseyri undir stjórn taekwondodeildar Umf. Selfoss. Þátttaka var mjög góð og almenn ánægja með þetta framtak deildarinnar. Á uppskeruhátíð ÍTÁ sem haldin var í lok desember fékk deildin svo hvatningarverðlaun ÍTÁ fyrir uppbyggingarstarf. Á hátíðinni voru einnig veitt verðlaun og afreksstyrkir til einstaklinga og íþróttahópa fyrir góðan árangur á árinu. Meistaraflokkur karla fékk hæsta styrkinn eða eina milljón króna fyrir að vinna sér sæti í úrvalsdeildinni í knattspyrnu.

Í desember sá hin skelegga jólasveinanefnd að vanda um jólasveinakomu og þrettándagleði eins og hefð hefur verið um langt árabil.

Framkvæmdastjórn Umf. Selfoss þakkar öllum þeim fjölmörgu einstaklingum sem hafa komið að starfi félagsins með einum eða öðrum hætti á liðnu ári. Félagið nýtur mikillar velvildar sveitarstjórnarmanna í Árborg, starfsmanna sveitarfélagsins og fyrirtækja í héraði, að ógleymdum foreldrum og aðstendum iðkenda.

*F.h. framkvæmdastjórnar Umf. Selfoss  
Axel Þór Gissurason formaður  
Örn Guðnason framkvæmdastjóri*

Helstu verkefni frá áramótum fram á vor og frá hausti til áramóta hafa verið umsjón og eftirlit vallarsvæðisins, þrif og hreinsun, auk ýmis konar viðhaldsverkefna. Yfir sumartímann hefur verið unnið að því að undirbúa svæðið fyrir leiki, æfingar og mót. Einnig viðhaldi tækja og áhalda, ræstingu húsa og almennum þrifum og hreinsun.

Framkvæmdir við íþróttavallarsvæðið stóðu yfir meiri part ársins og lauk með sáningu í knattspyrnuvöll og frjálssíþróttavöll um miðjan júlí. Æfingavöllur við Langholt var tekinn í notkun um mitt sumar. Einnig var byrjað að nota grassvæðin við Sunnulækjarskóla og sáu vallarstarfsmenn um viðhald þeirra. Gerður var samstarfssamningur á milli Árborgar og Golfklúbbs Selfoss um slátt og umhirðu grassvalla. Í byrjun sumars var gerð bráðabirgðaaðstaða fyrir frjálssíþróttafólk með því að leggja tartandúk á malbikið við gervigrasið. Útbúnar voru tvær hlaupabrauti, stökkgrýfja og kasthringur.

Allir flokkar knattspyrnudeildar, hafa æft á gervigrasvöllinum allt árið. Meistaraflokkur æfði á grasæfingasvæðinu um leið og svæðin voru tilbúin í júní. Einnig nýttu eldri flokkarnir grasvöllina undir æfingar og leiki. Yngri flokkarnir voru nær eingöngu á gervigrasinu. Nýting þess var mjög góð allt árið og kom upphitunin sér mjög vel. Knattspyrnuakademía Íslands á Suðurlandi var með æfingar yfir vetrartímann tvisvar í viku fyrir hádegi. Var fyrri önnin eftir áramót og fram á vor og sú seinni frá hausti til áramóta. Knattspyrnufélagið Árborg æfði einnig yfir vetrartímann á gervigrasinu og á æfingasvæðinu yfir sumartímann.

Í apríl og maí og frá því í ágúst og fram eftir hausti komu oft krakkar úr grunnskólunum og voru með æfingar og leiki í umsjón íþróttakennara sinna. Nemendur Fjölbrotaskóla Suðurlands hafa einnig nýtt gervigrasvöllinn til æfinga og leikja. Þá kom hópur eldri spilara og lék listir sínar á gervigrasinu í hádeginu part úr árinu. Íþrótt- og tómskundaskóli Árborgar var starfræktur í júní, júlí og ágúst.



Notkun félagsheimilisins Tíbrá hefur aldrei verið meiri en undanfarið ár. Fundum stjórna, nefnda og ráða hefur fjölgað mikið og hafa báðir salirnir oft verið fullbókaðir heilu vikurnar. Fjóra daga í viku var boðið upp á heitan mat í hádeginu fyrir krakka í íþróttakademíunum. Fastir liðir eins og starfsemi jólasveinanevndar, Grýlupottahlaupið, Olísmótið og starfsemi getrauna voru á sínum stað.

Notkun á íþróttavallarsvæðinu hefur aldrei verið meiri. Leikjum og æfingum hefur fjölgað og fjöldi áhorfenda margfaldast. Helsta vandamál vallarsvæðisins hefur tengst skorti á búningsaðstöðu og var haft gott samstarf við íþróttahúsið lðu til að leysa þau mál sem best.

Áætlaður heildarfjöldi iðkenda 2009 var eftirfarandi:

Iðkendur	Karlar	Konur	Samtals
16 ára og eldri	13.000	2.000	15.000
15 ára og yngri	22.000	7.000	29.000
Iðkendur samtals	35.000	9.000	44.000

Sveinbjörn Másson, vallarstjóri

## Jólasveina- og þrettándanefnd

### 33. starfsárið - 2009

Í nefndinni voru: Þórarinn Ingólfsson, Guðmundur, Þröstur og Svanur Ingvarssynir. Auk þess starfaði Örn Guðnason framkvæmdastjóri UMFS með henni.

Starfið hófst í desember með fundi í Tíbrá þar sem búnningar voru afhentir, farið yfir starfið og jólalögin sungin við undirleik okkar snjöllu harmónikkuleikara.

Jólasveinarnir komu á Tryggvatorg laugardaginn 12. desember kl.16.00 og heilsuðu upp á bæjarbúa. Grýla og Leppalúði voru með í för og dönsuðu þau á þaki Hótelins ásamt þeim Leppi og Skreppi og fleira hyski. Það voru fagnaðarfundir er jólasveinarnir komu á torgið og eins og venjulega tók þá drjúga stund að komast í gegnum mannfjöldann og tala við börnin. Það er sennilega einsdæmi á landinu sú mikla nálægð við jólasveinana sem börnin á Selfossi fá að njóta. Kveikt var á jólatrénu í 19. sinn við þetta tækifæri. Áður en jólasveinarnir mættu á torgið, söng Karla-kór Selfoss og bæjarstjórnin, Ragnheiður Hergeirsdóttir, flutti ávarp. Dagskráin gekk fljótt og vel fyrir sig við söng og dans í fallega skreyttum miðbænum.

Það voru um 32 ungmennafélagar sem brugðu sér í búnung einu sinni eða oftar um þessi jól, enda var mikið

að gera. Að frátaldrí innkomunni, aðfangadegi og þrettándanum, fóru bræðurnir á 23 jólasveinarnir hverskonar, sem er aukning frá í fyrra. Á Aðfangadagsmorgun voru 32 jólasveinar á ferð um bæinn og afhentu pakka í 230 húsum, sem einnig er töluverð aukning frá fyrra ári.

Mikill mannfjöldi tók þátt í blysför og álfabrennu á þrettándanum í blíðuveðri. Grýla, Leppalúði, Leppur og Skreppur voru í fararbroddi á vagninum góða og spiluð þrettándatónlist af disk. Það setti skemmtilegan svip á gönguna að einkaaðilar tóku upp á því að búa upp og fylgja gríðarstóru Jórutrölli í göngunni. Þessu 3,8 m háa trölli var vel tekið og mætir vonandi aftur að ári. Álfabrennan var í fimmta sinn á tjaldstæðinu við Gesthús. Flugeldasýningin var glæsileg sem björgunarsveitin aðstoðaði við í 8. sinn og lánaði til þess rafbúnað. Alls sinntu 32 ungmennafélagar hinum ýmsu störfum þetta kvöld við þrettándahátíðarhöldin.

Jólasveina- og þrettándanefndin þakkar öllum þeim sem komu að starfinu á einn eða annan hátt. Sérstakar þakkar eru til bæjarbúa fyrir góðar undirtektir.

F.h. jólasveina- og þrettándanefndar,  
Svanur Ingvarsson

# Íþrótt- og útivistarklúbburinn



## Sumarið 2009

Á vordögum ákvað stjórn Umf. Selfoss að fara af stað með samvinnuverkefni allra deilda þar sem íþróttaskólinn væri með ögn breyttu sniði en verið hafði áður. Íþróttaskólinn sem er ætlaður börnum á aldrinum 5-10 ára byði upp á fjölbreytta dagskrá þar sem börnin fengu að spreyta sig í öllum greinum og um leið væru deildir innan Umf. Selfoss ekki með námskeið á sama tíma fyrir þennan aldurshóp. Fleiri starfsmenn voru ráðnir við skólann en árið áður og var reynt að tengja það við sem flestar íþróttagreinar.

Styrkur frá Sveitarfélaginu Árborg til rekstrar námskeiðsins er hluti af þjónustusamningi þess og félagsins. Hluti af launakostnaði yngstu starfsmanna kom auk þess frá Sveitarfélaginu í tengslum við vinnuskólann. Þá fékkst myndarlegur styrkur frá Velferðarsjóði barna sem var notaður til að lækka námsgeiðsgjöld.

Íþróttaskólinn sem sumarið 2009 hét Íþrótt- og útivistarklúbburinn bauð upp á fjölbreytta dagskrá þar sem börnin fengu að kynnst öllum þeim greinum sem starfa innan Umf. Selfoss. Auk þess voru sérstakir val-dagar þar sem börnin gátu valið þá grein sem þau höfðu mestan áhuga á og tókst þetta fyrirkomulag mjög vel.

Aðsókn var góð í sumar en við auglýstum námskeiðin ágætlega sem skilaði sínu. Á þriðja hundrað börn tóku þátt í þeim 5 námskeiðum sem haldin voru. Hvert námskeið endaði með lokaferð þar sem farið var með rútu á hina ýmsu staði á Suðurlandi. Haldnir voru íþróttadagar á Laugarvatni, útivistardagur á Sólheimum og íþrótt- og útivistarferð var farin til Stokkseyrar. Farið var í sund á öllum námskeiðunum og svo voru hinar ýmsu greinar prófaðar, eins og t.d. júdó, fimleikar, fótþolti, handþolti, körfubolti, sem og hjólaferðir og gönguferðir. Val-dagarnir heppnuðust vel en þá gátu börnin eins og áður sagði valið sína „uppáhaldsgrein“ og þar með fengið að vera meira í því sem þeim finnst skemmtilegt, en um leið

fengu þau að kynnst hinum ýmsu greinum.

Er það mat okkar að þetta hafi verið flott fyrirkomulag og í anda ÍSÍ þar sem áherlsa er lögð á fjölbreyttar æfingar og að börn fái að kynnst sem flestum greinum þegar þau eru á þessum aldri þ.e. 5-10 ára. Boðið var upp á heilsdags og hálfisdags vistun og er ljóst að fyrir marga foreldra kom íþróttaklúbburinn sér mjög vel þar sem skólar og leikskólar voru í sumarfríi og því gott að geta leitað til okkar.

Við buðum upp á hafragraut og ávexti á morgnana og svo var matur í hádeginu, allt frá heitu skinkupasta, grjóna-graut og skyri í brauð og álegg. Lögð var áherlsa á hollan mat og voru ávextir í hávegum hafðir. Börnin komu alltaf með ávexti með sér sem borðaðir voru á milli mála eða í pásam. Á einu námskeiðinu í júlí byrjun voru 70 börn í mat í hádeginu svo það var líf og fjör hjá okkur í sumar.

Við höfðum lengst af aðstöðu í Vallaskóla, en þurftum að byrja sumarið í Tíbrá, félagsheimili Umf. Selfoss, og enda sumarið þar líka. Tímabreikt var að þurfa að standa í flutinginum og er Tíbrá ekki eins ákjósanlegur staður fyrir íþróttaskóla. Best hefði verið að vera á einum stað allt sumarið og þannig hefðum við sparað mikinn tíma sem fór í flutninga. Aðstaðan í Vallaskóla er þar að auki til fyrirmyndar og gekk samstarfið við skólann vel. Við höfðum afnot að íþróttahúsinu við Sólvelli og eins fórum við tvisvar í viku í Baulu, íþróttahús Sunnulaekjarskóla. Gekk það samstarf vel og eiga forstöðmenn beggja íþróttahúsanna þakkir skildar. Nauðsynlegt er fyrir íþróttaskólann að hafa aðgang að þeirri góðri aðstöðu sem bærinn á og gerði það skólann okkar enn betri.

Alls komu um 20 manns að starfi íþróttaskólans, allt íþróttakrakkar frá hinum ýmsu deildum félagsins. Skipt var í þrjá hópa eftir aldri og voru 5 starfsmenn í hverjum hópi. Yngstu krakkarnir voru 16 ára, en flest voru á aldrinum 17-21 árs.

*Laufey Guðmundsdóttir, klúbbstjóri*



## Skýrsla stjórnar

### Helstu verkefni stjórnar

Á aðalfundi fimleikadeildar Umf. Selfoss sem haldinn var 30. mars 2009 voru eftirtaldir kosnir í stjórn: Birgir Ásgeir Kristjánsson formaður, Silja Sigríður Þorsteinsdóttir gjaldkeri, meðstjórnendur, Helga Dagmar Emilsdóttir, Ingunn Guðjónsdóttir, Auður Svava Heiðarsdóttir, Guðfinna Tryggvadóttir og Anna Jónsdóttir. Þórunn Jóna Hauksdóttir gaf ekki kost á sér til áframhaldandi setu í stjórn. Á fyrsta stjórnarfundinum eftir aðalfund skipti stjórnin með sér verkum, Auður Svava varaformaður og Helga Dagmar ritari.

Fastir stjórnarfundir eru í fyrstu viku hvers mánaðar á meðan á æfingum stendur og eru fundirnir haldnir í Tíbrá, húsnæði Umf. Selfoss. Yfirþjálfari deildarinnar, Olga Bjarnadóttir, situr stjórnarfundum meðan fjallað er um málefni sem sérstaklega snerta starf hennar.

Stjórn deildarinnar hefur yfirumsjón með fjárflygum deildarinnar sem er sala á SÁÁ-álfinum að vori og friðarkertum Hjúlpstarfs kirkjunnar fyrir jól. Iðkendur hafa verið ötulir við sölu undanfarin ár og gekk salan ágætlega á árinu.

Fulltrúar deildarinnar sækja fundi Fimleikasambands Íslands, ársþing Héraðssambandsins Skarphéðins og aðalfund Umf. Selfoss. Þá sækir formaður fundi aðalstjórnar Umf. Selfoss sem haldnir eru mánaðarlega.

### Fréttir af starfi deildarinnar

Vefur ungmennafélagsins hefur í auknu mæli verið vettvangur fréttar af starfi deildarinnar og hefur Olga Bjarnadóttir, yfirþjálfari deildarinnar haft veg og vanda að fréttaskrifum deildarinnar.

### Foreldraráð

Hlutverk foreldraráðanna er að standa vörð um hagsmuni iðkenda, efla samskipti milli foreldra annars vegar og stjórnar deildarinnar og þjálfara hins vegar, stuðla að vellíðan iðkenda í leik og starfi, stuðla að betri árangri, standa að

baki iðkendum við fjáraflanir og hafa áhrif á starf iðkenda og aðbúnað.

Foreldraráðin hafa verið mjög virk og staðið vel við bakið á hópnum t.d. við fjáraflanir vegna utanlandsferða og hefur hugmyndaflug og dugnaður foreldranna verið óþrjótandi. Á síðast liðnu ári var ekki mikið um utanlandsferðir en engu að síður var í mjög mörgu að snúast hjá foreldraráðum.

Þá hafa foreldrar iðkenda einnig verið afar duglegir við að aðstoða við flutninga áhalda vegna móta en fyrir hvert mót þarf að flytja öll áhöld á milli íþróttahúsa þar sem ekki er hægt að halda mót í Baulu þar sem æfingaaðstaða deildarinnar er. Foreldraráðin hafa starfað í mjög góðu samstarfi við stjórn og þjálfara deildarinnar og fylgjast með faglegu starfi innan deildarinnar.

### Iðkendur og æfingar

Síðasta ár var fyrsta heila árið sem æfingar deildarinnar hafa verið í Baulu, íþróttahúsi Sunnulækjarskóla. Íþróttahús Sunnulækjarskóla er byggt með æfingaaðstöðu fyrir fimleika í huga. Salurinn er vel búinn áhöldum sem að hluta til geta staðið uppi milli æfinga. Þessi nýja aðstaða gjörbreytti aðstöðu deildarinnar og hefur án efa átt stóran hluta í þeirri miklu framþróun sem fimleikar á Selfossi eru í.

Heildaræfingatími hópa á viku er mismunandi, frá einni klukkustund á viku upp í tíu klukkustundir eftir aldri og getu. Iðkendur á síðasta ári voru 385 sem er nánast sami iðkenda fjöldi og árið áður. Sem betur fer hefur ekki orðið fækkun í deildinni þrátt fyrir erfitt ástand í þjóðfélaginu en sú hættu vofir þó enn yfir barna- og unglingastarfi íþróttafélaga landsins.

Alls er æft í 26 hópum. Tíu hópar eru blandaðir að kynjum. Tveir hópar eru fyrir 5 ára börn og einn hópur fyrir 4 ára börn á haustönn. Keppnishópar eru 11-13 þar af eru 9 hópar sem keppa mikið en aðrir minna. Þjálfarar sem störf-

# Fimleikadeild



uðu hjá deildinni á síðasta ári voru alls 22 og fækkaði þeim umtalsvert á milli ára.

Þrátt fyrir erfiðleika í rekstri deildarinnar var ákveðið að hækka ekki æfingagjöldin. Þó var gerð sú breyting að mótagjöld sem hafa verið innifalin í æfingargjöldum undanfarin ár voru tekin út og eru nú greidd sérstaklega. Þessi breyting veldur í raun hækkun æfingagjalda hjá þeim iðkendum sem sækja mót, en hefur ekki áhrif á æfingagjöld yngstu iðkenna. Systkinaafsláttur hélst óbreyttur á milli ára.

## Íþróttaskólinn

Fimleikadeildin starfrækti „Íþróttaskólann“ bæði að vori og hausti árið 2009 eins og undanfarin ár. Skólinn, sem er fyrir 2-4 ára börn, er undir stjórn Guðrúnar Hrafnhildar Klemenzdóttur íþróttakennara og þjálfara og Steinunnar H. Eggertsdóttur kennara og þjálfara. Aðsókn að skólanum hefur verið mjög mikil og var hann rekinn í þremur hópum á hvorri önn. Þetta framtak deildarinnar hefur mælst einkar vel fyrir hjá foreldrum og börnum. Nemendur í íþróttaskólanum hafa líka skilað sér vel inn á æfingar þegar þeir hafa aldur til.

## Mót og aðrir viðburðir

Auk æfinga taka iðkendur deildarinnar þátt í fjölmörgum mótum á ári hverju og síðasta ár var engin undantekning að því leyti. Fjallað er sérstaklega um þátttöku og árangur iðkenda á mótum árið 2009 í sérstakri samantekt.

Héraðsmót HSK í fimleikum var haldið þann 3. maí 2009. Fimleikadeild Umf. Selfoss annaðist mótið og var þátttaka góð og sýnilega mikil gróska í fimleikum á sambandssvæði Skarphéðins. Umf. Selfoss varð stigahæsta félag HSK í fimleikum á árinu.

Minningamót var haldið 9. maí í lðu og gekk mótið vel að vanda. Á minningarmótinu er hefð fyrir því að veita viðurkenningar til einstaklinga fyrir framfarir, mætingar o.fl. Efnilegasti unglingurinn var valin Eva Grímsdóttir og félagi ársins var Unnur Þórisdóttir. Íris Ósk Erlingsdóttir fékk viðurkenningu fyrir framfarir og ástundun.

## Æfingabúðir HM1

Seinnihluta ágúst mánaðar héldu stúlkurnar í HM1, ásamt þremur þjálfurum, til Ítalíu og dvöldu þar í viku við æfingar. Aðstæður á staðnum voru mjög góðar og var ferðin í alla staði mjög vel heppnuð.

## Heimsókn frá Danmörku

Síðastliðið haust kom tæplega fimmtíu manna fimleikahópur frá Danmörku til æfinga hingað á Selfoss. Hópurinn samanstóð af krökkum af ýmsum aldri og af misjafnri getu. Fimleikadeildin ásamt Guðrúnu Ástu Garðarsdóttur sáu um skipulagningu heimsóknarinnar. Hópurinn dvaldi í góðu yfirlæti á Selfossi í viku en ferðaðist á þeim tíma um Suðurland og Reykjanes og hélt sýningar á milli skoðunarferða.

## Jólasýning

Jólasýning var haldin 12. desember. Eins og undanfarin ár skipuðu þjálfarar deildarinnar jólasýningarnefnd og var þemað að þessu sinni Strumpajól. Allir iðkendur tóku þátt í sýningunni ásamt þjálfurum sínum og er óhætt að segja að sýningin hafi slegið í gegn hjá áhorfendum. Guðfinna Gunnarsdóttir var sögumaður í ævintýrinu. Haldnar voru tvær sýningar kl. 10:30 og 12:30, báðar fyrir fullu húsi, við frábærar undirtektir. Allir iðkendur deildarinnar fengu að gjöf lítinn strump til minningar um sýninguna frá Barnasmíðjunni. Á milli sýninga seldu meistarahópar HM1 og HM2 súpu og brauð. Þetta skapaði góða kaffihúsastemningu og mæltist vel fyrir hjá gestum.

## Fimleikamaður ársins

Á jólasýningunni var fimleikamaður ársins tilnefndur. Fimleikamaður ársins 2009 er Raket Nathalie Kristinsdóttir. Raket Nathalie á langan feril að baki með liði Selfoss. Hún er fastamaður og máttarstólpi í meistaraflokksliði Umf. Selfoss í hóp fimleikum og mikil íþróttakona. Hún er traustur liðsmaður og sýnir gott fordæmi í æfingasal sem og utan hans. Raket á lögheimili í Rangárvallasýslu, en þrátt fyrir það missir hún varla úr æfingu. Hún stundar nám við FSU og er í fimleikaakademíunni. Raket á stóran þátt í velgengi Selfoss-liðsins síðastliðið ár þar sem hún stekkur í öllum umferðum á dýnu og trampólíni á mótum og er góður dansari. Hún er sífellt að bæta við sig í erfiðleika í stökkum og er óhrædd við að prófa ný, erfiðari stökk. Síðasta ár hefur hún sýnt miklar framfarir og stimplað sig inn í hóp bestu fimleikakvenna í hóp fimleikum á Íslandi svo eftir er tekið. Í lok árs lenti Raket Nathalie í öðru sæti í kjöri íþróttakonu Sveitarfélagsins Árborgar.



## Menntun þjálfara og dómara

Fimleikadeild Umf. Selfoss hefur á að skipa öflugum og vel menntuðum þjálfurum sem hafa verið duglegir við að bæta við sig menntun.

## Þjálfarar deildarinnar 2009

*Yfirþjálfari:* Olga Bjarnadóttir  
 Anna Guðrún Steinsdórsdóttir  
 Anna Hlín Sverrisdóttir  
 Auður Ingimundardóttir  
 Bergþóra Kristín Ingvarsdóttir  
 Dagbjört Sævarsdóttir  
 Eva Þórisdóttir  
 Harpa María Grétarsdóttir  
 Íris Ósk Erlingsdóttir  
 Jóhanna Runólfssdóttir  
 Kristín Magnúsdóttir  
 Laufey Ósk Magnúsdóttir  
 Linda Ósk Þorvaldsdóttir  
 Lovísa Dagmar Guðfinnsdóttir  
 Margrét Valgeirsdóttir  
 Ólöf Sif Ólafsdóttir  
 Sally Ann Vokes  
 Sigríður Ósk Harðardóttir  
 Steinunn H. Eggertsdóttir  
 Tanja Birgisdóttir  
 Unnur Þórisdóttir  
 Sigrún Ýr Magnúsdóttir  
*Umsjón með íþróttaskóla:*  
 Guðrún Hrafnhildur Klemenzdóttir  
 Steinunn H. Eggertsdóttir

Íþróttakennari  
 Íþróttafraeðingur  
 þjálfari  
 aðstoðarþjálfari  
 þjálfari  
 aðstoðarþjálfari  
 aðstoðarþjálfari  
 dansþjálfari  
 aðstoðarþjálfari  
 þjálfari  
 þjálfari  
 þjálfari  
 aðstoðarþjálfari  
 þjálfari  
 þjálfari  
 þjálfari  
 þjálfari  
 kennari  
 þjálfari  
 aðstoðarþjálfari  
 danskennari  
 Íþróttakennari  
 grunnskólakennari

Stjórnin færir öllum þjálfurum deildarinnar bestu þakkir fyrir gott og óeigingjarnt starf á árinu.

## Fimleikaakademía

Þann 8. maí 2008 var skrifað undir samning við sveitarfélagið Árborg um rekstur fimleikaakademíu við FSu.

Samningur við FSu var síðan undirritaður þann 15. ágúst. Fimleikaakademían fór af stað í lok ágúst með 18 nemendum. Í fimleikaakademíunni, sem er sú fyrsta sinnar tegundar héraendis, er lögð áhersla á að nemendur vikki skilning sinn á fimleikum sem íþrótt, jafnframt sem þeir eru studdir í námi. Mikil áhersla er lögð á reglusemi nemenda og góða ástundun íþróttar og skóla. Olga Bjarnadóttir hefur yfirumsjón með akademíunni.

## Áhaldakaup og félagsbolir

Áhaldakaup voru í algeru lágmarki á árinu enda stutt síðan deildin flutti í nýtt og fullbúið íþróttahús Sunnulaekjarskóla. Engu að síður er svo komið að huga þarf að endurnýjun ákveðinna áhaldna eins og til dæmis hlauprennings. Sölu félagsbúninga var haldið áfram á árinu. Iðkendur hafa verið mjög duglegir að nota félagsbolinn og setur það skemmtilegan svip á æfingar og mót.

## Frábær árangur

Iðkendum í fimleikum hefur fjölgað jafnt og þétt síðustu ár og oft er þétt setinn bekkurinn á æfingum. Með bættri æfingaaðstöðu hefur árangur æfinga aukist til muna. Hér á eftir má sjá samantekt á árangri hópanna á þeim mótum síðasta árs. Eins og sjá má er fimleikafólk á Selfossi í fremstu röð, sama hvort skoðaður er árangur meistarahóps deildarinnar eða árangur yngri iðkenda. Þennan árangur má þakka öflugu starfi óeigingjarna þjálfara, áhugasömum og duglegum iðkendum, auk áhugasamra foreldra sem styðja við bakið á börnum sínum.

# Fimleikadeild

## Úrslit – samantekt 2009

### Reykjavík International 17. janúar

#### Teamgym

Selfoss HM2 3. sæti 18,7 stig

### Unglingamót 21.–22. febrúar

#### Teamgym 13-18 ára

Selfoss HM1 1. sæti 23,95 stig

Íslandsmeistari unglunga

Selfoss HM2 3. sæti 20,85 stig

#### Teamgym 11-15 ára

Selfoss HM3 1. sæti 20,40 stig

#### Landsreglur 1. deild

##### 5. flokkur 9-12 ára

Selfoss HL4 1. sæti 20,85 stig

##### 3. flokkur 15 ára og eldri

Selfoss HL3 1. sæti 20,10 stig

### Byrjendamót Þórs Þorlákshöfn

#### 15. mars

Selfoss HB1 3. sæti 21,95 stig

### Bikarmót 7. mars

#### Úrvalsdeild Teamgym

##### 2. flokkur 11-15 ára

Selfoss HM3 2. sæti 20,60 stig

##### 1. flokkur 13-18 ára

Selfoss HM2 1. sæti 21,40 stig

#### Meistaraflokkur 16 ára og eldri

Selfoss HM1 2. sæti 24,45 stig

### HSK-mót 28. mars

#### Teamgym

Selfoss HM2 1. sæti 23,10 stig

Selfoss HM3 2. sæti 21,40 stig

#### Landsreglur

##### 3. flokkur

Selfoss HL3 1. sæti 21,55 stig

##### 4. flokkur

Selfoss HL1 2. sæti 17,65 stig

##### 5. flokkur

Selfoss HL4 1. sæti 22,50 stig

Selfoss HL9 2. sæti 20,25 stig

Selfoss HL5 3. sæti 20,00 stig

Selfoss HL10 4. sæti 19,20 stig

Selfoss HL7 5. sæti 19,15 stig

Selfoss HL11 6. sæti 17,65 stig

### Garpamót Gerplu 17. apríl

#### Landsreglur 5. flokkur

Selfoss HL5 2. sæti

Selfoss HL9 3. sæti

### Íslandsmót landsreglur

#### Úrslit Landsreglur (ekki aldurskipt)

Selfoss HL4 1. s. trampólín 7,45 stig

Íslandsmeistarar

#### Íslandsmót úrslit á einstökum

##### áhöldum

Selfoss HM1 3. sæti gólf 8,9 stig

Selfoss HM1 2. s. trampólín 7,8 stig

Selfoss HM1 3. sæti dýna 7,6 stig

#### Íslandsmót úrslit í fjölþraut

Selfoss HM1 2. sæti 25,15 stig



### Minningarmót 9. maí

#### Teamgym

Selfoss HM1 1. sæti

Selfoss HM2 2. sæti

Selfoss HM3 3. sæti

#### Landsreglur 11 ára og yngri

Selfoss HL9 1. sæti

Selfoss HL7 2. sæti

Selfoss HL10 3. sæti

#### Landsreglur 12 ára og eldri

Selfoss HL4 1. sæti

Selfoss HL3 2. sæti

Selfoss HL5 3. sæti

### Vormót 16. maí

#### Landsreglur

##### 5. flokkur 9-12 ára

Selfoss HL4 1. s. trampólín 7,2 stig

Selfoss HL4 1. sæti dýna 6,7 stig

Selfoss HL4 2. sæti gólf 7,5 stig

Selfoss HL4 1. s. samanlagt 21,40 st

Selfoss HL10 3. s. trampólín 6,7 stig

##### 3. flokkur 15 ára og eldri

Selfoss HL3 1. sæti gólf 7,2 stig

Selfoss HL3 3. sæti tramp 6,9 stig

Selfoss HL3 2. s. samanlagt 20,10 st

### Deildarmeistarartitlar 2009

#### Úrvalsdeild

##### 1. flokkur 13-18 ára

Selfoss HM2 Deildarmeistarar

##### 2. flokkur 11-15 ára

Selfoss HM3 Deildarmeistarar

##### 1. deild

##### 5. flokkur 9-12 ára

Selfoss HL4 Deildarmeistarar

### Haustmót 14.–15. nóvember

#### 1. deild

##### 5. flokkur 9-12 ára stúlkur

Selfoss HL5 4. sæti 19,65 stig

##### 5. flokkur 9-12 ára

##### strákar/blönduð lið

Selfoss HL4 1. sæti 19,05 stig

##### 4. flokkur 12-14 ára

Selfoss HL2 3. sæti 19,95 stig

##### 3. flokkur 15 ára og eldri

Selfoss HL1 2. sæti 20,55 stig

### Úrvalsdeild

#### Meistaraflokkur

Selfoss HM1 1. sæti 46,75 stig

##### 1. flokkur

Selfoss juniorar 2. sæti 43,90 stig

##### 2. flokkur

Selfoss HM2 3. sæti 39,65 stig

Selfoss HM3 4. sæti 38,40 stig

SelfossHM4 7. sæti 36,45 stig

### Meistaramót í almennum

#### fimleikum 29. nóvember

##### Stúlkur

##### 1. þrep

Ásta Petrea Hannesdóttir

Íslandsmeistari 36,9 stig

##### 2. þrep

Katrín Jóna Guðjónsdóttir

4. sæti 35,5 stig

##### 3. þrep

Elísa Dagmar Björgvinsdóttir

Íslandsmeistari 35,6 stig

Nadía Björt Hafsteinsdóttir

3. sæti 35,35 stig

##### 4. þrep

Arna Björg Gunnarsdóttir

Íslandsmeistari 35,95 stig

##### 5. þrep

Eva Grímsdóttir

Íslandsmeistari 37,0 stig

##### Drengir

##### 1. þrep

Ævar Elí Bjarnason

Íslandsmeistari 35,6 stig

##### 2. þrep

Eysteinn Máni Oddsson

Íslandsmeistari 33,95 stig

Haraldur Gíslason

2. sæti 33,0 stig

Ríkhart Atli Oddsson

3. sæti 32,6 stig

Konráð Oddgeir Jóhannsson

4. sæti 31,8 stig

##### 3. þrep

Ægir Atlason

Íslandsmeistari 34,7 stig



*Formannspistill fluttur á aðalfundi frjálsíþróttadeildar  
21. mars 2010*

Að flytja pistil formanns frjálsíþróttadeildar Umf. Selfoss, er hlutur sem ég geri núna í 13. skipti. Já, tíminn flýgur, er stundum sagt, og má með sanni segja það þegar ég rifja upp aðkomu mína að starfi frjálsíþróttadeildarinnar á sínum tíma. Ef ég man rétt að þá var það Óskar Reykdalsson sem hafði samband við mig á sínum tíma, þegar hann hætti sem formaður og fékk mig til þess að taka að mér formennsku í deildinni. Og síðan eru liðin mörg ár. En ekki bara að það séu liðin mörg ár, heldur eru liðin mörg skemmtileg ár í starfi fyrir deildina.

Á þessum árum öllum hefur margt breyst og starf deildarinnar eflst með hverju árinu sem líður. En alltaf hefur þetta samt verið sama starfið í grunninn, þ.e. að taka á móti börnum og unglingum í íþróttastarf og styðja þau í gegnum leik og starf, með það að markmiði að þau verði betri einstaklingar, hvort heldur stefnt er á afreksmennsku í íþróttum eða góða hreyfingu og góðan félagskapp. Einnig er það svo merkilegt að frjálsíþróttastarfið virðist ganga í erfðir, því að margt af því fólki sem er harðasti kjarninn í starfinu í dag, er fólk sem byrjaði sem krakkar í frjálsum, átti foreldra í félagsstarfinu og er nú fullorðin fólk, komið í félagsstarfið og á krakka sem æfa frjálssar og eru margir hverjir orðnir afreksmenn í íþróttinni.

Ég held að ég fari ekki með neina vitleysu þegar ég fullyrði að það eru mörg ár síðan jafn mörg börn og unglingar hafa stundað æfingar hjá deildinni. Er það ánægjulegt og sýnir að starf deildarinnar er gott og ekki síst þjálfunin og þjálfararnir. Og loks eru önnur félög innan HSK að átta sig á starfi okkar og hefur nokkur fjöldi frá öðrum félögum sótt æfingar hjá okkur á undanförunum mánuðum.

Eins og öll þessi ár eigum við okkar föstu fjáraflanir sem halda starfi deildarinnar uppi að stórum hluta. Er ég þar

að tala um Brúarhlaupið, 17. júní kaffisöluna og bingóin. Ekki síst á þessum þrengingartímum verðum við að standa vörð um þessi verkefni sem skipta okkur svona miklu máli. Einnig skiptir okkur verulega miklu máli stuðningur Sveitarfélagsins Árborgar með viðurkenningu á starfi okkar sem Fyrirmyndardeild ÍSÍ, en á hverju ári fáum við veglegan stuðning frá því, út á þessa nafnbót. Einnig eigum við margan góðan velgjörðarmanninn og á sl. ári gaf heiðursfélagi deildarinnar, Hafsteinn Þorvaldsson, deildinni 100.000,- kr til minningar um konu sína Ragnhildi Ingvarsdóttur, sem hefði orðið 80 ára á sl. ári, en hún lést árið 2006. Við færum Hafsteini kærar þakkir fyrir stuðninginn við deildina.

Eins og við höfum beðið lengi eftir nýjum frjálsíþróttavelli að þá var stór áfangi stíginn í fyrra þegar allri jarðvinnu var lokið við hann. Og núna er komið að næsta skrefi þar sem fljótlega eftir páska verður boðinn út næsti áfangi við hann, sem er malbikun og lagning gerfiefnis á hlaupa- og stökkbrautir. Ef allt gengur eftir verður vonandi hægt að fara að æfa á vellinum um mitt sumar. Þessu ber að fagna, enda styttest í Landsmótið árið 2013 og einnig hefur Árborg óskað eftir því við HSK að sótt verði um Unglingalandsmót árið 2012, með Selfoss sem mótsstað. Þannig að það eru næg verkefni framundan ef við fáum mótið árið 2012.

Að lokum vil ég þakka öllum þeim sem komu að starfi deildarinnar á sl. ári, með einum eða öðrum hætti, stjórnarmönnum, þjálfurum, keppendum og ekki síst öllum foreldrum og forráðamönnum sem lagt hafa hönd á plóginn í starfsemi deildarinnar. Sérstaklega vil ég þakka Sólveigu Söru Samúelsdóttur fyrir samstarfið, en hún hverfur nú úr stjórn sem fulltrúi iðkenda.

*Helgi Sigurður Haraldsson, formaður.*

# Frjálsíþróttadeild



## Sumarið 2009 – Meistaraflokkur Umf. Selfoss

Sumarið 2009 var mjög gott íþróttalega hjá frjálsíþróttadeild Umf. Selfoss, héraðsmet voru slegin, öll HSK mótin unnust og iðkendur deildarinnar urðu Íslands-, bikar- og landsmótsmeistarar. Þessi árangur náðist þrátt fyrir það að fram í miðjan júlí var engin aðstaða til frjálsíþróttaiðkunar á Selfossi. Heldur rættist úr aðstöðuleysinu þegar um 70 m langur tartan renningur, langstökksgryfja og kúluvarpshringur voru sett niður við hlið gervigrasvallarins. Iðkendur deildarinnar voru mjög duglegir að sækja æfingar bæði á Laugarvatn og Þorlákshöfn og er það þessi óþreytandi dugnaður iðkenda sem gerði gæfumuninn í sumar og iðkendur uppskáru svo sannarlega eins og þeir sáðu til.

Fyrsta mót sumarsins var Héraðsmót HSK sem haldið var 23.-24. júní á Laugarvatni. Fjola Signý Hannesdóttir vann það frábæra afrek að vera sexfaldur HSK-meistari, Þórhildur Helga Guðjónsdóttir varð tvöfaldur meistari og þær Sif Árnadóttir og Anna Pálsdóttir unnu sinn hvorn héraðstitilinn. Lið Umf. Selfoss sigraði í stigakeppni mótsins eftir æsispennandi keppni við Laugdæli.

Meistaramót Íslands fór fram í Kópavoginum í byrjun júlí og sendi frjálsíþróttadeildin nokkra öfluga keppendur til leiks. Ágústa Tryggvadóttir var iðin við kolann að venju, vann 4 verðlaun og sýndi og sannaði enn einu sinni hversu fjölbær hún er. Hún hlaut silfurverðlaun í hástökki og þrístökki og bronsverðlaun fyrir 100m grindahlaup og kúluvarp. Fjola Signý uppskar ein silfurverðlaun á mótinu er hún kom önnur í mark í 400m grindahlaupi.

26. Landsmót UMFÍ fór fram á Akureyri við bestu aðstæður á glæsilegum nýjum íþróttaleikvangi. Mótið var í alla staði mjög vel heppnað. Akureyri er frábær staður til að halda landsmót á, allt innan seilingar og ekta landsmótsstemning myndaðist. Keppendur komu saman á kvöldin í HSK tjaldinu þar sem farið var yfir árangur dagsins og keppendum klappað lof í lófa. Fjola Signý Hannesdóttir kom sá og sigraði í tveimur greinum með stórbætingum. Hún toppaði svo sannarlega á réttum tíma. Gullverðlaun voru hengd um háls Fjólu Signýjar fyrir bæði grindahlaupin, þ.e. 100m og 400m. Ágústu Tryggvadóttur tókst ekki að sigra í neinni grein, en alls vann hún til 5 einstaklingsverðlauna og fékk þar að auki bikar fyrir það að vera stíga-hæsta kona frjálsíþróttakeppinnar. Hún hlaut silfurverð-

laun fyrir hástökk og þrístökk og bronsverðlaun fyrir 100m grindahlaup, langstökk og kúluvarp. Aðrir keppendur deildarinnar stóðu sig með mikilli þryði og eiga eflaust eftir að standa á verðlaunapalli á Landsmótinu sem verður haldið á Selfossi 2013.

Unglingamót HSK var með breyttu sniði í ár, búið að taka út fjölda greina og mótið því einungis haldið á einu kvöldi í stað tveggja áður. Þessar breytingar mæltust vel fyrir meðal keppenda. Þrír keppendur deildarinnar, þær Þórhildur Helga, Anna og Fjola Signý urðu tvöfaldir meistarar og Eva og Guðmundur Kristinn unnu hvort um sig eina grein. Frjálsíþróttadeild Selfoss sigraði í stigakeppninni eftir skemmtilega keppni við Vöku.

Unglingalandsmótið var haldið um Verslunarmannahelgina að venju. Að þessu sinni skunduðu einungis 2 íþróttamenn meistaraflokks á Sauðárkrók, þær Þórhildur Helga og Eva. Þær stóllur stóðu sig frábærlega og urðu Unglingalandsmótsmeistarar, Þórhildur í 100m og 800m hlaupi og Eva í kúluvarpi.

Bikarkeppni FRÍ fór fram 7.-8. ágúst á Laugardalsvelli. Í liði HSK voru nokkrir öflugir keppendur frá frjálsíþróttadeild Selfoss sem stóðu sig mjög vel og höluðu inn dýrmæt stig. Ágústa Tryggvadóttir varð bikarmeistari í hástökki og náði auk þess á verðlaunapall í þremur öðrum greinum. Fjola Signý varð í öðru sæti í báðum grindahlaupunum. Aðrir keppendur deildarinnar stóðu sig mjög vel þrátt fyrir að hafa ekki náð á verðlaunapallinn.

Lokamót sumarsins var síðan Unglingameistaramót Íslands. Að þessu sinni var það haldið í Kópavoginum og var því stutt að fara fyrir keppendur frjálsíþróttadeildar. Þórhildur Helga náði þeim frábæra árangri að verða þrefaldur Íslandsmeistari og krækja sér í ein silfurverðlaun að auki. Fjola Signý vann ein gullverðlaun, ein silfurverðlaun og tvenn bronsverðlaun. Sannarlega atkvæðamiklar þessar tvær efnilegu frjálsíþróttakonur. Sólveig Sara stökk til silfurverðlauna í langstökki og Anna kastaði spjótinu einnig til silfurverðlauna. Að lokum kastaði Dagur Fannar sleggjunn til bronsverðlauna.

Þjálfarar sumarsins voru þeir Albert Þór Magnússon, Sigurður Einarsson og Sigríður Anna Guðjónsdóttir. Æfingahópur sumarsins samanstóð af um 15 einstaklingum.

*Áfram Selfoss!*

*Sigríður Anna Guðjónsdóttir, yfirþjálfari.*



## Sumarstarf 11-14 ára 2009

Þjálfari hjá þessum flokki á árinu var Þuríður Ingvarsdóttir. Æfingar voru þrisvar í viku, einn og hálfan tíma í senn. Nokkrir krakkar bættust í hópinn á árinu og er þetta nú orðinn þéttur og góður hópur sem á eftir að ná verulega góðum árangri ef þau halda áfram að æfa vel.

Í febrúar var keppt á Aldurflokkamóti HSK á Laugarvatni. Þar fór Selfoss með sigur af hólmi, vann stiga-keppnina með 10 stigum og krakkarnir unnu marga titla og voru oft á palli. Um mánaðamótin febrúar-mars var Meistaramót Íslands. Þar stóðu okkar krakkar sig mjög vel, unnu nokkra titla og voru oft á verðlaunapalli.

Í sumar var æft af kappi og fórum við á fjölmörg mót. Nokkrir krakkar fóru á Vormót Fjölnis á Laugardalsvellingum í byrjun júní. Um miðjan júní fórum við á Gogga galvaska og þar byrjuðu margir á að bæta sinn árangur. Í lok júní var svo Aldurflokkamót HSK í Þorlákshöfn. Þar enduðum við því miður í öðru sæti enda vantaði lykilmenn í frekar fámennt lið okkar. Þar áttum við þó besta afrek mótsins hjá stelpunum. Margir krakkar frá okkur fóru á Unglingalandsmótið á Sauðárkróki um Verslunarmannahelgina og náðu þar í nokkra titla og mörg verðlaun. Um miðjan ágúst var svo síðasta mót sumarsins, Meistaramót Íslands og það var á Laugum. 13 ára stelpurnar urðu Íslandsmeistarar og margir titlar, verðlaun og bætingar litu dagsins ljós þessa helgina. Þess ber þó að geta að nokkrir einstaklingar úr hópnum kepptu á Héraðsmóti fullorðinna og á Landsmóti UMFÍ á Akureyri þrátt fyrir ungan aldur.

Í haust hafa æfingar gengið alveg frábærlega, hópurnir stækkaði um helming og fullt af efnilegum krökkum eru byrjaðir að æfa. Sérstaklega er ánægjulegt hvað margir strákar bættust við. Nú er bara að halda áfram að æfa af krafti til að slá ný met á næsta ári.

Viðurkenningu fyrir bestu mætingu sumarið 2009 fær Teitur Örn Einarsson, en hann mætti á flestar æfingar. Greinilegt var að mikið er að gera hjá krökkunum í hópnum og misstu þau mörg af þó nokkrum æfingum.

## Æfingar hjá 10 ára og yngri sumarið 2009

Veturinn endaði og sumarið byrjaði með grilli sem haldið var í maí. Þá var tveimur yngstu hópnum boðið að koma í grill sem haldið var á íþróttavellingum, við Tíbrá.

Sumarið 2009 voru æfingar tvisvar í viku allan júní, júlí

og mest allan ágúst. Mótin sem krakkarnir kepptu á voru Goggi galvaski, HSK-mót og Selfossmót. Mest mættu 15 krakkar á eina æfingu yfir sumarið. Fyrst höfðum við enga aðstöðu, en við létum það ekki stoppa okkur heldur tókum áhöld og fórum yfirleitt á tjaldsvæðið eða grýlupottasvæðið. Þar gerðum við ýmsar og ólíkar þrutarbrautir og óhefðbundin boðhlaup. Auk þess gerðum við frjálsíþróttæfingar á grasinu. Einnig gátum við farið annan daginn inn í lðu ef við vildum. Þegar líða tók á sumarið var sett upp tartan renningur með langstökksgryfju í endann. Þá var kátt í höllinni og var þessi litla aðstaða notuð vel. Sumarið í heild var skemmtilegt, nýjir krakkar komu prófuðu að æfa, krakkarnir lærðu nýja leiki, tækniatriði og grein. Sumrinu lauk síðan með Selfossmótinu sem haldið var seinnipartinn í ágústmánuði. Eftir mótið var litið yfir myndir af mótunum sem keppt hafði verið í um sumarið og borðaður gómsætur ís. Bestu mætinguna yfir sumarið var Harpa Svansdóttir með.

*Fjóla Signý Hannesdóttir þjálfari.*

## Framfarabikar 14 ára og yngri 2009

Andrea Vígðís Victorsdóttir sýndi mestar framfarir á árinu 2009. Hún hefur æft mjög vel og bætt sig jafnt og þétt í öllum greinum. Á innanhústímabilinu í fyrra varð hún HSK-meistari í hástökki og langstökki án atrennu og önnur í kúluvarpi. Í sumar var hún 3. í 800m hlaupi á MÍ, 2. í 600m hlaupi á Unglingalandsmótinu og 3. í spjótí. Andrea Vígðís keppti ekki á Héraðsmótinu í sumar þar sem hún var að keppa á Gautaborgarleikunum í Sviðþjóð þar sem hún stóð sig mjög vel.

Framfarir Andreu Vígðísar á árinu:

Grein	2008	2009
60 m	9,91 sek	9,21 sek
800 m	2:56,21 mín	2:41,07 mín
Langstökk	3,47 m	4,26 m
Hástökk	1,25 m	1,35 m
Kúluvarp	6,84 m	8,58 m
Spjót kast	16,36 m	22,99 m

Framfarir hjá yngri hópnum voru almennt mjög miklar og erfitt að velja einn úr, frábær árangur hjá Andreu Vígðís og vonandi heldur hún áfram á sömu braut.

# Frjálsíþróttadeild



## Afreksmaður 14 ára og yngri 2009

Thelma Björk Einarsdóttir er afreksmaður deildarinnar hjá 14 ára og yngri árið 2009. Hún náði mjög góðum árangri á árinu í mörgum greinum, en hennar sterkustu greinar eru kastgreinarnar. Bestu árangur hennar á árinu var í spjótkesti en hún kastaði lengst 34,55 m og fékk fyrir það 963 stig samkvæmt stigatöflu FRÍ. Hún fékk einnig yfir 900 stig, í kúluvarpi og hástökki.

Thelma Björk vann marga meistaratitla á árinu. Innanhúss varð hún HSK-meistari í hástökki, kúluvarpi og þrístökki án atrennu, Íslandsmeistari í kúluvarpi og í þriðja sæti í hástökki. Í sumar varð hún HSK-meistari í kúluvarpi, spjótkesti og hástökki og varð þriðja í langstökki. Hún varð einnig í sumar Íslandsmeistari í kúluvarpi og spjótkesti og þriðja í hástökki. Á Unglingalandsmótinu vann hún einnig kúluvarp og spjótkest. Þetta er frábær árangur hjá Thelmu Björk og verður spennandi að fylgjast með henni á næsta ári.

## Afreksmaður meistaraflokks árið 2009

Á árinu 2009 náði Ágústa Tryggvadóttir glæsilegum árangri á frjálsíþróttavellinum. Hún stundaði æfingar af miklu kappi allt árið og uppskar svo sannarlega glæsilega. Ágústa bætti sinn besta árangur í 8 greinum utanhúss og í 7 greinum innahúss. Hún varð Íslandsmeistari innanhúss í hástökki og fimmtarpraut. Utanhúss varð hún Íslandsmeistari í sjöpraut og bikarmeistari í hástökki. Alls vann hún til 20 verðlauna á þeim 5 stærstu mótum sem haldin eru hér árlega og sýnir það vel hversu fjölhæf hún er. Á Landsmóti UMFÍ vann hún til verðlauna í öllum þeim 5 greinum sem hún keppti í og hlaut að auki verðlaun fyrir það afrek að vera stigahæsta kona Landsmótsins. Ágústa setti alls 4 HSK- og Selfossmet á árinu og var valin í landslið Íslands. Á Smáþjóðaleikunum sem haldnir voru á Kýpur vann hún til bronsverðlauna ásamt sveit Íslands í 4x400m boðhlaupi, hún náði 4. sæti í hástökki með því

að stökkva 1,72 m sem er 9. besta stökk íslenskrar konu frá upphafi. Í kúluvarpi kastaði hún til 4. sætis og að lokum varð hún í 5. sæti í þrístökki. Á Evrópubikarkeppni landsliða sem haldnir voru í Sarajevo náði hún þeim glæsilega árangri að lenda í 3.-4. sæti í hástökki þegar hún flaug yfir 1,68 m. Ágústa hlotnaðist sá heiður á árinu að fá keppnisrétt á alþjóðlegu fjölþrautarmóti sem haldið er í Kladno árlega og þar keppti hún í sjöpraut með ágætis árangri. Á afrekslista sumarsins hjá Frjálsíþróttasambandi Íslands er Ágústa í öðru sæti í hástökki, þrístökki og sjöpraut og á afrekslista vetrarins er Ágústa í fyrsta sæti í fimmtarpraut, langstökki án atrennu og þrístökki án atrennu og í öðru sæti í hástökki og þrístökki. Ágústa hefur verið valin í landsliðshóp Íslands árið 2010. Ágústa hefur alla tíð verið góð fyrirmynd yngri kynslóðarinnar í frjálsíþróttum og er hún þjálfari hjá frjálsíþróttadeild Umf. Selfoss og gefur sig í það starf af heilum hug.

## Framfarabikar meistaraflokks árið 2009

Í þetta sinn varð fyrir valinu sjöprautarkonan Fjóra Signý Hannesdóttir. Fjóra Signý stimplaði sig inn í sumar sem ein besta frjálsíþróttakona landsins. Hún átti frábært tímabil og bætti sinn persónulega árangur í öllum greinum verulega. Hún vann til margra verðlauna á árinu og uppskar ríkulega eftir að vera búin að stunda æfingar mjög samviskusamlega síðustu ár. Toppurinn á árinu hjá henni var árangur hennar á Landsmóti UMFÍ þar sem hún sigraði óvænt í tveimur greinum. Framfarir hennar voru sem hér segir:

### Utanhúss:

Grein	2008	2009
100m hlaup	14,06 sek	12,98 sek
200m hlaup	28,49 sek	27,02 sek
800m hlaup	2:37,18 mín	2:25,77 mín
100m grindahlaup	16,05 sek	14,60 sek
400m grindahlaup	72,49 sek	64,43 sek
Hástökk	1,51 m	1,65 m
Þrístökk	10,61 m	11,20 m
Kúluvarp	8,54 m	8,97 m
Spjótkest	22,86 m	23,52 m
Sjöpraut	3658 stig	4236 stig

### Innanhúss:

Grein	2008	2009
60m hlaup	8,82 sek	8,28 sek
200m hlaup	28,43 sek	26,89 sek
60m grind	9,55 sek	9,26 sek
Hástökk	1,55 m	1,65 m
Langstökk án atr	2,51 m	2,54 m
Þrístökk án atr	7,03 m	7,90 m
Fimmtarpraut	3.063 stig	3.152 stig



## Skýrsla formanns

Þegar á árinu 2006 settum við í handknattleiksdeild Umf. Selfoss okkur það skýra markmið að komast í úrvalsdeild árið 2010. Það hefur nú gengið eftir. Því má án efa þakka það uppbyggingarstarf sem verið hefur í barna og ungl-ingastarfi félagsins. Okkar aðferðir til uppbyggingar eru nú þekktar innan handboltahreyfingarinnar sem „Selfossleiðin“. Staða handboltadeildarinnar er eftirtektarverð að ýmsu leiti, iðkendum fjölgar á hverju ári, við erum með fjölmennasta 2. flokk landsins í karlaflokki og handboltaakademían okkar er sú fyrsta og besta á landinu. Auk þess er fjárhagsleg staða deildarinnar traust og skuldir engar.

Ég vil fyrir hönd stjórnar handknattleiksdeildar þakka öllum þeim fjölmörgu sem lagt hafa hönd á plóginn undanfarin ár. Einnig vil ég hvetja Selfyssinga til að taka þátt í þessari vegferð því henni lýkur aldrei og stefna okkar er að Selfoss verði þekktur handboltabær á Íslandi. Iðkendur okkar eiga að vera eftirsóttir leikmenn bæði innanlands og í atvinnumennsku erlendis.

Starfsárið 2009 gekk mjög vel. Vorið 2009 var þó erfiðasta tímabil sem undirritaður hefur upplifað síðastliðin 10 ár. Áberandi agabrot innan handboltaakademiunnar og samskiptavandamál milli einstaklinga drógu allan kraft úr mörgum leikmönnum og aðstandendum. Nokkrir iðkendur akademíunnar fengu ekki að útskrifast eftir 3 ára nám vegna agabrot, meistaraflokkur féll úr umspili um úrvalsdeildarsæti og ýmislegt fleira. Tekist var á við þessi mál af festu og reynt að leysa eftir bestu getu. Ýmsir voru ósáttir og sárir en það er eðli slíkra mála. Þó verð ég að lýsa furðu minni á því að raddir innan stjórnsýslu Árborgar heyrðust um að það borgaði sig ekki að styðja akademíur þar sem svona mörg brot á forvarnarreglum um áfengis og tóbakneyslu kæmu upp! Í mínum huga hljómaði þetta einsog að það þýddi ekki að hafa umferðarreglur þar sem svo mörg umferðarslys verða. Öllum iðkendum handboltaakademiunnar er algjörlega ljóst að hart er tekið á agabrotum. Það ánægjulega er að við erum að klára fjórða árið í rekstri akademíunnar og enn hafa í ár ekki komið upp nein brot á forvarnarreglum svo vitað sé. Þetta eru raunveruleg

verðmæti sem sveitarfélagið á og ekki síður þeir foreldrar sem eru svo heppnir að eiga iðkendur í þessu umhverfi. Til gamans má geta, ekki síst til að undirstrika þann ávinning sem handboltaakademían hefur skilað, að í 18 manna hópi 20 ára landsliðs Íslands sem tekur þátt í undankeppni Evrópumótsins þetta árið eru fjórir stákar sem hafa farið í gegnum þriggja ára nám hennar.

Í upphafi vetrar var „Ragnarsmótið“ haldið í tuttugasta sinn. Komu leikmenn meistaraflokks og aðstandendur Ragnars Hjalmtýssonar saman við leiði Ragnars í upphafi móts að venju. Þetta mót er orðið eitt það vinsælasta á landinu til undirbúnings fyrir keppnistímabilið.

Barna- og ungl-ingastarfið gekk vel þetta tímabil. Nokkur aukning varð á fjölda iðkenda og flestir flokkar voru á meðal þeirra bestu í sínum aldursflokkum. Sífelld fleiri landsmót eru haldin á Selfossi undir dyggri stjórn Einars Guðmundssonar yfirþjálfara. Einar ásamt Arnari Gunnarssyni þjálfara hafa verið vakandi og sofandi yfir framgangi deildarinnar. Þá hefur gott gengi landsliðs Íslands hjálpað til við að viðhalda áhuga allra á þessari óumdeildu þjóðaríþrótt Íslendinga.

Frekari vöxtur handboltadeildarinnar á Selfossi er erfiðleikum háður. Margir flokkar og árgangar eru farnir að æfa saman vegna plássleysis. Stefnir er að því að koma upp meistaraflokki kvenna innan 2-3 ára, en ekkert pláss er fyrir það. Vegna fjölda leikmanna væri hægt að hafa tvö lið í meistaraflokki karla, annað í úrvalsdeild og hitt í 1. deild, ef tímar væru til í íþróttahúsunum. Það er alveg hægt að taka undir orð þjálfara meistaraflokks, Sebastians Alexanderssonar, um að við eigum efnilegasta handboltafélag landsins. Sveitarfélagið Árborg á stóran hlut í íþróttahúsinu lðu ásamt FSU. Þar er bannað að nota harpix sem fylgir iðkun á þjóðaríþróttinni. Ég beini því til hlutaðeigandi að breyta þessu, við erum á Íslandi og þar reisum við íþróttahús meðal annars til að æfa og stunda handbolta.

Það eru spennandi tímar framundan hjá meistaraflokki karla í úrvalsdeild næsta tímabil. Sebastian Alexandersson þjálfari síðustu 7 ára sagði : „sjö ára vinna var undir hjá mér

# Handknattleiksdeild



í kvöld“, eftir síðasta leikinn í deildinni. Hann á mikið hrós skilið ásamt Finnþóga Grétari Sigurbjörnssyni aðstoðarþjálfara. Hugur fráfarandi stjórnar er að Sebastian fái að njóta uppskeru þessa árangurs og haldi áfram sem þjálfari meistaraflokks. Ánægjulegast er að allir leikmenn Selfoss eru uppaldir eða hafa verið árum saman við æfingar hér. Vonumst við til þess að sem flestir þeirri haldi tryggð við félagið og taki þátt í því ævintýri sem framundan er. Það er ekki auðvelt að fá utanaðkomandi leikmenn til starfa vegna fjarlægða og kostnaðar sem því fylgir. Síðan er líka spurning hvort við þurfum að leita eftir því.

Ég fyrir hönd deildarinnar vil þakka fráfarandi stjórnarmönnum og öðrum sem hætta núna störfum fyrir deildina fyrir gott starf. Einkunnarorð deildarinnar eru sem áður: „ÞAÐ ER GAMAN Í HANDBOLTA“

*Hallur Halldórsson formaður*

## Handboltaakademían 2009

Alls 29 iðkendur voru skráðir í handboltaakademíuna á skólaárinu 2009-2010 þar af útskrifast 10 í vor úr akademíunni. Þrátt fyrir erfiðan efnahag hefur tekist að halda iðkendagjaldinu niðri án þess að skerða mikið þjónustuna sem hefur verið til staðar. Þó hefur þurft að hagræða til þess að láta enda ná saman. Þannig voru t.d. engir fyrirlesarar né gestþjálfarar fengnir í vetur auk þess sem að æfingabólur voru ekki keyptir þetta árið. Í mótuneytinu voru alls á bilinu 70-80 manns í mat og voru þar iðkendur úr öllum akademíum FSu. Ljlla Hjelm gerði ekkert minna en kraftaverk í rekstri mótuneytisins þennan veturinn, en mánaðarverðið í mótuneytinu var ekki hækkað þrátt fyrir gríðarlega hækkan á aðföngum. Æfingar akademíuflokka hófust annars vegar 20. júlí hjá 2. flokki og hins vegar 10. ágúst hjá 3. flokki. Sömu þjálfarar voru með flokkana og síðustu 3 ár.

### 2. flokkur karla

Þjálfarar voru þeir Sebastian Alexandersson og Arnar Gunnarsson. Þessi flokkur var mjög fjölmennur eða 23 leikmenn og því voru tvö lið send til leiks á Íslandsmótið í vetur og þykir það einsdæmi að hafa svo marga iðkendur í þessum aldursflokki.

A-liðið var í 1. deild og enduðu þar með jafnmörg stig og Akureyri og Haukar á toppnum eftir mjög spennandi deildarkeppni. Vegna innbyrðisúrslita unduðu þeir þegar upp var staðið í 3. sæti. Í 8 liða úrslitum tapaði liðið síðan óvænt á heimavelli fyrir ÍR, en þetta var eina tap liðsins á heimavelli á árinu. Þá komst liðið einnig í undanúrslit í bikarkeppninni, en tapaði naumlega á útivelli fyrir Stjörnunni. Margir af leikmönnum A-liðsins voru einnig í stórum hlutverkum í meistaraflokki sem vann sér sæti í úrvalseildinni. Þeir Ragnar Jóhannsson og Árni Steinn Steinþórsson voru valdir í unglíngalandslið úr þessum flokki.

B-liðið var í 2. deild og enduðu þar í 3. sæti sem er frábær árangur, enda öll önnur lið deildarinnar A-lið sinna félaga. Liðið átti gott tækifæri til þess að tryggja sér 2. sætið og þar með sæti í úrslitakeppninni, en tapaði með minnsta mun á móti Gróttu á útivelli í lokaleiknum þar sem Grótta skoraði sigurmarkið úr vítakasti eftir að leiktíma lauk. Það hafði mikil áhrif á liðið að þrjú leikmenn flokksins urðu fyrir alvarlegum meiðslum og gátu því ekki lokið tímabilinu vegna þess. Ef ekki hefði komið til meiðsla þessara leikmanna þá hefði árangur 2. flokks örugglega orðið betri í báðum liðum en B-liðið leið sérstaklega fyrir það í lok tímabils að leikmenn voru færðir í A-liðið vegna þessara meiðsla.

### 3. flokkur karla

Þjálfarar voru þeir Arnar Gunnarsson og Sebastian Alexandersson. Í þessum flokki voru skráð tvö lið til leiks í Íslandsmótið eins og undanfarin ár.

A-liðið var í 1. deild í fyrsta skipti í þessum aldursflokki og endaði í 7. sæti sem er óhætt að segja að hafi verið yfir þeim væntingum sem gerðar voru til liðsins. Liðið spilaði mjög vel á heimavelli en gekk illa á útivelli. Í umspilinu unnu þeir HK og komust því í 8 liða úrslit í fyrsta skipti þar sem þeir mæta Stjörnunni á útivelli. Eldra árið í þessum flokki er óvenju fámennt og því er stór hluti liðsins enn á yngri ári. Þeir Einar Sverrisson og Anton Traustason voru valdir í unglíngalandslið úr þessum flokki.

B-liðið var 2. deild og enduðu þeir í 5. sæti af tíu liðum með 10 sigra, 1 jafntefli og 7 tapleiki. Í deildinni voru þrjú önnur B-lið, en annars voru hin liðin A lið sinna félaga. Þessi árgangur hefur aldrei áður upplifað jákvætt vinningshlutfall fyrr en nú, þannig að veturinn var mjög lærdómsrík og miklar framfarir hjá leikmönnum. Liðið þurfti að spila á Akureyri, á Ísafirði og í Vestamannaeyjum, þannig að nóg var um að vera í ferðalögnum með tilheyrandi kostnaði.

*Sebastian Alexandersson, yfirþjálfari handboltaakademíu*



## Skýrsla unglingaráðs

Æfingar yngri flokka hófust 20. ágúst um leið og skólarnir byrjuðu. Vel gekk að manna þjálfarastöður. Alls störfuðu 10 þjálfarar hjá unglingaráði handknattleiksdeildar í vetur.

### 4. flokkur karla

Þjálfarar voru þeir Stefán Árnason og Atli Kristinsson.

Þessi flokkur var mjög fjölmennur eða um 25 strákar sem æfðu. Selfoss sendi tvö lið til keppni í þessum flokki. Strákarnir í A-liðinu voru í toppbaráttu í 1. deild og enduðu í 5. sæti með 22 stig í 16 leikjum. Þeir léku síðan gegn sterku liði Fram í úrslitakeppninni og töpuðu á útivelli. B-liðið lék í 1. deild og hafnaði í 7. sæti. Margir af þessum strákum hafa þegar sett stefnuna á Handboltaakademíu FSu næsta vetur.

Þeir Gísli Axelsson, Janus Daði Smáraon og Gísli Örn Þórisson voru valdir í unglingslandsliði úr þessum flokki.

### 5. flokkur karla

Þjálfarar: Einar Guðmundsson og Eyþór Lárusson.

Um 25 strákar hafa æft að staðaldri í vetur. Strákarnir tóku miklum framförum í vetur og stóðu sig mjög vel á Íslandsmótinu. 5. flokkur eldra ára varð í 2. sæti í heildarstigakeppni félaga til Íslandsmeistara. Strákarnir á yngri ári hafa verið með besta liðið í þessum árgangi um nokkurt skeið. Þeir unnu þrjú af fimm mótum en það dugði ekki til þar sem liðið var aðeins í 4. sæti á einu móti vegna meiðsla og veikinda lykilmanna. Flokkurinn fór bæði til Vestmannaeyja og Húsavíkur í vetur þar sem foreldrar fylgdu strákunum.

### 6. flokkur karla

Þjálfarar: Einar Guðmundsson og Eyþór Lárusson.

Um 30 strákar hafa æft og keppt í vetur. A-liðið hefur á að skipa mjög öflugt liði og hafa verið í mjög jafnri úrslitakeppni í allan vetur. Þegar þetta er skrifað er eitt mót eftir. B-liðs strákarnir hafa einnig góðu liði á að skipa og voru um tíma í 8. sæti allra liða.

Á yngri árinu hafa Selfoss strákanir sem leika undir stjórn Eyþórs Lárussonar verið um miðja deild.

### 7. flokkur karla

Þjálfari Guðmundur Sigmarsson

Þessi hópur hefur aldrei verið fjölmennari og um 40 strákar hafa æft á fullu í vetur. Þeim gekk mjög vel á mótum í vetur, en leikið er eftir minni-bolta reglum.

### 3.-4. flokkur kvenna

Þjálfarar: Hörður Bjarnarson og Guðni Ingvarsson

Stelpurnar í 3. flokki urðu í 6. sæti af 8 liðum í 2. deild. Hluti af þessum stelpum var í handboltaakademíu FSu.

4. flokkur kvenna sendi tvö lið á Íslandsmótið. Nokkuð var um veikindi og meiðsli hjá þessum hópi í vetur. A-liðið lék í 1. deild og varð í 6. sæti. Í úrslitakeppninni mætti liðið ÍR og tapaði naumlega með einu marki í 8-liða úrslitum. B-liðið lék líka í 1. deild og varð í 9. sæti.

Krístún Steinþórsdóttir Birta Antonsdóttir, Hrafnhildur Hanna Þrastardóttir og Esther Hallsdóttir og voru valdar til æfinga með unglingslandsliðinu úr þessum flokki í vetur.

### 5. flokkur kvenna

Þjálfarar: Inga Fríða Tryggvadóttir og Guðfinna Tryggvadóttir

Um 20 manna hópur hefur æft í vetur. 5. flokkur kvenna eldra ára sem urðu Íslandsmeistarar í fyrra tókst ekki að verja titilinn, en unnu samt síðustu mótið með nokkrum yfirburðum.

Stelpurnar á yngri ári unnu tvö mót af fimm en það dugði þeim ekki heldur til að vinna samanlagt. Systurnar Inga Fríða og Guðfinna Tryggvadætur gerðu frábæra hluti með þessar efnilegur stelpur í vetur.

### 6.-7. flokkur kvenna

Þjálfari: Sigrún Arna Brynjarsdóttir

Um 30 stelpur hafa verið í þessum flokki og fjölgaði mjög mikið. Þeim gekk mjög vel á mótum í vetur, en leikið er eftir minni-bolta reglum.

### Umfangsmikið starf

Umfang starfs handknattleiksdeildar hefur aukist mikið, iðkendur hefur fjölgað ár frá ári undanfarin ár, árangurinn hefur aldrei verið betri og flestir árgangar eru á topp fimm á landsvísi. Um 300 einstaklingar stunda handbolta af fullum krafti á Selfossi og æfa þrisvar til tíu sinnum í viku.

Í Handboltaakademíu FSu eru 35 strákar og stelpur og eru sex af þeim í unglingslandsliðum. Á síðasta keppnistímabili léku lið á vegum handknattleiksdeildar Umf. Selfoss 520 leiki ásamt því að halda Landsbankamótið í 5. flokki drengja og stúlkna, en á því voru leiknir 240 leikir. Þarna eru ekki taldir með æfingaleikir og æfin-

# Handknattleiksdeild



gamót sem lið tóku þátt í heldur aðeins leikir í opinberum mótum.

Þessi samantekt sýnir m.a. hversu umfangsmikið starfið er. Hjá handknattleiksdeild starfa 10 þjálfarar, 12 manns sitja í stjórn og unglingaráði og mun fleiri í foreldraráðum. Á vegum handknattleiksdeildar eru haldnar um 38 æfingar á viku og þyrftu að vera mun fleiri. Fjórir flokkar æfa milli kl. 22 og 23 á kvöldin sem er ekki ásættanlegt.

## Landsbankamótið

Landsbankamótið í handbolta fór fram á Selfossi í 5. flokki karla og kvenna. Um 600 keppendur mættu til leiks, 62 lið lið tóku þátt og leiknir voru 140 leikir á þremur dögum. Mótið tókst afburða vel, allar tímasetningar stóðust og fjölmargir sjálfboðaliðar unnu frábært starf

á mótinu. Um 50 dómarar dæmdu leikina 140, en þess má geta að þeir voru allir 17 ára og eldri. Auk þess sáu 55 tímaverðir úr 5. og 4. flokki um skráningar. Foreldrar strákanna í 4. flokki sáu um sjoppu og lögðu fram mikla vinnu, en allur ágóði af sjoppusölu fór í ferðasjóð. Ætla má að yfir 1.000 manns hafi heimsótt Selfoss um þessa helgi í tengslum við mótið. Þetta er í sjöunda skiptið sem Landsbankamótið er haldið og er það búið að festa sig í sessi í íþróttalífnu.

Unglingaráð handknattleiksdeildar vill koma á framfæri þökkum til Landsbankans á Selfossi fyrir frábæran stuðning við yngri flokkastarf handboltans á Selfossi. Einnig til allra þeirra sem störfuðu á Landsbankamótinu og sérstaklega til starfsmanna íþróttahúsanna sem unnu sýna vinnu af miklum sóma.

*Einar Guðmundsson yfirþjálfari*



## Skýrsla stjórnar

Starf júdódeildar hefur verið með nokkuð hefðbundnu sniði undanfarin ár. Sami kjarni hefur setið í stjórn deildarinnar og haft yfirumsjón með æfingum. Á síðasta aðalfundi var Þórdís Rakel Hansen kosin formaður, Eyjólfur Sturlaugsson gjaldkeri, Bergur Pálsson ritari og þeir Baldur Pálsson og Guðmundur Tryggvi Ólafson meðstjórnendur.

Starfið gekk almennt vel á síðasta ári. Iðkendur voru á bilinu 70 til 80 og fóru æfingar fram í æfingahúsnæðinu í Gagnheiði 3. Nokkuð þröngt er orðið þar enda æfir tae-kwondodeild í sama húsnæði. Löngu tímabært er að skipta um húsnæði. Vegna þess hve æfingahúsnæðið er lítið er ekki hægt að halda lögleg júdómót á Selfossi. Júdómenn hafa því þurft að keppa á öllum sínum mótum utan héraðs.

Foreldraráð var stofnað þann 7. janúar. Í foreldraráði voru Jónína Hulda Gunnlaugsdóttir, Þóra Þorsteinsdóttir og Böðvar Þór Kárasón.

Í janúar gaf deildin út fréttabréf sem hægt var að nálgast á heimasíðu deildarinnar [www.umfs.is/judo](http://www.umfs.is/judo). Þar var m.a. sagt frá stofnun foreldraráðs, æfingagjöldum, tómstundastyrkjum, júdómótum o.fl.

Þegar æfingum lauk um vorið var farið í pizzu- og skautiferð til Reykjavíkur og heppnaðist ferðin vel.

Í ágúst barst deildinni rausnarleg gjöf frá Hafsteini Þorvaldssyni, heiðursfélaga Umf. Selfoss. Var það peningagjöf að upphæð 100.000 kr. Gjöfina gaf Hafsteinn til minningar um eiginkonu sína Ragnhildi Ingvarsdóttur, sem lést 2006, en hún hefði orðið 80 ára þann 13. ágúst s.l. Hafsteinn styrkti einnig sex aðrar deildir innan Umf. Selfoss auk tveggja ungmennafélaga og unglingastarf HSK. Deildin þakkar þennan styrk af heilum hug.

Æfingar hófust að nýju í lok sumars. Þá var einnig boðið upp á byrjendanámskeið fyrir fullorðna. Júdómenn frá deildinni hafa verið duglegir að taka þátt í mótum og staðið sig vel. Í nóvember var m.a. farið í keppnisferð til Akureyrar og í desember hélt deildin HSK-mót í júdó.

Stjórn júdódeildar þakkar öllum þeim sem komu að starfi deildarinnar á síðasta ári.

*Þórdís Rakel Hansen, formaður*

## Skýrsla þjálfara

### Vorönn

Þjálfarar á vorönn voru Bergur Pálsson, Baldur Pálsson, Sigurður Gunnar Ásgeirsson, Þór Davíðsson, Þorkell Eyjólfsson, Steinar Sigurðarsson og Sturlaugur Eyjólfsson.

Æfingatímar á vorönn voru eftirfarandi: Á þriðjudögum og fimmtudögum, 6-8 ára: kl. 16:00-17:00, 8-11 ára: kl. 17:00-18:00, 11-14 ára: kl. 18:00-19:00 og 15 ára og eldri: kl. 19:00-20:30. Flokkur 15 ára og eldri æfði líka á mánudögum kl.19:30-21:00. Þór, Steinar og Þorkell sáu um yngsta hópinn á vorönninni, Sigurður Ásgeirsson og Bergur Pálsson sáu um 8-11 ára og 11-14 ára hópana og höfðu þá Þorkel og Sturlaug sér til aðstoðar. Æfingunum lauk um miðjan maí með ferð til Reykjavíkur á skautasvell í Egilshöll.


### Haustönn

Þjálfarar á haustönn voru Bergur Pálsson, Baldur Pálsson, Þorkell Eyjólfsson og Sturlaugur Eyjólfsson. Einnig kom Eiríkur Ingi Kristinsson á æfingar hjá tveimur efstu flokkunum og kynnti nýja tækni. Æfingar á haustönn hófust 1. september. Æfingatímar voru þeir sömu og á vorönn. Á haustönninni var Þorkell með yngsta hópinn og einnig 8-11 ára hópinn með Sturlaug sem aðstoðarmann. Á haustönninni var Bergur með æfingar fyrir 11-14 ára og 15 ára og eldri og sá einnig um beltapróf og skráningar á mót ásamt því að fara með keppendum á mót. Baldur Pálsson hefur sá um mánudagsæfingarnar.

Sigurður Gunnar Ásgeirsson aflaði sér B dómararéttinda og hefur dæmt fyrir júdódeild Umf. Selfoss á mótum.

Fjöldi iðkenda var svipaður og árið 2008 eða um 70 talsins. Æfingar hafa gengið vel og skilað fjölda verðlauna. Elstu iðkendur hafa farið á sameiginlegar æfingar á vegum JSÍ. Júdódeildin hélt sitt annað HSK mót í desember og tókst það mjög vel þrátt fyrir of lítið húsnæði.

# Júddeild



## Árangur Umf. Selfoss á júdó- mótum árið 2009

### Afmælimót JSÍ haldið 25. janúar.

Flokkur 11-12 ára:

- 34 kg Mikael J. Ragnarsson 3. sæti
- 42 kg Grímur Ívarsson 1. sæti
- 42 kg Jakob Ingvarsson 3. sæti
- 42 kg Bjarni Ó. Valdimarsson 3. sæti
- 46 kg Hrafnkell D. Batson 3. sæti
- 55 kg Helgi I. Boutarhrocht 3. sæti

Flokkur 13-14 ára:

- 46 kg Stefán H. Helgason 3. sæti
- 50 kg Hinrik Hjartarson 2. sæti
- 66 kg Ívar Lárusson 2. sæti
- 66 kg Eyþór Óskarsson 3. sæti
- 73 kg Egill Blöndal 3. sæti.

Flokkur 15-16 ára:

- 90 kg Sturlaugur Eyjólfson 1. sæti
- 73 kg Hlynur Víðisson

Flokkur 15-19 ára:

- 90 kg Sturlaugur Eyjólfsson 1. sæti

### Bikarmót U-15, 7. febrúar

1. umferð. Þrjú lið voru skráð en féllu öll úr keppni.

### Kyumót 14. febrúar

Flokkur 11-12 ára:

- 34 kg Mikale Jafet Ragnarson 3. sæti
- 46 kg Hrafnkell D. Batson 3. sæti

Flokkur 15-16 ára:

- 73 Hlynur Víðisson 3. sæti

Flokkur 15-19 ára:

- 90 kg Þorkell Eyjólfsson 2. sæti
- 63 kg Árný Helgadóttir 2. sæti

### Bikar Seniora / fyrsta umferð

Sendum tvö lið.

B-liðið féll út í fyrstu umferð. A-liðið komst í aðra umferð, en féll út þar.

### ÍM yngri en 20 ára, 14. mars

Flokkur 11-12 ára:

- 34 kg Mikael Jafet Ragnarson 3. sæti
- 34 kg Smári Ragnarson 3. sæti
- 42kg Grímur Ívarsson
- 46 kg Hrafnkell D. Batson 1. sæti, Íslandsmeistari
- 46 kg Arnór Jónsson 2. sæti
- 50 kg. Helgi I. Boutarhrocht 3. sæti
- Sveitakeppni 11-12 ára 3. sæti

Flokkur 13-14 ára:

- 52 kg Hrefna Leifsdóttir 2. sæti
- 42 kg Stefán Helgadóttir 2. sæti
- 46 kg Sindri Pálmason 1. sæti Íslandsmeistari
- 66 kg Magnús Vigri Víðisson 3. sæti
- 73 kg Egill Blöndal 3. sæti
- Sveitakeppni 13-14 ára 3. sæti

Flokkur 15-16 ára:

- 66 kg Hlynur Víðison 3. sæti
- 52 kg Árný Helgadóttir 2. sæti

Flokkur 15-19 ára:

- 84 kg Steinar Sigurðsson 3. sæti

### Vormót 2. maí

Flokkur 11-12 ára:

- 34 kg Mikael Jafet Ragnarson 3. sæti
- 46 kg Hrafnkell D. Batson 1. sæti
- 50 kg Arnór Jónsson 2. sæti
- 50 kg Þorgils Kári Sigurðsson 3. sæti

Flokkur 13-14 ára:

- 81 kg Anton Þór Ólafsson 3. sæti

Flokkur 15-16 ára:

- 73 kg Hlynur Víðisson 2. sæti

Flokkur 15-19 ára:

- 90 kg Sturlaugur Eyjólfsson 1. sæti

### Haustmót 26. september

Flokkur 11-12 ára:

- 38 kg Mikael J. Ragnarson 2. sæti
- 55 kg Ómar H. Guðmannson 3. sæti

Flokkur 13-14 ára:

- +52 kg Þórdís Böðvarsdóttir 1. sæti
- 55 kg Hinrik Hjartarson 2. sæti

Flokkur 15-16 ára:

- 73 kg Hlynur Víðisson 2. sæti

### Kyu mót 14. nóvember

Flokkur 11-12 ára:

- 34 kg Mikael J. Ragnarsson 1. sæti
- 42 kg Jakob Ingvarson 3. sæti
- 46 kg Hrafnkell D. Batson 1. sæti
- 50 kg Arnór Jónsson 1. sæti
- 81 kg Fjölur Ström 2. sæti



*Skýrsla stjórnar knattspyrnudeildar Umf. Selfoss, lögð fram á aðalfundi deildarinnar 12. nóvember 2009.*

## Stjórn knattspyrnudeildar

Á aðalfundi knattspyrnudeildar hinn 20. nóvember 2008 var kosin ný stjórn, en nokkrar mannbreytingar urðu. Hermann Ólafsson lét þá af störfum sem formaður eftir að hafa gegnt því embætti í fjögur ár auk þess sem Margrét Ingbórsdóttir hætti líka. Nýir inn í stjórn deildarinnar komu Þorsteinn Magnússon, Skúli Bergmann og Erling Huldarson. Stjórn skipti með sér verkum þannig: Óskar Sigurðsson, formaður, Þorsteinn Magnússon, varaformaður, Jón Gíslason, gjaldkeri, Skúli Bergmann, meðstjórnandi og Erling Huldarson, meðstjórnandi. Skúli og Erling voru einnig tengiliðir við stuðningsmannaklúbb knattspyrnudeildar. Stjórn fundaði reglulega á tímabilinu í Tíbrá, en auk þess voru margir óformlegir fundir haldnir í húsakynnum stjórnarmanna víðs vegar um bæinn, þegar mikið lá við. Síðasta tímabil var mjög viðburðaríkt og verður hér stiklað á stóru yfir helstu verkefni stjórnar.

## Fjölbreytt verkefni stjórnar

Verkefni stjórnar er ekki einungis að sinna meistaraflokkum deildarinnar heldur öllu því mikla félagsstarfi, sem starfrækt er innan hennar. Reksturinn hefur verið í nokkuð föstum skorðum frá því að framkvæmdastjóri tók til starfa sem og er deildin tók að sér rekstur íþróttavallarsvæðisins. Ennfremur hefur ákveðin grunnvinna verið lögð með leyfiskerfi KSÍ, sem deildin starfar eftir, sem og reglum ÍSÍ um fyrirmyndarfélag. Þetta hefur bætt alla starfsemi og er grundvöllur frekari ávinnings og landvinnings.

## Framkvæmdir á vallarsvæði

Framkvæmdir hófust á íþróttavallarsvæðinu eftir samþykktu skipulagi og eru vel á veg komnar. Skemmst er að minnast vasklegrar framgöngu nokkurra sjálboðaliða úr deildinni, sem lögðu hita- og vatnsbúnað undir framtíðar grasvöll okkar. Þar fór Sveinn Jónsson fremstur í flokki sem og eiginkona hans, sem gaf honum ekkert eftir. Nú liggur fyrir að koma þarf upp áhorfendastúku á svæðinu sem fyrst og hefur stjórn þrýst á það ásamt Hermann Ólafssyni, sem einhliða var skipaður af stjórn sem mannvirkjastjóri, og hefur hann haldið bæjarstjórn við efnið í þessum

málflokki. Er vonast til þess að framkvæmdir við stúku geti hafist strax í vetur.

## Meistaraflokkarnir

Síðasta tímabil var frábært í alla staði hjá meistaraflokki karla og kvenna. Stelpurnar voru einungis hársbreidd frá því að tryggja sér sæti í úrvalsdeild, en stefna á það næsta sumar. Þær stóðu sig þó ekki einungis vel á vellinum heldur einnig félagslega, bæði í fjáröflunum sem og öðrum verkefnum fyrir deildina.

Meistaraflokkur karla tryggði sér sigur í 1. deild með yfirburðum og varð Selfoss þar með deildarmeistari í 1. deild í fyrsta sinn frá stofnun deildarinnar árið 1955. Þá er það einkar ánægjulegt að liðið var nánast að öllu leyti skipað heimamönnum.

Margar skemmtilegar ferðir voru farnar í tengslum við kappleiki liðsins. Hér má til dæmis nefna ferð á Eskifjörð. Leikurinn endaði með stórsigri okkar manna, en einna eftirminnilegust var flugferðin heim, þar sem Hilmar nokkur Hólmgeirsson tók að sér stöðu flugstjóra og skýrði frá því að báðir hreyflar vélarinnar væru dottnir af en ekkert væri að óttast þar sem skýin væru mjúk! Við þetta urðu nokkrir skelfingu lostnir, en þó enginn meir en Arillús Marteinson, sem þurfti sérstaka aðhlyningu frá flugþjóni vélarinnar, sem Hilmar taldi vera bróður Steingríms J. Sigfússonar, forsætisráðherra. Síðan tók vélin nokkrar útsýnisferðir yfir Selfoss og fór svo nærri jörðu að menn gátu greint konur sínar í sólbaði.

## Frábært starf meistaraflokksráða

Meistaraflokksráð karla og kvenna hafa starfað ötullega að verkefnum sínum og eiga svo sannarlega hrós skilið fyrir frábært starf á liðnu tímabili. Ráðin hafa skapað umgjörð sem hæfir úrvalsdeildarliðum og á það ekki hvað síst þátt í góðum árangri liðanna. Að öðrum ólöstuðum verður hér að nefna framlags Tómas Þóroddssonar, sem hefur verið vakinn og sofinn yfir starfsemi meistaraflokks karla á liðnu tímabili. Á hann svo sannarlega hrós skilið.

## Unglingaráð sinnir sínu starfi af festu

Þá hefur unglingaráð, sem fyrr, skilað afbragðs búi og góðri uppskeru. Nokkur umræða hefur átt sér stað um yngri flokka starfið vegna ástands efnahagsmála, en ungl-

# Knattspyrnudeild



ingaráði hefur tekist að halda vel á sínum spilum og fjölg- að iðkendum. Þá eru vanskil æfingagjalda í lágmarki.

## Ráðning þjálfara

Stjórn og meistaraflokksráð gengu nýverið frá ráðningu nýrra þjálfara fyrir meistaraflokkana, sem miklar vonir eru bundnar við. Hjá meistaraflokki kvenna var ráðin Helena Ólafsdóttir, fyrrverandi landsliðsþjálfari, og Guðmundur Benediktsson hjá körlunum. Nokkur fjölmiðlahasar skap- aðist í kringum brotthvarf Gunnlaugs Jónssonar frá félag- inu undir lok síðasta tímabils, en úr því var leyst farsæl- lega og var Gunnlaugur kvaddur með virktum á lokahófi deildarinnar og þakkað gott starf í þágu hennar.

## Fjármál og rekstur

Þrátt fyrir afar erfitt efnahagsástand er knattspyrnudeild- in að skila hagnaði í rekstri sínum. Er því að þakka ráð- deild í rekstri og dugnaði þeirra félaga, sem tekið hafa þátt í margvíslegum verkefnum deildarinnar. Nú er unnið að gerð nýrra styrktarsamninga og hefur okkur verið hvar- vetna vel tekið. Fyrirséður er hins vegar talsverður kostna- aður á næsta ári vegna búningakaupa, en endurnýja þarf keppnisbúninga allra flokka deildarinnar.

Helstu verkefni og fjáraflanir knattspyrnudeildar er sala aðgöngumiða á heimaleiki, sem jókst verulega á þessu ári, herrakvöld, flugeldasala, útgáfa Tuðrunnar, Olísmótið í 5. flokki karla, getraunasala sem og sala auglýsinga og skilta á íþróttavellinum. Stöðugt er unnið að því að bæta fleiri stöðum undir tekjuöflunina og má búast við að konu- kvöld verði haldið á næstunni, sem og sambærilegt mót fyrir yngri flokka kvenna í anda Olísmótsins auk fleiri skemmtilegra viðburða.

## Herrakvöldið og styrkur frá Sigurði Karlssyni og sonum

Í umfjöllun um fjáraflanir verður sérstaklega að minnast herrakvöldsins vinsæla sem nú var haldið í sjöunda sinn í Hvíta húsinu á Selfossi undir dyggri stjórn Hlökkvers Arnar Rafnssonar og vaskra fylgdarsveina hans. Þótti það takast vel sem fyrr. Það var þó einkum tvennt sem vakti athygli. Annars vegar ræðumaður kvöldsins, sem tókst af harð- fylgni og þrátt fyrir góða tilburði til að koma honum úr ræðupúlti, að halda lengri ræðu en formaður deildarinn- ar gerði á síðasta slútti. Hins vegar var það styrkurinn sem

Snorri Sigurðarson afhenti deildinni fyrir sína hönd og föður síns heitins, Sigurðar Karlssonar, sem og bræðra sinna, Dags, Karls Áka og Gauta. Styrkurinn var að fjárhæð ein milljón króna. Eiga þeir bræður og Siggí Kalla heitinn svo sannarlega heiður skilinn fyrir svo rausnarlega gjöf.

## Aukin verkefni

Verkefni knattspyrnudeildar og umsvif hafa aukist verulega að undanfögnu. Er ætlunin að mæta þessum verkefnum með ráðningu á viðbótarstarfskrafti. Tómas Þóroddsson hefur verið ráðinn til starfa frá og með 1. desember n.k. til starfa fyrir deildina, þá einkum til að sinna verkefnum fyrir hina eldri flokka sem og auglýsinga- og tekjuöflun. Er um tímabundið verkefni að ræða sem vonandi verður til frambúðar.

## Niðurlag

Síðasta tímabil var mjög eftirminnilegt og svo sannar- lega skipst á skin og skúrir. Við misstum góða félaga okkar á árinu, þá Guðjón Ægi Sigurjónsson, Njál Skarphéðinsson og Sigurð Karlsson, en náðum okkar besta árangri frá upp- hafi. Þannig héldum við minningu þeirra best á lofti og þeir fylgdu okkur svo sannarlega í anda. En þessi góði árangur á sér langan aðdraganda. Hið markvissa yngri flokka starf deildarinnar er grunnurinn og þar stöndum við svo sannarlega vel. Síðan er aðstaðan til æfinga og keppni sem hefur tekið stórstígu framförum á undan- förnum árum og á eftir að verða ein sú glæsilegasta á landinu. Allt þetta hjálpar til. Og einnig allt það góða fólk sem komið hefur að starfinu með beinum og óbeinum hætti á undanfögnu árum. Þjálfarar sem hafa lagt sitt af mörkum og skilið eftir góða arfleifð sem og félagar, sem komið hafa að starfi deildarinnar. Þetta eru allt hlekkir í þessari sterkju keðju sem við myndum hér í þessu sam- félagi okkar og saman myndar þennan góða árangur.

Stjórn knattspyrnudeildar þakkar samstarfið við þá fjöl- mörgu sem starfað hafa með deildinni síðasta tímabil og þá einkum unglingaráði, meistaraflokksráðum, sem og leikmönnum öllum sem og stuðningsmönnum fyrir frá- bært tímabil.

F.h. stjórnar knattspyrnudeildar Umf. Selfoss  
Óskar Sigurðsson, formaður



## Skýrsla meistaraflokksráðs karla

### Nýr kafli í knattspyrnusögu Selfoss

„Árangur Selfossliðsins í sumar er tvímælalaust sá besti sem Selfyssingar hafa náð í fótbolta.“ Þannig hófst árskýrsla fyrir meistaraflokk karla árið 2008 og það er ekki leiðinlegt að geta notað þessi sömu upphafsorð fyrir skýrslu ársins 2009.

Leikmenn Selfossliðsins sumarið 2009 eru búnir að skrá nafn sitt með stórum stöfum í knattspyrnusögu bæjarins. Þetta eru strákarnir sem komu liðinu upp í efstu deild með því að sigra 1. deildina nokkuð örugglega og fá því að leika á meðal þeirra bestu sumarið 2010. Þessu marki er búið að stefna að í nokkra áratugi og nú loksins náðist það.

Aðalþjálfari liðsins sumarið 2009 var Skagamaðurinn Gunnlaugur Jónsson. Aðstoðarþjálfari var Ómar Valdimarsson, en þetta var þriðja árið hans í þeirri stöðu. Sjúkraþjálfari var Trausti Hrafnsson og má að miklu leiti þakka honum hversu meiðslalaust liðið var allt sumarið. Markmannsþjálfari var Halldór Björnsson og um ytra skipulag sáu Óskar Arilíusson og Tómas Þóroddsson.

### Undirbúningstímabilið

Undirbúningstímabilið gekk brösuglega og náðist aðeins 1 stig í Lengjubikarnum. Þegar leið á var ljóst að ákveðinn stígandi var í liðinu. Þetta eina stig kom t.d. gegn sterkasta liðinu í riðlinum, Fram, í lokaleik Lengjubikarsins. Æfingaferð var farin til Akureyrar og tókst hún nokkuð vel. Í síðasta leik fyrir mót var leikið gegn gríðarlega sterku liði Vals í Þorlákshöfn. Selfoss vann leikinn 1:0 og gaf sífurinn tóninn fyrir sumarið.

### 1. deildin sumarið 2009

Með sigri á HK í Kópavogi í 4. umferð 1. deildar var toppsætinu náð og það aldrei gefið eftir. Reyndar var það í nokkuð öruggri höfn út mótið og á tímabili var forystan sjö stig. Selfyssingar unnu svo deildina og fengu 47 stig úr 22 leikjum. Selfyssingar skoruðu líka flest mörk í deildinni eða 53 mörk, en Haukar skoruð næst flest mörk 44 stykki.

Alls skoruð Selfyssingar þó 62 mörk þegar bikarkeppnin er tekin með. Í fyrra skoruðu strákarnir 54 mörk. Selfoss skoraði 22 mörk í fyrri hálfleik, en 31 mark í seinni hálfleik í þessum 22 leikjum. Ekkert mark var skorað í uppbótartíma, en úr því verður bætt á næsta ári. Selfoss fékk á sig næst fæst mörk í deildinni, eða 26 mörk. KA fékk aðeins á sig 24 mörk. Skagamenn héldu markinu hreinu lengst samfleytt, eða í 606 mínútur, þar til þeir mættu Selfossliðinu í 5. gír. Skoruðu Selfyssingar þá 4 mörk á 20 mínútum gegn þeim. Í fyrra fékk Selfoss á sig 36 mörk, eða 10 mörkum meira en í ár. Selfyssingar voru enn eitt árið með fæst spjöld í sinni deild. Alls fengu Selfyssingar 40 gul spjöld og 1 rautt. Eins er gaman að geta þess að crewið náði markmiðum sínum og fengu ekkert spjald á bekknunum og héldu „cool“-inu allan tímann.

Athygli vakti hve margir heimamenn léku með knattspyrnuliði Selfoss í sumar. Af þeim 16 leikmönnum sem voru á skýrslu í lokaleiknum við ÍA voru 14 sem fóru í gegnum yngri flokka starfið á Selfossi. Af þeim 14 eru 10 sem hafa verið í unglíngalandslið Íslands. Það eru þeir Henning Eyþór, Einar Ottó, Arilíus, Jón Guðbrands, Ingó Tóta, Jóhann Ólafur, Siggí Eyberg, Stefán Ragnar, Gummi Tóta og Jón Daði. Svo er Sævar Þór Gíslason 11. leikmaðurinn sem spilað hefur landsleik, en hann spilaði 7 leiki með A-landsliðið Íslands.

Markahæstu leikmenn liðsins í öllum leikjum liðsins í sumar voru eftirtaldir, í þessari röð: Sævar Þór Gíslason 19 mörk, Agnar Bragi Magnússon 7 mörk, Hjörtur Júlíus Hjartarson 7 mörk, Arilíus Marteinson 5 mörk, Guðmundur Þórarinnsson 5 mörk og Jón Guðbrandsson 5 mörk. Oftast þarf einhvern til að leggja upp mörkin fyrir markaskorarana og var því í fyrsta sinn tekin saman tölfræði yfir þá sem lögðu upp flest mörk og svona leit hún út: Guðmundur Þórarinnsson 13, Sævar Þór Gíslason 8, Arilíus Marteinson 7, Ingólfur Þórarinnsson 7, Jón Guðbrandsson 6, Jón Daði Böðvarsson 6 og Ingþór Jóhann Guðmundsson 4.

Fyrirliðinn Jón Steindór Sveinsson og Arilíus Marteinson voru þeir einu sem léku alla leiki liðsins í deild, alls 22

# Knattspyrnudeild



leiki. Það sem er enn merkilegra er að Jón spilaði allar mínútur liðsins í sumar í 22 leikjum í deild. Stefán Ragnar Guðlaugsson lék hins vegar flesta leiki fyrir Selfoss á árinu í deild, bikar og deildarbikar. Alls lék Stefán 28 leiki fyrir Selfoss. Að auki lék hann nokkra leiki með 2. flokki og 5 landsleiki með u-19 ára liðinu. Guðmundur Þórarinnsson lék einnig 5 leiki með u-19 ára landsliðinu og 3 leiki með u-18 ára landsliðinu á árinu og skoraði þar 1 mark. Jón Daði Böðvarsson lék 3 leiki með u-18 ára landsliðinu og skoraði 1 mark.

Sem undirbúningur fyrir úrvalsdeildina árið 2010 tók um 10 manna hópur sig saman og gaf leikmönnum „S“ fyrir góða frammistöðu í leikjum sumarsins. Gefið var „S“ eftir hvern leik og stigin talin í lokin. Röð efnu manna þar var eftirfarandi: Stefán Ragnar Guðlaugsson 27 S, Sævar Þór Gíslason 26 S, Ingólfur Þórarinnsson 25 S, Jóhann Ólafur Sigurðsson 23 S og Agnar Bragi Magnússon 22 S.

## Viðurkenningar

Á lokahófi félagana í 1. deild sem fotbolti.net hélt á Hótel Borg, sópuðu Selfyssingar til sín verðlaunum. Sævar Þór Gíslason var valinn besti leikmaðurinn og markakóngur. Annað árið í röð áttu Selfyssingar efnilegasta leikmanninn og nú var það Guðmundur Þórarinnsson, sem var valinn efnilegastur. Eins fengu þeir Jón Daði og Stefán Ragnar atkvæði í því kjöri. Svo var Gunnlaugur Jónsson valinn besti þjálfari. Fjórir leikmenn Selfoss voru í liði ársins og einn á bekknum. Þeir Jón Sveinsson, Agnar Bragi Magnússon, Einar Ottó Antonsson og Sævar Þór Gíslason voru í liði ársins og Ingólfur Þórarinnsson var varamaður. Alls voru 12 leikmenn Selfossliðsins tilnefndir í lið ársins. Auk þeirra fimm sem komust í liðið voru tilnefndir: Arilíus Marteinnsson, Jón Guðbrandsson, Ingþór Jóhann Guðmundsson, Jóhann Ólafur Sigurðsson, Stefán Ragnar Guðlaugsson, Henning Eyþór Jónasson og Guðmundur Þórarinnsson. Eins og fyrr sagði þá var Sævar Þór Gíslason valinn sá besti, en auk hans fengu þeir Einar Ottó Antonsson og Henning Eyþór Jónasson atkvæði í kjöri um besta leikmann 1. deildar.

Þeir leikmenn fóru til Gautaborg til reynslu 2009. Þetta voru þeir Stefán Ragnar Guðlaugsson, Guðmundur Þórarinnsson og Jón Daði Böðvarsson, en allir vöktu þeir athygli og hver á sinn hátt.

Haukar fóru upp með Selfossi í ár, en þessi lið fóru saman upp úr 2. deildinni fyrir tveimur árum síðan. Haukar fara nú upp í efstu deild í annað sinn í sögu félagsins. Þeir fóru síðast upp árið 1978, en þá unnu KR-ingar deildina

og fóru upp með þeim og hafa verið uppi síðan. Spurningin hvort það veiti á gott að fara upp með Haukum?

## Nýr þjálfari

Gunnlaugur Jónsson sagði starfi sínu lausu fyrir næst síðasta leik liðsins í deildinni gegn Haukum og tók í framhaldinu við Val. Voru menn misjafnlega ánægðir með það. Að lokum skildu allir sáttir og er ekki úr vegi að þakka Gulla fyrir góð störf á Selfossi og eins að óska honum gæfu í nýju starfi. Um mánaðarmótin september og október var síðan Guðmundur Benediktsson ráðin þjálfari Selfoss og biður hans gríðarlega skemmtilegt og krefjandi starf við að stýra Selfossi í efstu deild.

## Frábær umgjörð

Öll umgjörð um liðið tók framförum í takt við liðið sjálft í sumar. Nú eru virkilega spennandi tímar framundan hjá knattspyrnumönnum á Selfossi að fylgja liði sínu inn í efstu deild. Fyrir liggur enn meiri og skemmtilegri vinna strax í vetur. Öllum þeim sem eitthvað komu að umgjörð, skipulagningu eða hverju öðru sem tengist liðinu eru þökkudag frá þeim störf og einlægur óskir um áframhaldandi samvinnu. Alltaf er pláss fyrir jákvætt og skemmtilegt fólk í hópnum. Til að taka þátt í þessu ævintýri með okkur er áhugasömum endilega bent á að hafa samband.

*F.h. meistaraflokksráðs karla, Tómas Þóroddsson*

## Skýrsla 2. flokks karla

Undirritaður tók við þjálfun 2. flokks karla 1. október 2008 og gerði 2 ára samning sem báðir aðilar ætla að framfylgja.

Það sem vakti athygli mína var hversu óagaðir og áhugalausir leikmennirnir voru. Æfingasókn var frá 6 – 8 leikmönnum upp í 30. Þetta lagaðist smátt og smátt og kjarni af 14-16 leikmanna stóð uppi með vorinu. Brottfall var mikið úr 3. flokki.

Árangurinn var ásættanlegur miðað við allar þær sveiflur sem áttu sér stað á árinu. Samstarf hófst við KFR og byrjaði það nokkuð vel en fór síðan úr böndum þegar þjálfari meistaraflokks KFR neitaði sínum leikmönnum að spila. Við létum okkar leikmenn sem skráðir voru í samstarfið spila eins mikið og hægt var. Þetta samstarf endaði reyndar mjög vel þegar allir leikmenn KFR komu til okkar eftir að 3. deild lauk og spilðu með okkur síðustu 4 leikina. Selfoss lenti í 7. sæti í B-deild.

Samstarf við þjálfara og leimenn meistaraflokks karla sem tilheyra ennþá 2. flokki var mjög gott og léku þeir allir stórt hlutverk í að skapa meiri metnað og áhuga yngri leikmanna 2. flokks. Einnig kom í ljós hversu gott þetta gerði leikmönnum að taka meiri ábyrgð í 2. flokki sem síðan nýttist vel í meistaraflokki

Í dag (nóvember 2009) lítur þetta betur út, enda hefur verið ákveðið að taka á þessu agaleysi og einnig hefur stjórn deildarinnar ákveðið að vinna meira með 2. flokk karla og setja meiri metnað og vinnu í flokkinn. Það er góðs viti enda um gríðarleg verðmæti fyrir framtíð meistaraflokks karla að ræða, því þarna eru margir mjög efnilegir leikmenn fyrir félagið.

Það er einnig gríðarlega mikilvægt að efla samstarfið við Knattspyrnuakademíu Íslands á Suðurlandi, en hún er grunnforsenda fyrir því að við sköpum afreksknattspyrnumenn á hverju ári.



Það er von mín og trú að ef knattspyrnudeildin gefur þessum leikmönnum í 2. flokki meiri athygli þá mun það skila sér í fleiri leikmönnum með meiri metnað og háleit markmið fyrir framtíðina.

Þessir leikmenn hér að neðan sköruðu fram úr í ár og fengu viðurkenningu fyrir það.

## Markaskorari 2. flokks karla 2009

Markaskorari 2. flokks karla gerði 8 mörk. Þessi mörk voru gerð í öllum regnbogans litum. Úr beinum aukaspyrnum, langskotum og stundum hreinlega einlæk hann í gegnum vörn andstæðinganna. Hann lagði grunninn að markatitlinum með því að skora 4 mörk á móti einu sterkasta liði b-deildarinnar. Haft var eftir vini okkar frá IFK Gautaborg, Eijlert Björkman, sem var á þessum leik: „Hefði ég tekið með mér tékkheftið, hefði ég staðgreitt hann núna“. Þessi leikmaður er Jón Daði Böðvarsson

## Mestu framfarir og ástundun 2009

Þessi leikmaður er ekki sá fljótasti eða með bestu tæknina í liðinu. En hann hefur margt sem margir leikmenn mættu taka sér til fyrirmyndar. Hann er traustur, áhugasamur og hefur sterkan vilja til að gera alltaf betur, sama hvort það er æfing eða leikur. Hann er þéttur á velli í leik sínum og atgervi og var orðin máttarstólpi varnarinnar með sínu brennandi skapi og leikgleði. Hann þolir ekki að tapa. Þessi snillingur heitir Hörður Jóhannsson

## Leikmaður ársins í 2. flokki karla 2009

Hann á engan sinn líkann í leikstíl sínum. Hann er alltaf að gera eitthvað óvænt, sem kemur jafnt þjálfara sem meðspilurum sínum á óvart, hvað þá mótherjum sínum, sem stundum vita ekki hvar þeir eru á vellinum þegar hann er búinn að sóla þá upp úr skónum. Hann hefur ótrúlegan hraða og tækni. Nánast ómögulegt er að ná boltanum af honum þegar hann er í ham. Orkubolti sem aldrei gefst upp hvað sem bjátar á. Auðmjúkur og góður félagi og er alltaf reiðubúinn til að leggja allt í sölnar fyrir framgang liðs síns, sama hvort það er meistaraflokkur eða 2. flokkur Selfoss. Þessi perla er Jón Daði Böðvarsson

*Jón Pétur Róbertsson, þjálfari 2. flokks karla*

## Skýrsla meistaraflokks kvenna og 2. flokks kvenna

Í fyrsta skipti í 10 ár sendi Selfoss lið í meistaraflokki kvenna til keppni í Íslandsmót. Æfingar hófust haustið 2008 og þá var ákveðið að láta 2. flokk og meistaraflokk æfa saman. Guðmundar Sigmarsson og Guðjón B. Hálfðánarson stjórnðu æfingum þar til í janúar, en þá var ákveðið að Halldór Björnsson tæki við liðinu. Strax var ákveðið að liðið skildi byggt frá grunni og yrði eingöngu skipað leikmönnum frá Selfossi.

Strax eftir áramótin var allt sett á fullt í undirbúningi fyrir sumarið þar sem meistaraflokkur hafði ekki verið til í mörg ár. Auður Ólafsdóttir, Elvar Gunnarsson, Árný Steingrimsdóttir, Sigríður Ágústsdóttir og Helga Þráinsdóttir sátu í meistaraflokksráði kvenna. Auður fór fyrir þessum fríða flokki sem stóð sig frábærlega í að gera umgjörðina í kringum liðið sem allra besta og sinna þeim kröfum sem þjálfarinn setti. Fólst það m.a. í því að fjármagna ferðagalla, æfingasett og upphitunargalla, hafa mat fyrir alla heimaleiki og skipuleggja keppnisferðir, skemmtiferðir og grillveisur sem voru á árinu.

Í kringum liðið voru Halldór Björnsson þjálfari, Auður Ólafsdóttir ofur liðsstjóri og Baldur Rúnarsson sjúkrapjálfari. Svo var Víðir Óskarsson læknir til taks þegar á þurfti að halda. Er öllum þessum þökkuð frábær störf.

## Undirbúningstímabil

Undirbúningstímabilið gekk mjög vel og lögðu stelpurnar mjög hart að sér við æfingar og notuðu m.a. ísbað til að ná sér eftir erfiðustu æfingarnar. Margar áttu í vandræðum í byrjun því þær höfðu ekki áður æft svo oft í viku við svona mikið álag. Á þeim tímamarki skilaði Baldur Rúnarsson mjög mikilvægu starfi. Þegar leið á fór hópurinn að grisjast og þeir leikmenn sem voru að sinna þessu 100% fóru að sjá árangur og þá var ekki aftur snúið.

2. flokkur tók þátt í Faxaflóamótinu sem hófst um haustið. Illa gekk í fyrstu leikjunum, en eftir áramót fór að ganga mjög vel 6 sigrar í 9 leikjum þar sem ekkert var gefið eftir og æft á fullu hvort sem það var leikur daginn eftir eða ekki.

# Knattspyrnudeild

Meistaraflokkur spilaði sinn fyrsta leik gegn ÍA í Akraneshöllinni og endaði með jafntefli. Næst var spilað við úrvaldsdeildarlið Keflavíkur og vannst sá leikur. Deildarbikarinn hófst svo í mars þar sem byrjað var á 3 sigurum. Síðan komu tveir tapleikir á móti Haukum og FH sem töpðust með minnsta mun. Síðasti leikur fyrir Íslandsmót var svo á móti FH á grasi og endaði hann með jafntefli. Liðið var komið í gott stand og allar klárar í sumarið. Eftir leikinn hélt þjálfari fund með leikmönnum þar sem markmið fyrir sumarið var sett, en það var að komast í úrslitakeppnina og standa sig vel þar.

## Íslandsmót 2. flokkur

2. flokki gekk upp og ofan enda var ákveðið að meistaraflokkur og 3. flokkur, sem var mjög góður, yrðu settir í forgang og að þeir leikmenn sem næðu ekki inn í meistaraflokk fengju að spila sem mest í 2. flokki leikum. Leikgleðin var sett í forgang og liðið bætti sig mikið þegar líða tók á sumarið.

## Íslandsmót meistaraflokks

Stelpurnar í meistaraflokki byrjuðu mótið frábærlega með fjórum sigurum og þá kom í ljós hvað við vorum með efnilegt lið. Í fyrsta leik hafði engin í byrjunarliði Selfoss leikið deildarleik með meistaraflokki áður. Liðið endaði svo með 18 stig og aðeins tveir leikir töpuðust í riðlakeppninni. Sumarið endaði svo með úrslitakeppni um að komast í úrvaldsdeild og var liðið grátlega nálægt því að leggja Hauka að velli. Lið Hauka var skipað að stórum hluta útlendingum og aðkeyptum leikmönnum sem unnu svo deildina. Fyrri leikurinn fór fram á Selfossi og tapaðist hann 1:2. Síðari leikurinn fór fram á Ásvöllum þar sem Haukar komust í 2:0 eftir 50 mín. Selfoss stelpurnar sýndu það sem hafði einkennt liðið allt sumarið, samstöðu, leikgleði og að þær gefast ekki upp. Þær skoruðu 3 mörk og komust í 2:3. Staðan var því 4:4 samtals og Selfoss með fleiri mörk skoruð á útivelli. Á 94 mín. skoruðu Haukar mark sem kom þeim áfram.

## Lokaorð

Frábæru fyrsta tímabili hjá meistaraflokki kvenna í 10 ár er nú lokið og gekk það vonum framar þar sem liðið var aðeins hársbreidd frá því að komast í úrvaldsdeild, og það besta var að liðið var bara skipað ungum leikmönnum frá Selfossi og er þetta klárlega rétta leiðin til að byggja upp fótboltalið. Fullt af stelpum eru að koma upp til viðbótar við þennan hóp sem við vorum að vinna með í sumar svo að framtíðin er björt í kvennaboltanum á Selfossi og bara spurning hvort við verðum í úrvaldsdeild kvenna 2011 eða 2012. Þegar þetta er skrifað hefur undirritaður hætt störfum sem þjálfari meistaraflokks kvenna. Starf sem hann tók að sér því mjög erfiðlega gekk að finna þjálfara í janúar. Hann sér ekki eftir því að hafa tekið þetta að sér því þetta var frábært sumar og stelpurnar stóðu sig frábærlega. Undirritaður er mjög sáttur við að setja þetta lið í hendurnar á Helenu Ólafsdóttur sem að hans mati er besti kvennabjálfi á Íslandi og hún á pottþétt eftir að koma þessu liði þangað sem það á heima, í efstu deild.

*Halldór Björnsson, þjálfari 2. flokks og meistaraflokks kvenna.*



## Viðurkenningar meistaraflokks og 2. flokks karla og kvenna 2009

### Verðlaunahafar í 2. flokki kvenna:

Markadrottning: Katrín Ýr Friðgeirsdóttir  
Framför og ástundun: Sif Sigurðardóttir  
Leikmaður ársins: Katrín Ýr Friðgeirsdóttir

### Verðlaunahafar í 2. flokki karla:

Markakóngur: Jón Daði Böðvarsson  
Framför og ástundun: Hörður Jóhannsson  
Leikmaður ársins: Jón Daði Böðvarsson

### Verðlaunahafar í meistaraflokki karla:

Markakóngur: Sævar Þór Gíslason  
Framför og ástundun: Guðmundur Þórarinnsson og Jón Daði Böðvarsson  
Leikmenn ársins: Sævar Þór Gíslason og Jón Steindór Sveinsson  
Efnilegastur: Stefán Ragnar Guðlaugsson  
Guðjóns-bikarinn: Ingólfur Þórarinnsson

### Verðlaunahafar í meistaraflokki kvenna:

Framför og ástuundun: Thelma Sif Kristjánsdóttir  
Markadrottning: Katrín Ýr Friðgeirsdóttir  
Efnilegustur: Guðmunda Brynja Óladóttir  
Kona ársins: Þóra Margrét Ólafsdóttir  
Guðjóns-bikarinn: Bára Sif Guðlaugsdóttir

### Óeigingjarnt starf í þágu deildarinnar:

Sveinn Jónsson og Selma Sigurjónsdóttir  
Trausti Sigurberg Hrafnsson sjúkraþjálfari  
Gissur Jónsson v/umsjón með getraunastarfi Selfoss

### Félagi ársins:

Auður Inga Ólafsdóttir

### Leikjafjöldi:

Agnar Bragi Magnússon	50 leikir
Jón Guðbrandsson	50 leikir
Ingólfur Þórarinnsson	100 leikir
Ingþór Jóhann Guðmundsson	150 leikir
Einar Ottó Antonsson	150 leikir
Arilíus Marteinson	200 leikir
Jón Steindór Sveinsson	250 leikir



## Skýrsla unglingaráðs knattspyrnu- deildar Umf. Selfoss

### Stjórn unglingaráðs

Á síðasta aðalfundi knattspyrnudeildar voru eftirtaldir einstaklingar samþykktir sem fulltrúar í unglingaráð: Olgeir Jónsson formaður, Grímur Hergeirsson, Alma Sigurjónsdóttur, Arnheiður Ingibergsdóttur og Helena Sif Kristinsdóttir. Starfsmaður unglingaráðs er Sveinbjörn Másson framkvæmdastjóri knattspyrnudeildarinnar.

### Viðburðaríkt og skemmtilegt ár

Þetta hefur verið viðburðaríkt og skemmtilegt ár og mikil gróska og framför í öllum flokkum, ótal skemmtilegar æfingar, hundruð skemmtilegra leikja, spennandi leikir, sætir sigrar, þrumufleygar, massívar tæklingar og örfáir ósigrar.

Eftir þrotlausar vetraræfingar, sem krakkarnir stunduðu af mikilli elju og dugnaði sl. vetur við misgóð veðurskilyrði, tóku hin hefðbundnu vormót við, og æfingaleikir til undirbúnings fyrir sumarið.

Íslandsmótið var svo á sínum stað og er skemmst frá því að segja að ágætur árangur náðist þar í öllum flokkum, en nánar verður vikið að því hér á eftir. Sjá mátti stöðugar framfarir yfir sumarið og voru krakkarnir til mikillar fyrirmyndar í alla staði. Sérstaklega ánægjulegt var einnig að sjá hvað foreldrar voru duglegir að fylgja krökkunum í leiki og hvetja þá til dáða.

Auk Íslandsmótsins tóku flokkarnir þátt í hinum hefðbundnu sumarmótum, Polla- og Þæjumótin í Eyjum, N1 mótið á Akureyri, Síamótið í Kópavogi, Skallagrímsmótið í Borgarnesi og Reycup í Reykjavík, svo nokkur séu nefnd. Og síðast en ekki síst Olísmótið okkar hér á Selfossi sem nú var haldið í fimmta sinn. Óhætt er að segja að Olísmótið hafi náð að festa sig í sessi og er nú stærsta einstaka fjáröflunarverkefni deildarinnar. Alls tóku 48 lið þátt í mótinu frá 12 félögum. Mikil ánægja hefur verið með mótið hjá þeim liðum sem tekið hafa þátt, og er nú svo komið að færri komast að en vilja. Mót af þeirri stærðargræðu sem Olísmótið er krefst mikillar vinnu og undirbúnings. Allir flokkar koma að þessari vinnu með einum eða öðrum hætti, og einnig eldri flokkarnir. Unglingaráð vill þakka sérstaklega öllum þeim sem lögðu hönd á plóg og hjálpuðu til með að gera Olísmótið að þessu glæsilega móti sem það er orðið. Með bættri aðstöðu á vallar-

svæðinu okkar strax á næsta ári, binda menn vonir við að hægt verði að fjölga liðum og stækka þannig Olísmótið enn frekar og gera það glæsilegra í alla staði.

Þá fór 3. flokkur kvenna í glæsta keppnisferð til Danmerkur í sumar, þar sem stelpurnar tóku þátt í Denmark Football Festival og mættu til leiks með tvö lið í þessu sterka móti. Eldra liðið gerði sér lítið fyrir og sigraði mótið og yngra liðið náði þriðja sæti. Óhætt er að segja að þetta sé frábær árangur hjá stelpunum og þær sýndu svo um munaði að hér eru á ferðinni leikmenn framtíðarinnar.

Barna- og unglिंगastarf á borð við það sem við reukum í knattspyrnudeildinni er gríðarlega mikilvægt í uppeldislegu samhengi. Á síðustu árum hefur verið unnið af miklum metnaði og krafti hjá knattspyrnudeildinni að því að efla yngri flokka starfið og gera það enn betra ár frá ári. Þetta er í raun verkefni sem aldrei lýkur, heldur verður stöðugt að vera á tánum og setja sér ný og háleitari markmið.

Árangurinn af þessari vinnu kemur fram með ýmsum hætti og er hægt að mæla hann á marga vegu. Það er góður árangur útaf fyrir sig að sjá fjölgun iðkenda ár frá ári, og það er einnig til marks um góðan árangur að sjá krakkana koma brosandí og ánægða á æfingar, og fara brosandí heim eftir æfingar.

Ekki verður hjá því komist hér að nefna þann frábæra árangur sem náðst hefur í meistaraflokki nú í sumar, en eins og allir vita höfum við nú tryggt okkur sæti í efstu deild, Pepsi-deild karla, næsta tímabil. Þessi árangur er ekki hvað síst athyglisverður fyrir það að lið Selfoss skipa nær eingöngu leikmenn sem eru uppaldir hjá félaginu. Á því eru örfáar undantekningar, svo fáar að þær verða leikandi taldar á fingrum annarrar handar. Strákar sem sátu hér fyrir örfáum árum í sömu sporum og þið krakkarnir sem hér eruð núna, og biðu þess að sjá hverjir fengu nú viðurkenningar fyrir góðan árangur. Það má því segja að þessi frábæri árangur meistaraflokks sé líka mælikvarði á góðan árangur af barna- og unglिंगastarfi deildarinnar.

Sama er að segja um meistaraflokk kvenna, sem í sumar tók í fyrsta sinn í nokkur ár þátt í Íslandsmótinu. Stelpurnar náðu eftirtektarverðum árangri og voru hársbreidd frá því að komast upp. Uppistaðan í liðinu hjá þeim er einnig heimasmíðuð, stelpur sem hafa alist upp í gegnum yngri flokkana hjá okkur hér á Selfossi.

# Knattspyrnudeild



Það er því í senn ánægjulegt að horfa til baka og sjá að sú mikla uppbyggingarvinna sem unnin hefur verið er nú að skila okkur áþreifyanlegum árangri, og jafnframt spennandi að horfa fram á veginn á þau tækifæri sem við höfum skapað í gegnum öflugt barna- og unglíngastarf.

Lokahóf yngri flokkanna var haldið 13. september í sal FSu, þar sem keppnistímabilið var gert upp og veitt verðlaun fyrir góðan árangur. Sú hefð hefur skapast hjá okkur að veita sérstaka viðurkenningu fyrir það sem við köllum „Félagi ársins“. Þessi viðurkenning er veitt því fyrirtæki, einstaklingi eða hópi sem sýnt hefur öflugan stuðning og áhuga á barna- og unglíngastarfi deildarinnar. Að þessu sinni kom þessi viðurkenning í hlut MS á Selfossi, sem stutt hefur við bakið á krökkunum okkar með myndarlegum hætti í gegnum árin. Unglingaráð þakkar starfsfólki MS sérstaklega fyrir veittan stuðning og liðlegheit.

Unglingaráð vill nota tækifærið og þakka öllum þeim fjölmörgu sem lagt hafa hönd á plóg síðasta árið. Fyrst ber að þakka foreldrum og forráðamönnum fyrir frábært starf, keyrslu á leiki, kökubakstur, vinnu við fjáraflanir, Ólísmót og dyggan stuðning á hliðarlínunni. Þá ber að þakka þeim fjölmörgu fyrirtækjum og einstaklingum sem stutt hafa við bakið á yngri flokkastarfinu, en sá stuðningur er mikilvægur hlekkur í þeirri keðju sem starfið í raun er. Ekki má gleyma okkar frábæru þjálfurum, sem auðvitað gegna lykilhlutverki. Síðast en ekki síst viljum við þakka ykkur krakkar. Þið eruð frábær og forréttindi að fá að vinna með ykkur innan sem utan vallar.

## 3. fl. kvenna

Þjálfari: Guðmundur Sigmarsson.

Stelpurnar tóku þátt í Faxaflóamótinu og voru með tvö lið í Íslandsmótinu. Þær voru hársbreidd frá því að komast í úrslitakeppni Íslandsmótsins. Stelpurnar fóru í frægðarför til Danmerkur og unnu þar til verðlauna. Tvær stelpur voru fastamenn í byrjunarliði meistaraflokks kvenna.

## 3. fl. karla

Þjálfari: Gunnar Borgþórsson, yfirþjálfari yngri flokka.

Strákarnir tóku þátt í Faxaflóamótinu og voru með tvö lið í Íslandsmótinu. Samstarf var við KFR á Hvossvelli sem gekk með ágætum og vonandi verður framhald þar á. Stöðugar framfarir hafa verið í allt sumar og voru strákarnir nálægt því að komast í úrslit.

## 4. fl. kvenna

Þjálfari: Jóhann Bjarnason.

Góður hópur og öflugur æfir í þessum flokki. Stelpurnar tóku þátt í Faxaflóamótinu og voru með eitt lið í Íslands-

mótinu. Þær urðu í fjórða sæti í sínum riðli. Stelpurnar tóku einnig þátt í Rey Cup og stóðu sig með ágætum.

## 4. fl. Karla

Þjálfari: Lárus Arnar Guðmundsson.

Stákarnir tóku þátt í Faxaflóamótinu og voru með tvö lið (A og B) í Íslandsmótinu. Gríðarlegar framfarir voru og mikil fjölgun stráka í flokknum. Yfir 30 strákar æfðu að staðaldri með 4. flokki.

## 5. fl. kvenna

Þjálfari: Laufey Guðmundsdóttir.

Tvö lið tóku þátt í Íslandsmótinu. B-liðið komst í úrslit og A-liðið tapaði oddaleik um sæti í úrslitakeppninni með naumindum. Stelpurnar fóru einnig á Þæjumótið í Vestmannaeyjum og náðu góðum árangri þar.

## 5. fl. karla

Þjálfari: Guðmundur Garðar Sigfússon.

Fjölmennur og góður hópur æfði með 5. flokki. Fjögur lið tóku þátt í Íslandsmótinu og stóðu sig með ágætum. Þá fóru fjögur lið á N1 mótið. A-liðið stóð sig frábærlega, komst alla leið í úrslitaleikinn, en tapaði honum eftir hetjulega baráttu 2:1. Þá tóku strákarnir einnig þátt í Faxaflóamótinu.

## 6. fl. kvenna

Þjálfari: Laufey Guðmundsdóttir.

Stelpurnar tóku þátt í Síamótinu í Kópavogi, auk fleiri dagsmóta og gerðu góða hluti. Skemmtilegur hópur sem sýndi miklar framfarir í sumar.

## 6. fl. karla

Þjálfarar: Stefán Ragnar Guðlaugsson og Árni Páll Hafþórsson.

Strákarnir fóru á Shellmótið í Eyjum með 3 lið og gekk þeim ágætlega. Þeir tóku síðan þátt í Íslandsmótinu þar sem D-liðið gerði sér lítið fyrir og varð Íslandsmeistari í Suðvestur riðli, unnu alla leiki sína.

## 7. fl. karla og kvenna

Strákar þjálfari: Gunnar Borgþórsson.

Stelpur þjálfari: Laufey Guðmundsdóttir.

Í þessum flokkum fá allir krakkarnir viðurkenningu, verðlaunapening fyrir frábæran árangur og dugnað. Stelpur og strákar æfðu saman að miklu leyti. Strákarnir tóku þátt í Kaupþingsmótinu á Akranesi og einnig Skalla-grímsmótinu í Borgarnesi, þar sem öll liðin þrjú unnu til verðlauna. Stór og fjölmennur hópur. Stelpurnar fóru á Síamótið í Kópavogi og gerðu góða hluti þar.



## Skýrsla formanns

Á síðasta aðalfundi deildarinnar, sem haldinn var 9. mars 2009, voru eftirtaldir kjörnir í stjórn; Guðmundur Jóhannesson, Ingibjörg Elfa Laugdal Stefánsdóttir, Guðbjörg Árnadóttir, Sigrún Sunna Skúladóttir og Steinunn Aradóttir. Varamenn voru kjörnir Ragnheiður K. Arnadóttir og Sigurveig Sigurðardóttir. Stjórnin fundaði 10 sinnum frá aðalfundi, auk þess sem formaður hefur setið allmarga fundi aðalstjórnar Ungmennafélagsins, en í henni eiga sæti framkvæmdastjórn félagsins og formenn deilda. Aðalstjórn fundar alla jafna mánaðarlega.

### Fjáraflokkur

Fjáraflokkur deildarinnar á árinu voru hefðbundnar. Deildin sá um kaffiveitingar á aðalfundi Ungmennafélagsins og flöskum var safnað. Þær skipulagsbreytingar sem gerðar hafa verið vegna flöskusöfnunar hafa skilað sér í léttari og fljótlegru vinnu, en þetta er einn mikilvægast fjárflokkur deildarinnar. Auk þessa höfum við allmiklar tekjur af sölu auglýsingaskilta við sundlauginu á Selfossi þó að þær viðgerðir sem staðið hafa yfir á Sundhöllinni hafi valdið okkur verulegum tekjumissi á árinu þar sem skiltin voru ekki uppi nema hluta ársins. Þá höfum við tekið upp kókulottó sem fastan fjárflokkur okkar starfi. Þá er ótalið ungbarnasundið sem skilar deildinni verulegum tekjum á ári hverju. Guðbjörg Bjarnadóttir sýnir deildinni þar mikla velvild og tryggð sem undirrituðum er bæði ljúft og skylt að þakka fyrir.

### Þjálfaramál

Ekki urðu neinar breytingar á þjálfaramálum deildarinnar á árinu. Bryndís Ólafsdóttir gegnir sem fyrr stöðu yfirþjálfara og sér um þjálfun gull-, títan- og eirhópa. Hrafnhildur Guðmundsdóttir þjálfar silfur-, kopar- og bronshópa. Samstarf stjórnar við þjálfara hefur verið með miklum ágætum og ekki er annað að sjá en þjálfunin skili stöðugt betri árangri. Bryndís Ólafsdóttir hefur einnig haft veg og vanda af Sundskóla sunddeildarinnar, en á árinu voru haldin 6 námskeið með 102 þátttakendum.

### Foreldrastarf

Íþróttastarf barna og unglinga á Íslandi byggir að verulegu leyti á samstarfi viðkomandi íþróttafélaga við foreldra iðkenda. Brýnt er að það sé eins gott og mögulegt er á hverjum tíma. Stjórn deildarinnar hefur reynt að bæta þetta, m.a. með góðu upplýsingaflæði um starf deildarinnar til foreldra. Í haust var að venju gefinn út bæklingur um vetrarstarfið sem dreift var til allra foreldra. Heimasíðan hefur verið uppfærð með reglulegum hætti auk þess sem miklu magni af upplýsingum hefur verið bætt þar inn. Foreldraráð var skipað sömu aðilum og árið áður. Í því sitja Bergrós Gísladóttir, Elin Hafsteinsdóttir og Helga Sigurðardóttir. Því miður hefur foreldraráð ekki starfað með reglubundnum hætti en það er von okkar að breyting verði á.

### Iðkendum

Í janúar 2008 var fjöldi iðkenda 36 en góðu heilli hefur orðið nokkur fjölgun síðan þá og í desember voru iðkendur 45 talsins. Vonandi verður framhald á fjölgun iðkenda sem myndi auðvelda okkur starfseminu á margan hátt. Meðal annars myndi fjárhagslegur grundvöllur starfsins styrkjast og hægt yrði að dreifa vinnunni á fleiri hendur. Það er von okkar í stjórn sunddeildarinnar að okkur takist að auka iðkendafjöldann á næstu árum, en segjast verður eins og er að það er við ramman reip að draga gagnvart öðrum vinsælum íþróttagreinum. Það er líka okkar sjónarmið að halda ekki uppi samkeppni milli deilda um iðkendum heldur að börnin/unglingarnir finni sjálf hvaða íþrótt hentar þeim best. Okkar markmið er að búa þeim sem besta umgjörð og stuðla að félagslegan, andlegan og líkamlegum þroska hvers einstaklings. Varðandi árangur einstakra iðkenda vísast til skýrslu yfirþjálfara.

### Mót og ferðir

Sundmenn frá deildinni kepptu á 14 sundmótum sem er þremur mótum fleira en árið áður. Fjögur þessara móta voru á Selfossi og þar af tvö haldin af sunddeildinni sjálfri. Þá sendum við 4 keppendur á Aldursflokkameistaramót Íslands á Akureyri. Þrjú iðkendum náðu lágmarkum, en þar



sem Sundsamband Íslands leyfir félögum að senda 4 sundmenn hafi a.m.k. einn náð lágmarkum, var ákveðið að senda leyfilegan fjölda. Sunddeildin náði góðum árangri á þessum mótum og sigraði meðal annars á Héraðsmóti HSK í Hveragerði og á Unglingamóti HSK á Selfossi. Á Aldursflokkamótinu á Hvolsvelli töpuðum við naumlega fyrir Hamri. Farið var í hina hefðbundnu vorferð í Þrasta-lund í vor þar sem farið var í leiki og grillað. Auk þessa var farið í Skautahöllina í Reykjavík og á Söngvaseið í Borgar-leikhúsinu. Þá voru æfingabúðir að Borg í Grímsnesi í haust eins og undanfarin ár. Í júní fóru 7 iðkendur úr gullhópi í vikuförð til Rosenheim í Þýskalandi. Ferðin var í upp-hafi skipulögð sem keppnisferð en vegna þess að mótið sem fara átti á var fært til var ferðinni breytt í æfingaferð. Þjálfarar deildarinnar, Bryndís og Hrafnhildur, fóru með í ferðina sem í alla staði heppnaðist vel. Vonandi getur sunddeildin staðið fyrir slíkum ferðum á komandi árum en mikilvægt er að iðkendur okkar fái að kynna aðstæð-um hjá öðrum félögum, innanlands sem utan. Sunddeild-in styrkti ferðina um 200.000 kr. og VÍS styrkti okkur um 50.000 kr. sem hér með er þakkað kærlega fyrir. Að öðru leyti sáu þeir iðkendur sem í ferðina fóru um fjáröflun, m.a. með maraþonsundi og kökullottói.

## Félagslíf

Félagslíf innan deildarinnar hefur verið gott. Samheldni iðkendahópsins er mikil og aðdáunarvert að sjá hve vel eldri iðkendur aðstoða þá yngri jafnt á mótum sem og æfingum. Staðið hefur verið fyrir ýmsum viðburðum eins og skautuferð, pizzakvöldi, aðventuskemmtun, bingói o.fl. Þetta þjappar hópnum saman og er gaman að sjá hve hópnum kemur vel saman þrátt fyrir nokkurn aldursmun.

## Áhaldakaup

Á árinu var fjárfest í sundkútum og sundspöðum til notkunar við þjálfun. Þá smíðaði Árni Laugdal verðlauna-pall til notkunar á sundmótum hér á Selfossi og kunnum við honum hinar bestu þakkir fyrir.

## Félagsgallar og sundföt

Sunddeildin stóð fyrir kaupum iðkenda á bolum og stutt-buxum í litum Umf. Selfoss auk þess sem iðkendum voru boðnir „Áfram-Selfoss“ bolir til kaups. Allmargir nýttu sér þetta en við þessi kaup nutum við styrks frá TRS á Selfossi sem við þökkum kærlega fyrir. Á haustmánuðum flutti síðan sunddeildin inn sérmerktan sundfatnað í litum Umf. Selfoss frá Agonswim í Bandaríkjunum. Þessi sundfatnaður er einkum hugsaður sem keppnisfatnaður þannig að sundmenn okkar komi fram sem ein heild í liðsfatnaði.

## Lokaorð

Fjármögnun íþróttastarfs er ekki auðveld við þær aðstæð-ur sem ríkt hafa í þjóðfélaginu undanfarin misseri. Erfið-ara er að fá styrki frá fyrirtækjum og auglýsingatekjur af skiltum hafa dregist saman. Ef ekki á að koma til hækkun-ar á æfingagjöldum verðum við að ná auknum fjölda iðk-enda inn í íþróttina. Þar er við ramman reip að draga eins og áður sagði en íþróttir eins knattspyrna, fimleikar og handbolti taka til sín meginþorra barna og unglunga á svæðinu. Eftir stendur þó sú staðreynd að mikill meirihluti barna og unglunga á Selfossi stundar skipulagt íþróttastarf sem hlýtur á allan hátt að koma okkur til góða er fram í sækir. Það er líka staðreynd að æfingagjöld hjá Umf. Selfoss eru lág sem kemur til vegna almennrar og góðrar þátttöku auk velvilja fyrirtækja sem styðja við starfið. Á árinu styrkti Hafsteinn Þorvaldsson deildina með 100.000 kr. gjöf. Ég vil fyrir hönd deildarinnar þakka Hafsteini fyrir þann mikla hlýhug sem hann hefur sýnt starfi okkar og vona við berum gæfu til að nýta þessa fjármuni skynsam-lega í þágu iðkenda okkar.

Ég vil að lokum þakka stjórn og þjálfurum deildarinn-ar kærlega fyrir samstarfið sem hefur verið með mjög gott. Þá vil ég þakka Erni Guðnasyni, framkvæmdastjóra Ungmennafélagsins og Hansínu Kristjánsdóttur, bókara Ungmennafélagsins gott samstarf og góða vinnu á þágu sunddeildarinnar. Ég vil enn fremur þakka iðkendum og foreldrum/forráðamönnum þeirra fyrir gott og ánægju-legt samstarf á árinu.

*Guðmundur Jóhannesson,  
formaður sunddeildar*



## Þjálfaraskýrsla vegna ársins 2009

Iðkendafjöldinn fór úr 36 í janúar upp í 45 í desember.

### Sundmót

Sunddeild Selfoss fór með sundmenn sína á 14 sundmót. Fjögur mótanna voru á Selfossi, tvö þeirra haldin af sunddeildinni sjálfri. Við sendum 4 keppendur á Aldursflokka-meistaramót Íslands á Akureyri. Þrjú af þeim náðu lágmarkum, en þar sem Sundsamband Íslands leyfir félögum að senda minnst 4 sundmenn, tók ég þá ákvörðun að bjóða næsta stigahæsta einstaklingi deildarinnar að fara með. Hrólfur Laugdal Árnason varð 10. í 100m bringusundi (bæting), 11. í 200m fjórsundi (bæting), 200m bringusundi og 100m flugsundi (bæting) og 12. í 100m skriðsundi (bæting). Árný Oddbjörg Oddsdóttir varð 29. í 100m baksundi, 10. í 100m (bæting) og 200m bringusundi. Ólöf Eir Hoffritz varð 26. í 100m baksundi (bæting) og Kristín Inga Elísdóttir varð í 17. og síðasta sæti í 100m bringusundi (bæting).

### Viðurkenningar

Helena Mist Bjarnadóttir bætti sig mest á árinu eða um 21,09 sekúndur í 50m bringusundi. Alls bættu 8 sundmenn sig um meira en 10 sek í 13 greinum. Ellefu sundmenn fengu viðurkenningu fyrir góða ástundun og dugnað á árinu. Er þá átt við að sundmaður sé með 80% mætingu á æfingar eða betri.

### Ferðir

Farin var vikuferð til Þýskalands í júní. Ferðin átti upphaflega að vera keppnisferð, en þar sem mótið færðist til þá var hún notuð sem æfinga- og skemmtiferð. Alls fóru 7 meðlimir gullhópsins sem höfðu bæði keppt og stundað

æfingar vel. Í æfingabúðir að Borg í Grímsnesi fóru 23 sundmenn og ófáir foreldrar keyrðu, elduðu og sáu um þarfir sundmannanna okkar. Flöskusöfnunarferðin var á sínum stað. Farið var í Hellisskóg fyrir utan á. Hin hefðbundna lautar- og grillferð í Þratarlund var einnig farin í vor en eftir þá ferð fara flestir sundmennirnir okkar í sumarfrí.

### Árangur

Fjórir sundmenn náðu 500 stigum eða meira sem er fjölgun um tvo. Árný Oddbjörg Oddsdóttir náði þessum góða árangri í 50, 100 og 200m bringusundi, Hrólfur L. Árnason í 50 og 100m skriðsundi og 100m bringusundi, Ólöf E. Hoffritz í 100m skriðsundi og Eygerður Jónasdóttir í 100m bringusundi og skriðsundi.

### Sundskóli Sunddeildarinnar

Sundskólinn var á sínum stað og var með 6 námskeið með 102 þátttakendum.

### Flokkar deildarinnar

Flokkum deildarinnar fjölgaði úr fjórum (gull, silfur, brons og kopar) upp í sex (gull, títan, silfur, brons, kopar og eir). Þessi fjölgun var nauðsynleg þar sem kunnátta og geta iðkenda sem hafði fjölgað, var orðin of breið og skapaði því vandamál í tækniþjálfuninni. Við fengum eina línu til viðbótar í útilauginni sem leysti öll okkar vandamál varðandi flokkaskipti í innilauginni. Þar hafa hins vegar orðið árekstrar og samnýting laugarinnar ekki gengið upp sem skyldi vegna fjölgunar iðkenda og flokka.

### Þjálfarar

Bryndís Ólafsdóttir er sem áður fyrr yfirþjálfari og þjálfar gull, títan og eirhóp. Hrafnhildur Guðmundsdóttir þjálfar silfur-, kopar- og bronshóp.

*Bryndís Ólafsdóttir, yfirþjálfari sunddeildar*

# Taekwondodeild



## Ársskýrsla taekwondodeildar 2009

Það markverðasta sem gerðist í starfi deildarinnar á árinu var að við hlutum viðurkenningu sem Fyrirmyndardeild ÍSÍ. Með því fengum við jafnframt styrk frá sveitarfélaginu Árborg upp á 700.000 kr. og fáum síðan 400.000 kr. næstu þrjú ár. Með þessu er TKD Selfoss mjög vel stæð fjárhagslega og getur boðið uppá lægstu æfingargjöld innan Umf. Selfoss. Deildin fékk líka styrki frá Mennta-, menningar og félagsmálaráðaneytinu, annars vegar til dýnukaupa og hins vegar til að auka hlut stúlkna og kvenna í taekwondo Samtals voru þessir styrkir upp á 500.000 kr. Master Sigursteinn Snorrason kom til að sinna því verkefni með Daniel Jens Péturssyni, yfirþjálfara. Alls mættu 26 konur á það námskeið. Gekk námskeiðið svo vel að þetta verður gert að árvissum atburði. Líka má nefna að Ingunn í Pylsvagninum styrkti þetta verkefni, en hún er einnig stærsti styrktaraðilinn á æfingargöllum hjá okkur í TKD Selfoss. Við þökkum henni vel fyrir alla hjálpinu með þessi verkefni.

Nokkur fyrirtæki í Árborg hafa einnig veitt okkur góðan stuðning með ýmis konar styrkjum. Þau eru: Guðnabakarí, SS, MS, HP kökugerð, Lagnaþjónustan og JÁ verktakar. Einnig fengum við góðan styrk frá Hafsteini Þorvaldssyni sem hann gaf til minningar um konu sína Ragnhildi Ingvarsdóttur.

Nokkur mót voru haldin hér fyrir austan fjall í Íþróttahúsinu lðu. Íslandsmót í bardaga var haldið þann 14. mars, auk TSH bikarmóts og HSK móts í formum. Það er gaman að segja frá því að taekwondoiðkendum og foreldrar tala um það að bestu taekwondomót landsins séu haldin hér á Selfossi vegna góðrar skipulagningar og aðstöðu í lðu.

Æfingar hafa gegnið vel og iðkenndum fjólgar stöðugt. Í september 2009 stofnuðum við taekwondodeild á Stokkseyri í samstarfi við Umf. Stokkseyrar og er gífurlegur áhugi á íþróttinni þar. Þjálfun deildarinnar árið 2009 hvíldi mikið á herðum Daniels Jens Péturssonar. Daniel er yfirþjálfari deildarinnar og yfirkennari á Stokkseyri. Aðstoðarþjálfari á Stokkseyri er Bjarnheiður Ástgeirsdóttir og aðstoðarþjálfarar á Selfossi eru Brynjólfur Ingvarsson, Aron Bragason, Elín Linnea Ólafsdóttir og Karítas Gunnarsdóttir. Árið 2009 voru um 76 iðkendum sem stunduðu vikulega æfingar, sem er frábært fyrir svona nýja deild og sýnir að taekwondo er vaxandi íþróttargrein hér á Selfossi og í nágrenni. Félagatal deildarinnar sýnir 127 féлага og erum við næst fjölmennastir innan SsangYong TaeKwonFélaganna. Er deildin komin með árvisst TSH-mót vegna góðrar skipulagningar. Deildin var með æfingar sl. sumar og var þátttaka framar öllum vonum og nýjir iðkendum bættust í hópinn.

Formaður og meðstjórnandi tóku þátt í vinnu Umf. Selfoss og TKÍ. Starf deildarinnar er í miklum blóma og rekstur er góður. Um æfingaraðstöðu er það að segja að hún er orðin alltof lítil og við verðum að vona að framkvæmdir við sundlaugarbyggingu hefjist sem fyrst því okkur er lofað aðstöðu þar inni.

Árangur á mótum hér innanlands og utan var góður og keppendur voru til mikilla fyrirmyndar fyrir taekwondodeild Umf. Selfoss.

Í desember fengum við hvatningarverðlaun Árborgar fyrir góðan árangur og útbreiðslu á taekwondo.

*Ófeigur Ágúst Leifsson, formaður*



# Reikningar

félags og deilda

2009

# Framkvæmdastjórn Umf. Selfoss

## Rekstrarreikningur 2009

	Skýr.	2009	2008
<b>REKSTRARTEKJUR</b>			
Tjónabætur .....		1.236.159	345.800
Styrkir frá UMFÍ .....		30.000	0
Lottó .....		2.436.628	2.391.179
Styrkir Árborg .....	1	35.500.000	35.486.000
Verkefnasjóður HSK .....		25.000	0
Ýmsir styrkir frá fyrirtækjum .....		1.000.000	225.000
Auglýsingatekjur .....	2	703.853	315.000
Aðrar tekjur .....	3	2.598.920	1.078.547
<b>Rekstrartekjur alls</b>		<b>43.530.560</b>	<b>39.841.526</b>
<b>REKSTRARGJÖLD</b>			
Laun og launatengd gjöld .....	4	16.023.239	9.322.782
Styrkir til deilda .....	5	23.271.032	22.680.149
Íþróttahöld og búnaður .....		457.280	0
Verðlaun og viðurkenningar .....		10.950	12.700
Mótagjöld HSK .....		82.377	6.150
Rekstur skrifstofu .....	6	1.604.174	4.816.105
Kynning, fræðsla og útbreiðsla .....	7	1.134.984	1.604.524
Íþrótt- og tómstundaskólinn .....	8	420.731	60.141
Birgðabreyting .....		100.000	187.529
Kostnaður v/búninga .....		0	9.000
Posaleiga v/samkeppnisreksturs .....		45.372	34.162
Annar kostnaður .....		1.990	94.409
Gjaldfærsla v/endurbóta í eldhúsi .....		233.964	0
Afskriftir .....		0	451.251
<b>Rekstrargjöld alls</b>		<b>43.386.093</b>	<b>39.278.902</b>
<b>Hagnaður (tap) án fjármagnsliða</b>		<b>144.467</b>	<b>562.624</b>
<b>FJÁRMUNATEKJUR OG FJÁRMUNAGJÖLD</b>			
Vaxtatekjur .....		943.219	1.514.502
Vaxtatekjur jólasveinanefnd .....		298.697	0
Vaxtagjöld .....		(36.786)	(35.582)
Þjónustugjöld banka .....		(18.392)	(31.456)
Þjónustugjöld Visa/Euro .....		(10.860)	(2.364)
Fjármagnstekjuskattur .....		(140.690)	(139.440)
		<b>1.035.188</b>	<b>1.305.660</b>
<b>Hagnaður (tap) tímabilsins</b>		<b>1.179.655</b>	<b>1.868.284</b>

## Efnahagsreikningur 31. desember 2009

	Skýr.	2009	2008
<b>EIGNIR</b>			
<b>FASTAFJÁRMUNIR</b>			
Fasteignir .....		28.257.469	28.257.469
Ljósritunarvél .....		22.777	22.777
Tölvubúnaður .....		153.333	153.333
Eldhústæki og búnaður .....		2.224.414	0
<b>Fastafjármunir alls</b>		<b>30.657.993</b>	<b>28.433.579</b>
<b>VELTUFJÁRMUNIR</b>			
Íþróttavörubirgðir .....		315.040	415.040
Viðskiptakröfur .....		752.324	51.909
Handbært fé .....	9	10.429.367	12.290.590
<b>Veltufjármunir alls</b>		<b>11.496.731</b>	<b>12.757.929</b>
<b>Eignir samtals</b>		<b>42.154.724</b>	<b>41.191.508</b>
<b>SKULDIR OG EIGIÐ FÉ</b>			
<b>EIGIÐ FÉ</b>			
Óráðstafað eigið fé .....		40.121.149	35.063.998
Tekjuafgangur ársins .....		1.179.655	1.868.284
<b>Eigið fé alls</b>		<b>41.300.804</b>	<b>36.932.282</b>
<b>LANGTÍMASKULDIR</b>			
<b>SKAMMTÍMASKULDIR</b>			
Ógreiddur lífeyrissjóður .....		165.818	104.200
Ógreidd félagsgjöld .....		21.272	21.454
Ógreidd staðgreiðsla .....		242.507	0
Ógreitt tryggingagjald .....		(54.745)	0
Uppgjörsreikningur virðisauka .....		(13.206)	(128.319)
Viðskiptaskuldir .....		492.274	4.261.891
<b>Skammtímaskuldir alls</b>		<b>853.920</b>	<b>4.259.226</b>
<b>Skuldir og eigið fé samtals</b>		<b>42.154.724</b>	<b>41.191.508</b>

# Framkvæmdastjórn Umf. Selfoss

## Skýringar

### 1. Þjónustusamningur - Sveitarfélagið Árborg

Styrkur v/forvarna .....	700.000
Styrkur v/íþróttasalur Gagnheiði .....	600.000
Styrkur v/íþróttavöllur við Engjaveg .....	12.600.000
Styrkur í afreksmannasjóð.....	2.200.000
Styrkur v/ barna- og unglíngastarfs.....	2.500.000
Æfingaaðstaða utan Árborgar .....	1.000.000
Rekstrarstyrkur .....	11.400.000
Styrkur v/íþróttá og tómstundaskóla.....	3.000.000
Styrkur v/jólasveina og þrettánda.....	1.500.000
<b>Styrkir, Árborg alls</b>	<b>35.500.000</b>

### 2. Auglýsingatekjur

Auglýsingar í ársskýrslu.....	10.000
Aðrar auglýsingatekjur .....	693.853
<b>Auglýsingatekjur alls</b>	<b>703.853</b>

### 3. Aðrar tekjur

Sala minningarkorta.....	26.500
Tekjur af íþróttá og tómstundaskóla .....	1.655.601
Leiðrétt gjaldfærsla frá fyrra ári .....	239.118
Jólasveinanefnd .....	663.403
Sala búninga .....	14.298
<b>Aðrar tekjur alls</b>	<b>2.598.920</b>

### 4. Laun og launatengd gjöld

Laun starfsmanna .....	7.848.891
Laun íþróttá- og tómstundaskóla .....	5.078.160
Verktakagreiðslur .....	263.317
Tryggingagjald .....	920.681
Lífeyrissjóður 8%.....	1.142.291
Orlofs- og sjúkrasjóður .....	121.915
Bifreiðastyrkir .....	617.984
Aðrir styrkir .....	30.000
<b>Laun og launatengd gjöld alls</b>	<b>16.023.239</b>

### 5. Styrkir til deilda

Lottó til deilda .....	2.191.209
Æfingar utan Árborgar.....	1.000.000
Gagnheiði - Júðódeild .....	600.000
Rekstur íþróttavallarsvæðis .....	12.600.000
Styrkir úr afreksmannasjóði.....	2.490.000
Aðrir styrkir - systkinaafsláttur.....	55.000
Skattur til HSK.....	338.028
Styrkir v/barna- og unglíngastarfs .....	2.497.997
Auka barna- og unglíngastyrkur.....	1.498.798
<b>Styrkir til deilda alls</b>	<b>23.271.032</b>

### 6. Rekstur skrifstofu

Sími - ADSL - Sýn.....	320.974
Netþjónusta.....	455.078
Ritföng, pappír o.fl. ....	101.150
Rekstur ljósritunarvélar .....	87.054
Gjaldfærð skrifstofuáhöld.....	192.171
Póstkostnaður.....	27.778
Funda- og þingkostnaður.....	80.800
Kaffikostnaður og risna .....	20.990
Gjafir.....	15.780
Tölvukostnaður .....	100.978
Endurskoðun og reikningsskil .....	38.691
Kostnaður v/bókhaldshugbúnaðar .....	98.965
Annar skrifstofukostnaður .....	63.765
<b>Rekstur skrifstofu alls</b>	<b>1.604.174</b>

### 7. Kynning, fræðsla og útbreiðsla

Námskeiðsgjöld .....	60.500
Kostnaður v/íþróttasíðu .....	235.000
Kostnaður v/ársskýrslu .....	130.850
Jólasveinanefnd .....	708.634
<b>Kynning, fræðsla og útbreiðsla alls</b>	<b>1.134.984</b>

### 8. Íþróttá- og tómstundaskólinn

Matarkostnaður .....	286.637
Áhöld, tæki og búnaður .....	116.643
Auglýsingar og kynningar .....	17.451
<b>Kostn. v/íþr. og tómstundaskóla</b>	<b>420.731</b>

### 9. Handbært fé

586-26-001189 .....	3.289.664
586-14-100532 .....	2.859.937
586-14-401662 / Jólasveinanefnd .....	3.458.382
586-14-101275 / Afreksmannasjóður.....	594.395
586-26-002651 / Skíðadeild.....	211.316
152-26-008451 .....	15.673
<b>Handbært fé alls</b>	<b>10.429.367</b>

## Rekstrarreikningur 2009

	Skýr.	2009	2008
<b>REKSTRARTEKJUR</b>			
Framlag frá UMFS.....		12.600.000	12.600.000
Aðrir styrkir frá Árborg.....		0	580.000
Frá aðalstjórn v/tjónabætur.....		107.033	0
Rekstrarafgangur frá fyrri hluta árs 2008.....		0	307.466
Leigutekjur v/Tíbrá.....		192.611	145.400
Aðrar tekjur.....		125.450	0
<b>Rekstrartekjur alls</b>		<b>13.025.094</b>	<b>13.632.866</b>
<b>REKSTRARGJÖLD</b>			
Laun og verktakagreiðslur.....	1	10.766.621	9.479.532
Skrifstofuáhöld.....		0	18.730
Dómgæsla .....		60.000	20.000
Annar mótahaldskostnaður .....		113.771	26.995
Rekstur skrifstofu .....	6	108.576	37.512
Styrkir .....		0	58.000
Félagsgjald .....		0	63.000
Námskeið .....		13.424	0
Kaup á búningum .....		484.655	254.122
Sjúkrapúðar .....		299.921	0
Kostnaður v/skemmtanahalds .....		135.355	22.100
Annar kostnaður .....		0	5.000
Blóm og gjafrir .....		18.440	7.589
<b>Rekstrargjöld alls</b>		<b>3.681.089</b>	<b>2.285.430</b>
<b>Hagnaður (tap) án fjármagnsliða</b>		<b>476.915</b>	<b>280.071</b>
<b>FJÁRMUNATEKJUR OG FJÁRMAGNSGJÖLD</b>			
Vaxtatekjur .....		33.643	14.031
Seðiltekjur .....		2.470	22.990
Vaxtagjöld .....		(6.191)	(956)
Þjónustugjöld .....		(27.876)	(32.919)
Fjármagnstekjuskattur .....		(3.676)	(1.403)
		<b>(1.630)</b>	<b>1.743</b>
<b>Hagnaður (tap) tímabilsins</b>		<b>475.285</b>	<b>281.814</b>

## Efnahagsreikningur 31. desember 2009

	Skýr.	2009	2008
<b>EIGNIR</b>			
<b>VELTUFJÁRMUNIR</b>			
Búningar .....		796.500	796.500
Viðskiptakröfur .....		0	180.089
586-26-55511 .....		455.481	124.853
586-14-401547 .....		311.829	0
<b>Veltufjármunir alls</b>		<b>1.563.810</b>	<b>1.101.442</b>
<b>Eignir samtals</b>		<b>1.563.810</b>	<b>1.101.442</b>
<b>SKULDIR OG EIGIÐ FÉ</b>			
<b>EIGIÐ FÉ</b>			
Óráðstafað eigið fé .....		1.078.314	796.500
Tekjuafgangur ársins .....		475.285	281.814
<b>Eigið fé alls</b>		<b>1.553.599</b>	<b>1.078.314</b>
<b>SKAMMTÍMASKULDIR</b>			
Ógreidd laun.....		11.115	11.115
Ógreiddur lífeyrissjóður.....		(2.660)	-5.060
Ógreidd staðgreiðsla .....		15.188	16.932
Ógreitt tryggingagjald.....		(13.432)	141
<b>Skammtímaskuldir alls</b>		<b>10.211</b>	<b>23.128</b>
<b>Skuldir og eigið fé samtals</b>		<b>1.563.810</b>	<b>1.101.442</b>

## Skýringar

### 1. Framlög og styrkir

Lottó.....	130.032
Barna- og unglíngastyrkir .....	237.179
<b>Framlög og styrkir alls</b>	<b>367.211</b>

### 2. Vörsala

Sala búninga .....	319.500
Veitingasala .....	13.220
Seldir sjúkrapúðar .....	276.000
<b>Vörsala alls</b>	<b>608.720</b>

### 3. Laun og verktakagreiðslur

Laun þjálfara.....	180.000
Aðrar verktakagreiðslur.....	96.600
Tryggingagjald .....	40.988
Lífeyrissjóður .....	14.400
Bifreiðastyrkir þjálfara.....	442.060
<b>Laun og verktakagreiðslur alls</b>	<b>774.048</b>

### 4. Áhöld og tæki

Búningar .....	745.942
Íþróttáhöld .....	503.299
Keyptar bækur og diskar.....	75.000
Önnur áhöld .....	88.483
<b>Áhöld og tæki alls</b>	<b>1.412.724</b>

### 5. Þátttaka í mótum

Þátttökugjöld .....	151.000
Uppihald.....	5.494
Gisting .....	62.352
Sjúkrakostnaður .....	26.665
<b>Þátttaka í mótum alls</b>	<b>245.511</b>

### 6. Rekstur skrifstofu

Sími.....	7.918
Ritföng.....	62.909
Prentun.....	29.033
Póstkostnaður.....	1.872
Funda- og þingkostnaður .....	6.844
<b>Rekstur skrifstofu alls</b>	<b>108.576</b>

# Lög Ungmennafélags Selfoss

## 1. kafli – Um Umf. Selfoss

### 1. grein

Félagið heitir Ungmennafélag Selfoss, skammstafað Umf. Selfoss og hefur aðsetur sitt á Selfossi í sveitarfélaginu Árborg á Suðurlandi.

### 2. grein

Merki félagsins er skjaldarmerki með breiðum úttjóðrum í vínrauðum og hvítum lit. Innan í koma orðin UMF. Selfoss, 1936.

### 3. grein.

Keppnisbúningur og æfingabúningur félagsins skal vera í vínrauðum og hvítum aðallitum með hvítri áletrun og merki félagsins í vinstri barmi. Hverri deild innan félagsins er heimilt að útfæra ofangreinda aðalliti á keppnisbúningum að eigin vild, en þó fá staðfestingu aðalstjórnar. Heimilt er hverri deild að setja á aðra búninga en keppnisbúninga, táknmerki viðkomandi deildar og stofnár.

## 2. kafli – Markmið Umf. Selfoss

### 4. grein.

Markmið félagsins eru:

- Að auka áhuga á íþróttaiðkun og líkamsrækt.
- Að standa fyrir öflugu og faglegu íþrótt- og félagsstarfi, sérstaklega meðal barna og unglinga.
- Efla keppnis- og afreksíþróttir.
- Að vinna gegn tóbaksreykingum, neyslu áfengis og annarra skaðnautna.
- Að vinna að markmiðum og stefnuskrá Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands og Ungmennafélags Íslands með kjörorðunum „ÍSLANDI ALLT“.

### 5. grein.

Umf. Selfoss er aðili að Héraðssambandinu Skarphéðni (HSK), sem er aðili að Íþrótt- og Ólympíusambandi Íslands (ÍÓÍ) og Ungmennafélagi Íslands (UMFÍ).

## 3. kafli – Félagar

### 6. grein.

Félagið er myndað af einstaklingum sem mynda deildir um iðkun viðurkenndrar íþróttagreinar eða annarrar starfsemi sem samrýmist markmiðum ungmenna- og íþróttafélagshreyfingarinnar og hafa sameiginlega aðalstjórn, sem er æðsti aðili félagsins milli aðalfunda.

### 7. grein.

Félagi getur hver sá orðið sem æskir þess og greiðir árgjald. Heimilt er að skrá sig í fleiri en eina deild. Hægt er að gerast félagi í Umf. Selfoss án þess að ganga í deild innan félagsins og skulu þeir einstaklingar heyra undir aðalstjórn. Félagar skuldbinda sig til að fara að lögum félagsins, hlíta keppnisreglum og vera félaginu til sóma hvarvetna sem þeir koma fram á vegum eða fyrir hönd félagsins. Aðalstjórn er heimilt að víkja félagi úr félaginu hafi hann

brotið gegn lögum félagsins eða álfti hún framkomu hans eða gjörðir að öðru leyti víttaverðar.

### 8. grein.

Heimilt er að afla styrktarféлага sem hafa öll sömu réttindi og aðrir félagar. Ákveða skal félagsgjald styrktarféлага til deilda á aðalfundi viðkomandi deildar en til aðalstjórnar á aðalfundi Umf. Selfoss.

### 9. grein.

Árgjald féлага skal vera það sama hjá öllum deildum og ákveðið á aðalfundi Umf. Selfoss.

## 4. kafli – Deildir

### 10. grein.

Deildir skulu standa fyrir iðkun og eftir atvikum æfingum og keppni í viðurkenndum íþróttgreinum skv. skilgreiningu ÍÓÍ eða annarri starfsemi sem samrýmist markmiðum íþrótt- og ungmennafélaganna. Framkvæmdastjórn skal halda sérstaka skrá yfir þær deildir sem starfandi eru innan félagsins hverju sinni. Skráin skal staðfest á aðalfundi. Til þess að deild teljist starfhæf skulu að jafnaði a.m.k. 20 félagar viðkomandi deildar hafa greitt félagsgjöld.

Komi fram skrifleg umsókn frá a.m.k. 20 sjálfráða einstaklingum um stofnun nýrrar deildar innan félagsins, skal aðalstjórn félagsins standa fyrir stofnfundi nýrrar deildar samkv. 13. gr. laga félagsins og leggja síðan fyrir næsta aðalfund félagsins til samþykktar. Aðalstjórn getur þó veitt nýrri deild bráðabirgðaráðild fram að næsta aðalfundi.

### 11. grein.

Hver deild innan félagsins hefur sér stjórn og fjárhag. Stjórn hverrar deildar félagsins skal skipuð þrem til sjö mönnum; formanni, gjaldkera og ritara sem kjörnir eru sérstaklega á aðalfundi viðkomandi deildar og allt að fjórum meðstjórnendum. Deildarstjórn ákveður verkaskiptingu meðstjórnenda á fyrsta stjórnarfundi. Kjörtímabil deildarstjórna er á milli aðalfunda viðkomandi deilda. Skylt er að halda stjórnarfundi reglulega. Halda skal sérstaka gjörðabók um stjórnarfundi og senda afrit fundargerða til framkvæmdastjórnar.

Heimilt er að stofna unglingarád innan deilda sem skal sérstaklega sjá um og vinna að eflingu starfsins hjá börnum og unglingum. Unglingaráð starfar á vegum stjórnar deildarinnar og skal kosið í það á aðalfundi deildar eða skipun þess staðfest á aðalfundi. Deildirnar skulu setja sér nánari reglur um skipun, starfshætti og starfsemi unglingaráðs. Halda skal fjárhag unglingaráðs aðskildum frá öðrum fjárhag deildarinnar en áætlanir og ákvarðanir um fjáraflanir og ráðstöfun fjármuna skulu hljóta samþykki deildarstjórnar, og lúta að öllu leyti sömu skilmálum og gilda um fjármál deilda, sbr. m.a. ákvæði 13. greinar laga þessara.

### 12. grein.

Stjórnir deilda skulu framfylgja samþykktum aðalfunda deilda og ráða daglegum rekstri þeirra, þar á meðal ráða þjálfara og ákveða laun þeirra. Hver deild skal halda nákvæmt féлага- og iðkendatal samkvæmt lögum og reglum UMFÍ og ÍÓÍ. Hver deild skal skila aðalstjórn félagatali sínu fyrir 30 janúar ár hvert.

Rekstur deilda skal vera hallalaus á hverju ári. Aðalstjórn skal setja verklagsreglur um fjárreiður og bókhald félagsins og deilda þess og skal framkvæmdastjórn hafa eftirlit með því að þeim sé fylgt. Aðalfundur deildar skal samþykkja fjárhagsáætlun sem þarf að fá staðfestingu aðalfundar félagsins til að öðlast gildi. Deildum er óheimilt að stofna til fjárskuldbindinga umfram fjárhagsáætlun nema með samþykki framkvæmdastjórnar.

Hver deild aftar fjár til sinnar starfsemi og hefur tekjur af:

- Árgjöldum deildar.
- Æfingagjöldum.
- Styrktarfélagsgjöldum.
- Ágóða af íþróttamótum viðkomandi deildar.
- Lottótækjum skv. skiptareglum og öðru fjármagni til skipta.
- Öðrum tekjuöflunarleiðum sem ekki rekast á við starf annarra deilda.

Deildarstjórn skal halda skýrslu um starf deildarinnar sem lögð skal fyrir aðalfund deildarinnar og afhent aðalstjórn til birtingar í ársskýrslu félagsins.

### 13. grein.

Aðalfundir deilda félagsins skulu vera haldnir eigi síðar en 31. mars fyrir liðið starfsár. Knattspyrnudeild skal þó heimilt að halda aðalfund á starfsárinu, eftir lok keppnistímabils að hausti, en þó eigi síðar en 15. nóvember og skal þá leggja fram níu mánaða milliuppgjör. Knattspyrnudeild er samt sem áður skylt að leggja fram endurskoðaðan ársreikning a.m.k. tveimur vikum fyrir aðalfund félagsins.

Atkvæðisrétt á aðalfundi deildar hafa allir félagar deildarinnar, enda hafi þeir greitt öll lögboðin gjöld. Kjörgengir eru þó aðeins félagar deildarinnar sem náð hafa 15 ára aldri, nema til formanns og gjaldkera verða þeir að vera 18 ára. Til aðalfundar deilda skal boða með viku fyrirvara með auglýsingu í staðarblöðum og er hann löglegur sé löglega til hans boðað. Stjórn skal leggja fyrir aðalfund fjölfaldaða ársskýrslu, ársreikninga og fjárhagsáætlun.

Dagskrá aðalfunda deilda skal vera sem hér segir:

- Formaður deildarinnar setur fundinn.
- Kosinn fundarstjóri.
- Kosinn fundarritari.
- Fundargerð síðasta aðalfundar lögð fram til samþykktar.
- Formaður leggur fram ársskýrslu deildarinnar.

- Gjaldkeri leggur fram og útskýrir endurskoðaða reikninga, sem síðan eru bornir undir atkvæði.
- Gjaldkeri leggur fram fjárhagsáætlun til afgreiðslu.
- Stjórnarkjör:
  - Kosinn formaður.
  - Kosinn gjaldkeri
  - Kosinn ritari.
  - Kosnir meðstjórnendur, eftir ákvörðun fundarins.
- Önnur mál.

Á aðalfundi deilda ræður meirihluti atkvæða úrslitum allra mála. Kosning deildarstjórna skal vera skrifleg, ef þurfa þykir. Ef atkvæði eru jöfn skal kosið bundinni kosningu og fáist enn ekki úrslit skal hlutkesti ráða.

#### 14. grein.

Vanræki einhver deild að halda aðalfund á tilsettum tíma, skal framkvæmdastjórn félagsins boða til fundarins og sjá um framkvæmd hans.

## 5. kafli – Aðalfundur Umf. Selfoss

#### 15. grein.

Aðalfundur Umf. Selfoss fer með æðsta vald í málefnum félagsins. Aðalfund skal halda eigi síðar en 30. apríl ár hvert. Til aðalfundar skal boða með bréfi til stjórna allra deilda félagsins og auglýsingu í staðarblöðum með tveggja vikna fyrirvara og er hann löglegur ef löglega er til hans boðað. Allir félagar 16 ára og eldri hafa kjörgengi til aðalfundar og 18 ára og eldri til stjórnarstarfa í aðalstjórn. Allir félagar hafa málfrelsi og tillögurétt á fundum félagsins og deilda þess. Aðalstjórn skal leggja fyrir aðalfund fjölfaldaða ársskýrslu félagsins, ársreikninga og fjárhagsáætlun næsta árs.

Atkvæðisrétt á aðalfundi hafa eftirtaldir félagar:

- Framkvæmdastjórn félagsins.
- Formenn allra deilda félagsins.
- 43 fulltrúar deilda, sem kosnir eru á aðalfundi þeirra eða stjórn deildar tilnefnir skv. ákvörðun aðalfundar deildarinnar, í réttu hlutfalli við iðkendur hvernar deildar á aldrinum 6 til 16 ára. Við ákvörðun hverjir séu iðkendur skal miðað við að iðkun sé regluleg, a.m.k. einu sinni í viku yfir tímabil sem sé að lágmarki 3 mánuðir á almanaksárinu, skv. skráningu í félagaskráningakerfinu Felix.

Hver félagi getur aðeins farið með eitt atkvæði.

Hafi deild ekki haldið aðalfund eða sent fullgilt félagatal til aðalstjórnar á tilsettum tíma, eða ársreikningar deildar eru ekki samþykktir á aðalfundi hennar missa allir fulltrúar deildarinnar atkvæðisrétt á aðalfundi Umf. Selfoss.

Dagskrá aðalfundar Umf. Selfoss skal vera sem hér segir:

Formaður setur fundinn. Kosinn fundarstjóri og einn til vara. Kosinn fundarritari og einn til vara. Kosin þriggja manna kjörbréfanefnd. Fundargerð síðasta aðalfundar lögð fram til samþykktar. Formaður flytur ársskýrslu félagsins. Gjaldkeri leggur fram reikninga til samþykktar. Lagt fram álit kjörbréfanefndar. Umræður um skýrslu formanns og gjaldkera og reikningar félagsins bornir upp til samþykktar. Ávörp gesta. Tillögur lagðar fyrir fundinn. Verðlaunaafhending og lýst kjöri íþróttakarls og íþróttakonu Umf. Selfoss. Kaffihlé. Umræður og afgreiðsla tillagna. Lagabreytingar. Gjaldkeri leggur fram fjárhagsáætlun aðalstjórnar til samþykktar og deilda til staðfestingar. Ákveðin árgjöld félagsins og deilda Stjórnarkjör:

- Kosinn formaður.
- Kosinn gjaldkeri.
- Kosinn ritari.
- Kosnir tveir meðstjórnendur
- Kosnir 2 skoðunarmenn og tveir til vara.
- Kosning í jóla- og þrettándanefnd.

Önnur mál.

Heimilt er fundarstjóra að færa til dagskrárliði með samþykki fundarins.

#### 16. grein.

Á aðalfundi félagsins ræður einfaldur meirihluti úrslitum mála. Kosningar skulu vera skriflegar ef þurfa þykir. Séu atkvæði jöfn skal kjósa bundinni kosningu um þá menn að nýju. Verði atkvæði þá enn jöfn skal hlutkesti ráða.

#### 17. grein.

Reikningsár félagsins og deilda þess er almanaksárið.

## 6. kafli. – Aðalstjórn og framkvæmdastjórn

#### 18. grein.

Framkvæmdastjórn félagsins skipa fimm menn, formaður, gjaldkeri, ritari og tveir meðstjórnendur sem kjósa skal á aðalfundi félagsins ár hvert og mega þeir ekki einnig vera formenn deilda félagsins. Framkvæmdastjórn fer með hlutverk aðalstjórnar milli aðalstjórnarfunda.

#### 19. grein.

Framkvæmdastjórn og formenn allra starfandi deilda, eða annar stjórnarmaður í föllum fomanns, skipa aðalstjórn Umf. Selfoss. Aðalstjórn Umf. Selfoss fer með æðsta vald í málefnum félagsins milli aðalfunda. Meirihluti atkvæða ræður úrslitum mála í aðalstjórn. Fyrsta fund aðalstjórnar skal boða innan 15 daga frá aðalfundi félagsins. Aðalstjórn skal að jafnaði funda mánaðarlega og skulu aðalstjórnarfundir tímasettir fyrir

allt árið á fyrsta fundi eftir aðalfund. Halda skal sérstaka gjörðabók um aðalstjórnarfundi.

#### 20. grein.

Aðalstjórn félagsins ber að framfylgja samþykktum aðalfundar, koma fram fyrir hönd félagsins, efla félagið á allan hátt og gæta hagsmuna þess í hvívetna. Hún hefur umráðarétt yfir öllum eignum félagsins og ræður starfsemi þess í aðalatriðum í samráði við deildarstjórnir. Alla sjóði félagsins skal ávaxta í banka eða sparisjóði. Kaup og sala fasteigna félagsins er bundin aðalfundarsamþykkt. Aðalstjórn tekur ákvörðun um skiptingu fjármagns sem félagið hefur aflað og staðið sameiginlega að. Heimilt er aðalstjórn og framkvæmdastjórn félagsins að skipa nefndir sem hún telur þörf á.

## 7. kafli – Heiðursviðurkenningar

#### 21. grein.

Aðalfundur getur kosið heiðursfélag Umf. Selfoss hvern þann sem unnið hefur afbragðs starf í þágu félagsins og er það æðsti heiður sem félagið veitir. Til kosningar heiðursfélaga þarf samþykki 2/3 hluta greiddra atkvæða á aðalfundi. Heiðursfélag skal afhentur heiðursfélagafáni Umf. Selfoss með áletrunni nafni. Heiðursfélagar eru undanþegnir öllum gjöldum til félagsins.

#### 22. grein.

Eftirtaldir viðurkenningar skulu veittar eftir ákvörðun aðalstjórnar Umf. Selfoss:

- Björns Blöndal bikar skal veittur þeim manni eða konu innan félagsins eða utan, sem unnið hefur félaginu vel.
- UMFÍ bikarinn, „deild ársins“. Bikarinn er veittur fyrir mesta félagslega starfið. Aðal- og framkvæmdastjórn er heimilt að veita merki félagsins fyrir gott starf í þágu félagsins.

#### 23. grein.

Deildir félagsins velja íþróttakar og íþróttakonu ársins hver í sinni deild, setja reglur þar um og veita verðlaun. Deildir skulu skila tilnefningum íþróttakarls og íþróttakonu Umf. Selfoss til aðalstjórnar eigi síðar en 31. desember. Með tilnefningum fylgi greinargerð um íþróttalegan árangur á árinu.

Aðalstjórn félagsins skipar fimm manna valnefnd sem skal útnefna íþróttakar og íþróttakonu Umf. Selfoss. Hljóta þau til varðveislu farandgrip í eitt ár og að auki staðfestingargrip til eignar. Til greina koma eingöngu þeir sem tilnefndir hafa verið af deildum félagsins auk þeirra sem hafa náð framúrskarandi árangri þar sem ekki er starfandi deild.

Við valið skal tekið mið af eftirfarandi:

- Alþjóðlegur árangur, landsárangur og árangur á héraðsvísu.
- Íþróttakar og íþróttakona Umf. Selfoss þurfa að hafa náð 14 ára aldri.
- Stöðu viðkomandi íþróttgreinar.

# Formenn – bikarar

## 8. kafli – Slit Umf. Selfoss

24. grein.

Ef félagið verður lagt niður verða eigur þess afhentar íþróttá- og tómstundaneftnd Árborgar til varðveislu.

## 9. kafli – Lagabreytingar og gildistaka

25. grein.

Lögum þessum má eingöngu breyta á lög-  
mætum aðalfundi félagsins og þarf til þess  
2/3 hluta greiddra atkvæða. Tillögur til  
breytinga á lögum félagsins skal senda  
aðalstjórn eigi síðar en viku fyrir aðalfund  
og skulu þær vera undirritaðar af flutnings-  
mönnum. Framkvæmdastjórn skal senda  
stjórnnum deilda tillögur til lagabreytinga  
til kynningar a.m.k. 4 dögum fyrir aðal-  
fund. Heimilt er þó að taka fyrir á aðalfundi

tillögur til breytinga á lögum félagsins,  
sem síðar koma fram, ef það er samþykkt  
með 2/3 hlutum greiddra atkvæða.

26. grein.

Lög þessi öðlast þegar gildi og eru jafn-  
framt eldri lög félagsins úr gildi fallin.

*Samþykkt á aðalfundi Umf. Selfoss hinn 15.  
maí 2008.*

## Formenn Umf. Selfoss frá upphafi

1936	Vernharður Jónsson	1955	Hafsteinn Sveinsson	1983	Gunnar Kristjánsson
1937	Björn Blöndal Guðmundsson	1956-1958	Enginn kosinn, en Kristján Guðmundsson stýrði.		Bárður Guðmundsson tók við á miðju ári.
1938-1942	Grímur Thorarensen	1959	Grímur Thorarensen	1984-1989	Björn Gíslason
1943	Sigfús Sigurðsson	1960-1961	Enginn kosinn.	1990-1991	Elinborg Gunnarsdóttir
1944-1945	Leifur Eyjólfsson	1962	Hafsteinn Þorvaldsson	1992-1995	Gísli Á. Jónsson
1946	Arnold Pétursson kosinn en baðst lausnar. Guðmundur Jónsson tók við.	1963	Hörður S. Óskarsson	1996	Gísli Á. Jónsson
1947	Leifur Eyjólfsson	1964	Sigfús Sigurðsson		Þórður G. Árnason tók við á miðju ári.
1948	Helgi Ólafsson	1965-1969	Kristján S. Jónsson	1997-1998	Þórður G. Árnason
1949-1952	Guðmundur Geir Ólafsson	1970-1976	Hörður S. Óskarsson	1999-2003	Sigurður Jónsson
1953-1954	Árni Guðmundsson	1977-1979	Sigurður Jónsson	2004-2007	Þórir Haraldsson
		1980-1982	Sigmundur Stefánsson	2008-2009	Axel Þór Gissurarson

## Björns Blöndal bikarinn

2009	Bergur Pálsson	1989	Gísli Á. Jónsson
2008	Próstur Ingvarsson	1988	Aðalbjörg Hafsteinsdóttir
2007	Jóhannes Óli Kjartansson	1987	Sveinn Á. Sigurðsson
2006	Ragnheiður Thorlacius	1986	Ingvar Gunnlaugsson
2005	Sigríður Jensdóttir	1985	Bárður Guðmundsson
2004	Bergur Guðmundsson	1984	Sigmundur Stefánsson
2003	Stefán Ólafsson	1983	Sigurður Jónsson
2002	Guðrún S. Þorsteinsdóttir	1982	Sigurður Ingimundarson
2001	Ólafur Ragnarsson	1981	Guðmundur Kr. Jónsson
2000	Gylfi Þorkelsson	1980	Kristján Jónsson
1999	Þórarinn Ingólfsson	1979	Björn Gíslason
1998	Ólafur Sigurðsson	1978	Þórður Gunnarsson
1997	Svanur Ingvarsson	1977	Hörður Óskarsson
1996	Guðmunda Auðunsdóttir	1976	Páll Lýðsson
1995	Garðar Gestsson		
1994	Einar Jónsson		
1993	Þórður G. Árnason		
1992	Guðmundur Kr. Ingvarsson		
1991	Gunnar Guðmundsson		
1990	Smári Kristjánsson		

Bikarinn var gefinn af eftirlifandi systkin-  
um Björns Blöndal, þann 27. nóvember  
1976. Bikarinn skal veittur þeim einstak-  
lingi innan félagsins eða utan sem hefur

unnið félaginu vel. Um bikarinn segir í  
ársskýrslu Umf. Selfoss 1976:  
„Sýning var haldin á verðlaunagripum fél-  
agsins og nýttkominni afmælisbók og  
tókst sýning þessi vel. Þá gerðist það á  
sýningu þessari, að eftirlifandi systkini  
Björns Blöndal gáfu félaginu sérstakan  
HEIÐURSBIKAR - Björns Blöndal bikarinn  
- sem veita skyldi árlega (farandgripur):  
1. Þeim manni eða konu innan félagsins  
eða utan - virkur í starfi og sem að dómi  
stjórnar og deilda hefur unnið félaginu vel.  
2. Gefendur bjóðast til að láta lettra á bik-  
arinn nafn þess sem hlýtur hann ár hvert  
næstu 5 árin – eða til ársins 1981. Þá hlýtur  
og sá hinn sami heiðurspening til eignar.  
Um þetta sér Lárus Blöndal, bókaverslunin  
Skólavörðustíg 2, Reykjavík.  
3. Afhenda skal bikarinn 7. des. ár hvert  
(afmælisdag Björns heitins).“

## UMFÍ bikarinn – Deild ársins

2009	Taekwondodeild - Fyrir útbreiðslu, foreldrastarf og Fyrirmyndardeild ÍSÍ.	2005	Sunddeild - Fyrir gott starf við heima- síðuna og barna- og unglingsstarf.	1997	Fimleikadeild
2008	Knattspyrnudeild - Fyrir eflingu kvennaknattspyrnu og Fyrirmyndar- deild ÍSÍ	2004	Knattspyrnudeild – v/yngrir flokka	1996	Sunddeild
2007	Fimleikadeild - Fyrirmyndardeild ÍSÍ	2003	Handknattleiksdeild – Fyrir gott félagsstarf	1995	Knattspyrnudeild
2006	Handknattleiksdeild - Fyrir stofnun handboltaakademíu og gott barna- og unglingsstarf.	2002	Fimleikadeild		
		2001	Knattspyrnudeild		
		2000	Frjálsíþróttadeild		
		1999	Knattspyrnudeild		
		1998	Knattspyrnudeild		

UMFÍ-bikarinn er veittur þeirri deild sem  
sýnir mesta félagslega starfið innan Umf.  
Selfoss. Bikarinn var gefinn af Ungmennna-  
félagi Íslands á aðalfundi Umf. Selfoss 26.  
febrúar 1996. Kom hann í stað Hafsteins-  
bikarsins sem var tekinn úr umferð þá.

## Hafsteins bikarinn

Handhafar Hafsteins bikarsins frá upphafi:  
 1994 Körfuknattleiksdeild  
 1993 Fimleikadeild  
 1992 Handknattleiksdeild  
 1991 Frjálsíþróttadeild  
 1990 Handknattleiksdeild  
 1989 Frjálsíþróttadeild  
 1988 Knattspyrnudeild  
 1987 Handknattleiksdeild

1986 Frjálsíþróttadeild  
 1985 Handknattleiksdeild  
 1984 Frjálsíþróttadeild  
 1983 Sunddeild  
 1982 Knattspyrnudeild  
 1981 Sunddeild  
 1980 Handknattleiksdeild  
 1979 Knattspyrnudeild  
 1978 Frjálsíþróttadeild

1977 Knattspyrnudeild  
 1976 Sunddeild

Hafsteins-bikarinn var veittur þeirri deild sem sýndi mesta félagslega starfið. Bikarinn gaf Hafsteinn Þorvaldsson, formaður UMFÍ, félaginu að gjöf á aðalfundi þess 24. febrúar 1976.

## Heiðursfélagar, gull- og silfurhafar Umf. Selfoss

### Heiðursfélagar Umf. Selfoss

Bjarni Sigurgeirsson\* 01. 06. 1971  
 Grímur Thorarensen\* 01. 06. 1971  
 Guðmundur Jóhannsson\* 01. 06. 1971  
 Guðmundur Geir Ólafsson\* 01. 06. 1976  
 Kolbeinn I. Kristinsson 01. 06. 1976  
 Sigfús Sigurðsson\* 01. 06. 1976  
 Hörður S. Óskarsson 01. 06. 1986  
 Sigurður Ingimundarson\* 04. 12. 1988  
 Hafsteinn Þorvaldsson 03. 05. 2007  
 Kristján S. Jónsson 03. 05. 2007  
 Tómas Jónsson 03. 05. 2007  
 \* Látinn.

Ingólfur Bárðarson 01. 06. 1986  
 Kristján Jónsson 01. 06. 1986  
 Páll Lýðsson 01. 06. 1986  
 Sigurður Ingimundarson 01. 06. 1986  
 Sigurður Jónsson 01. 06. 1986  
 Arnold Pétursson 30. 12. 1989  
 Garðar Jónsson 30. 12. 1989  
 Sveinborg Jónsdóttir 30. 12. 1989

Sigurður Árnason 01. 06. 1976  
 Sveinn J. Sveinsson 01. 06. 1976  
 Elínborg Gunnarsdóttir 01. 06. 1986  
 Þórður Gunnarsson 01. 06. 1986  
 Sigmundur Stefánsson 01. 06. 1986  
 Kristján Már Gunnarsson 01. 06. 1986  
 Guðmundur Kr. Ingvarsson 01. 06. 1986  
 Bjarni Sigurjónsson 01. 06. 1986

### Silfurmerkjahafar Umf. Selfoss

Guðmundur Geir Ólafsson 01. 06. 1971  
 Helgi Ólafsson 01. 06. 1971  
 Kolbeinn I. Kristinsson 01. 06. 1971  
 Leifur Eyjólfsson 01. 06. 1971  
 Sigfús Sigurðsson 01. 06. 1971  
 Arnold Pétursson 01. 06. 1976  
 Árni Erlingsson 01. 06. 1976  
 Brynleifur Jónsson 01. 06. 1976  
 Hafsteinn Sveinsson 01. 06. 1976  
 Ingibjörg Sveinsdóttir 01. 06. 1976  
 Ingólfur Bárðarson 01. 06. 1976  
 Kristján Guðmundsson 01. 06. 1976  
 Oddur Helgason 01. 06. 1976

Sigurður Grétarsson 01. 06. 1986  
 Gísli Á. Jónsson 01. 06. 1986  
 Gísli Magnússon 01. 06. 1986  
 Marteinn Sigurgeirsson 01. 06. 1986  
 Hjalti Sigurðsson 01. 06. 1986  
 Tryggvi Gunnarsson 01. 06. 1986  
 Kári Jónsson 01. 06. 1986  
 Sumarliði Guðbjartsson 01. 06. 1986  
 Vésteinn Hafsteinsson 01. 06. 1986  
 Þráinn Hafsteinsson 01. 06. 1986  
 Hugi Harðarson 01. 06. 1986  
 Tryggvi Helgason 01. 06. 1986  
 Þórir Hergeirsson 01. 06. 1986  
 Diðrik Haraldsson 01. 06. 1986  
 Einar Jónsson 01. 06. 1986

## Viðurkenningar á aðalfundi 2010

### Íþróttamaður ársins 2009

Sævar Þór Gíslason, knattspyrna

Aðrir íþróttamenn tilnefndir af deildum:  
 Daníel Jens Pétursson, taekwondo  
 Ragnar Jóhannsson, handknattleikur

### Íþróttakona ársins 2009

Ágústa Tryggvadóttir, frjálsar íþróttir

Aðrar íþróttakonur tilnefndar af deildum:  
 Rakel Nathalie Kristinsdóttir, fimleikar  
 Bjarnheiður Ástgeirsdóttir, taekwondo  
 Þóra Margrét Ólafsdóttir, knattspyrna

### Björns blöndal bikarinn 2009

2009: Bergur Pálsson

### UMFÍ bikarinn - deild ársins

2009: Taekwondodeild  
 - Fyrir útbreiðslu, foreldrastarf og Fyrirmyndardeild ÍSÍ.

## Íþróttamenn Umf. Selfoss frá upphafi

2009 Sævar Þór Gíslason og Ágústa Tryggvadóttir  
 2008 Sævar Þór Gíslason og Katrín Ösp Jónasdóttir  
 2007 Sævar Þór Gíslason og Ágústa Tryggvadóttir  
 2006 Örn Davíðsson og Bergþóra Kristín Ingarsdóttir  
 2005 Örn Davíðsson og Linda Ósk Þorvaldsdóttir  
 2004 Hjalti Rúnar Oddsson og Bergþóra Kristín Ingvarsdóttir  
 2003 Ívar Grétarsson  
 2002 Jóhann Ólafur Sigurðsson

2001 Jón Guðbrandsson  
 2000 Magnús Aron Hallgrímsson  
 1999 Friðfinnur Kristinsson  
 1998 Magnús Aron Hallgrímsson  
 1997 Sigríður Anna Guðjónsdóttir  
 1996 Ingólfur Snorrason  
 1995 Bjarni Skúlason  
 1994 Ingólfur Snorrason  
 1993 Sigurður Valur Sveinsson  
 1992 Einar Gunnar Sigurðsson  
 1991 Einar Gunnar Sigurðsson  
 1990 Einar Gunnar Sigurðsson  
 1989 Vésteinn Hafsteinsson  
 1988 Vésteinn Hafsteinsson

1987 Vésteinn Hafsteinsson  
 1986 Vésteinn Hafsteinsson  
 1986 Vésteinn Hafsteinsson  
 1985 Birgitta Guðjónsdóttir  
 1984 Tryggvi Helgason  
 1983 Tryggvi Helgason  
 1982 Tryggvi Helgason  
 1981 Tryggvi Helgason  
 1980 Hugi S. Harðarson  
 1979 Hugi S. Harðarson  
 1978 Hugi S. Harðarson  
 1977 Hugi S. Harðarson  
 1976 Steinþór Guðjónsson

# Fundargerð aðalfundar 2009

Aðalfundur Ungmennafélags Selfoss haldinn í félagsheimilinu Tíbrá fimmtudaginn 30. apríl 2009 kl. 20:00.

## Fundargerð

1. Formaður félagsins, Axel Þór Gissurarson, setti fundinn og bauð fundarmenn og gesti velkomna.

2. Fundarstjóri var kosinn Örn Guðnason.

3. Fundarritarar voru kosnir Sandra D. Gunnarsdóttir og Svanur Ingvarsson.

4. Í kjörnefnd voru kosnir Helgi S. Haraldsson, Sveinbjörn Másson og Ófeigur Ágúst Leifsson.

5. Fundargerð síðasta aðalfundar lögð fram til samþykktar. Var fundargerðin samþykkt.

6. Formaður lagði fram skýrslu stjórnar.

Axel Þór Gissurarson, formaður félagsins, flutti skýrslu stjórnar. Byrjaði hann á því að minnst Guðjóns Ægis Sigurjónssonar félag okkar sem lést af slysförum í janúar síðastliðnum. Síðan fór hann yfir hversu dýrmætt það væri á tímum sem þessum að deildir félagsins stæðu allar vel fjárhagslega og faglega fyrir tilstuðlan góðs og öflugs fólks og stuðnings sveitarfélagsins.

„Fjöldi iðkenda eykst frá ári til árs í öllum íþróttagreinum og hver deildin á fætur annari fær útnefningu sem fyrirmyndardeild ÍSÍ. Árangur í keppnum er mjög góður og allar deildir eru að bæta sinn árangur. Mesti árangur þeirra allra er faglegt og metnaðarfullt starf sem miðar að því að þroska og þjálfa iðkendur, vinna að forvörnum og gera einstaklingana betur í stakk búna að takast á við lífið,“ sagði Axel.

Einnig ræddi hann uppbyggingu á íþróttavallasvæðinu og gott samstarf við Sveitarfélagið Árborg í þeim efnum, ráðningu bókara til félagsins, íþróttakademiurnar og það frumkvöðlastarf sem þar er unnið. Að lokum um mikilvægi sjálfbóðaliðastarfsins og hvernig styrkur félagsins liggur í því. Síðan þakkaði hann öllum þeim sem komið hafa að starfinu fyrir þeirra mikla framlag.

7. Gjaldkeri lagði fram reikninga félagsins til samþykktar.

8. Helgi S. Haraldsson lagði fram álit kjörbréfanefndar og fór yfir mætingu fulltrúa. Alls voru 38 mættir af 51 fulltrúa sem átti rétt til setu á fundinum.

9. Umræður um skýrslur formanns og gjaldkera og reikningar félagsins bornir upp til samþykktar. Samþykkt samhljóða.

10. Ávörp gesta.

Sigríður Jónsdóttir úr framkvæmdastjórn ÍSÍ tók til máls og óskaði Umf. Selfoss til hamingju með öflugt starf. Hún afhenti síðan formanni frjálisíþróttadeildar viðurkenningu sem fyrirmyndardeild ÍSÍ til næstu fjögurra ára. Einnig afhenti hún fána verkefnisins til deildarinnar.

Ragnheiður Hergeirsdóttir bæjarstjóri tók til máls og ræddi m.a. um félagsstarf ungmennafélagsins og hversu ómetanlegt það væri, ekki síst á tímum sem þessum. Þá ræddi hún um þjónustusamning sveitarfélagsins og UMFS, aukið vægi í íþrótt- og tómskundamálum í stjórnarsýslunni, sjálfbóðaliðastarf, mikilvægi samstarfs, uppbyggingu íþróttamannvirkja og fyrirmyndardeilda ÍSÍ. Að lokum afhenti hún formönnum frjálisíþróttadeildar og taekwondodeildar styrki frá Sveitarfélaginu Árborg að upphæð 700.000 kr. fyrir hvora deild.

Hafsteinn Þorvaldsson, heiðursfélagi Umf. Selfoss ávarpaði fundinn og hrósaði starfi félagsins og fyrirmyndardeildunum. Hann talaði m.a. um mikilvægi unglingsstarfsins og mikilvægi umfjöllunar um íþróttastarf í héraðsréttablaðunum.

Bragi Bjarnason, íþrótt- og tómskundafulltrúi Árborgar, tók til máls og ræddi m.a. samstarf og eflingu þess með þjónustusamningnum frá sl. vori. Þá ræddi hann um forvarnarstarf og mikilvægi þess og hrósaði UMFS fyrir forvarnarstefnuna og minnti á að eftirfylgni með henni sé afar mikilvæg. Einnig ræddi hann íþróttavallafrankvæmdir og þakkaði fyrir samstarfið. Að lokum fagnaði hann

samstarfi deilda varðandi íþrótt- og tómskundaskólann og óskaði fyrirmyndardeildunum til hamingju með árangurinn.

11. a) Tillögur lagðar fyrir fundinn.

Fundarstjóri las upp tillögurnar. Kristinn Bárðarson gerði grein fyrir tillögu 9.

Tillaga 1.

Aðalfundur Umf. Selfoss haldinn í Tíbrá 30. apríl 2009 þakkar öllum sem stutt hafa starf félagsins með þátttöku í starfinu, setu í stjórnum, stuðningsaðilum, fyrirtækjum, Sveitarélaginu Árborg, foreldrum og öðrum sem unnið hafa að framgangi félagsins.

Tillaga 2.

Aðalfundur Umf. Selfoss haldinn í Tíbrá 30. apríl 2009 þakkar bæjarstjórn Árborgar veittan stuðning við starfsemi félagsins. Sérstakar þakkar eru færðar vegna framlags til fyrirmyndardeilda og forvarnarstarfs félagsins.

Tillaga 3.

Aðalfundur Umf. Selfoss haldinn í Tíbrá 30. apríl 2009 fagnar þeim áfanga sem Sveitarfélagið Árborg hefur náð við uppbyggingu íþróttasvæðisins við Engjaveg. Nýju vellirnir sem nú er unnið við munu bæta verulega aðstöðu til knattspyrnu- og frjálisíþróttaiðkunar. Jafnframt er bent á nauðsyn þess að reynt verði knattspyrnuhús í fullri stærð, sundlaugarmannvirki og aðstaða fyrir judó og taekwondo verði bætt. Auk þess sem fyrirsjáanlegt er að þrátt fyrir tilkomu nýs íþróttahúss við Sunnulækjarskóla munu íþróttahús á staðnum ekki fullnægja þörfum félagsins fyrir æfingaaðstöðu innanhúss.

Tillaga 4.

Aðalfundur Umf. Selfoss haldinn í Tíbrá 30. apríl 2009 felur aðalstjórn að skipa starfshóp innan félagsins til að endurskoða og skilgreina nánar skyldu til greiðslu æfingagjalda og félagsgjalda innan félagsins og jafnframt að vinna að samræmingu reglna þar um í samvinnu við deildir félagsins.

Tillaga 5.

Aðalfundur Umf. Selfoss haldinn í Tíbrá 30. apríl 2009 fagnar þeirri ákvörðun Sveitarfélagsins Árborgar frá síðasta ári hefja niðurgreiðslu æfingagjalda barna og ungmenna sem stunda reglulegar æfingar á vegum félagsins og deilda þess.

Tillaga 6.

Aðalfundur Umf. Selfoss haldinn í Tíbrá 30. apríl 2009 samþykkir að árgjald (félagsgjald) innan félagsins verði kr. 2.000 fyrir árið 2009.

Tillaga 7.

Aðalfundur Umf. Selfoss haldinn í Tíbrá 30. apríl 2009 samþykkir að fela aðalstjórn að vinna að sameiginlegum fjáröflunum fyrir félagið í heild og deildir þess. Skal þar sérstaklega horft til að afla styrktar-, auglýsinga- og afláttarsamninga fyrir félagið í heild. Jafnframt skal aðalstjórn setja reglur um skiptingu þess fjár sem aflast með þessum hætti milli aðalstjórnar og einstakra deilda, sem meðal annars taki mið af eðli samninga, áhrifa þeirra á núverandi fjármögnun aðila og umfangs starfsemi deildanna.

Tillaga 8 - lagabreyting.

Aðalfundur Umf. Selfoss haldinn 30. apríl 2009 samþykkir eftirfarandi lagabreytingu:

Í stað 2. mgr. 15 greinar komi eftirfarandi ákvæði:

Atkvæðisrétt á aðalfundi hafa eftirtaldir félagar:

1. Framkvæmdastjórn félagsins.

2. Formenn deilda félagsins.

3. Auk þess samtals 40 fulltrúar deilda, sem kosnir eru á aðalfundi þeirra eða stjórn tilnefnið skv. ákvörðun aðalfundar deildarinnar, í réttu hlutfalli við iðkendur hverrar deildar á aldrinum 6-16 ára. Við ákvörðun hverjir séu iðkendur skal miðað við að iðkun sé regluleg, a.m.k. einu sinni í viku yfir tímabil sem sé að lágmarki 3 mánuðir á almanaksárinu, skv. skráningu í félagakerfi.

Tillaga 9-1.

Aðalfundur Umf. Selfoss haldinn í Tíbrá 30. apríl 2009 samþykkir að skipuð skuli 5 manna afmælisnefnd v/75 ára afmælis félagsins 1. júní 2011. Skal nefndin taka til starfa strax að loknum aðalfundi félagsins. Nefndin skal vinna að;

a) undirbúningi að ritun á sögu félagsins m.a. með því að safna

# Fundargerð aðalfundar 2009

saman með skipulegum hætti útgefnu efni frá deildum, myndefni frá starfsemi félagsins, taka viðtöl við félagasvo sem gamla forystumenn, þjálfara, iðkendur, þá sem koma að starfi félagsins í dag o.s.frv., b) vefútgáfu á Braga riti félagsins, c) gerð heimildarmyndar um sögu og starfsemi félagsins og d) undirbúa viðburði á afmælisárinu.

Afmælisnefndin starfar í umboði aðalfundarinnar, í nánú samstarfi við aðalstjórn, framkvæmdastjóra og stjórnir deilda. Nefndin skal skila skýrslu til aðalfundar. Að fengnu samþykki þessarar tillögu skal kosin 5 manna nefnd.

## Tillaga 9-2

### Skipan afmælisnefndar:

Bárður Guðmundarson, Bogi Karlsson, Elínborg Gunnarsdóttir, Guðmundur Kr. Jónsson og Kristinn M. Bárðarson. Til vara: Garðar Garðarsson.

## 12. Verðlaunaafhending

Formaður og framkvæmdastjóri afhentu verðlaun.

- 1) Pröstur Ingvarsson fékk afhentan Björns Blöndal bikarinn fyrir framúrskarandi störf í þágu félagsins.
- 2) Knattspyrnuvæðing fékk afhentan UMFÍ-bikarinn sem deild ársins.
- 3) Katrín Ösp Jónasdóttir, fimleikakona, fékk afhentan bikar sem íþróttakona Umf. Selfoss 2008 og Sævar Þór Gíslason, knattspyrnu-maður, fékk afhentan bikar sem íþróttakar Umf. Selfoss 2008.

## Kaffihlé

## 13. Umræður og afgreiðsla tillagna.

Tillögur 1, 2, 3, 4, 5, 7, 9-1, og 9-2 bornar upp og voru allar samþykktar samhljóða.

## 14. Lagabreytingar.

Tillaga 8 borin upp og samþykkt samhljóða.

## 15. Fjárhagsáætlun aðalstjórnar borin upp og samþykkt samhljóða.

Fjárhagsáætlunir deilda staðfestar.

## 16. Tillaga 6 um árgjald var borin upp og samþykkt samhljóða.

## 17. Stjórnarkjör.

Eftirfarandi tillaga um skipan stjórnar var samþykkt samhljóða:

Formaður: Axel Þór Gissurarson.

Gjaldkeri: Hansína Kristjánsdóttir.

Ritari: Sandra D. Gunnarsdóttir

Meðstjórnendur: Bergur Guðmundsson og Sveinn Jónsson.

Kosnir tveir skoðunarmenn reikninga og tveir til vara.

Eftirfarandi tillaga var samþykkt samhljóða:

Brynja Hjálmtýsdóttir og Helga Baldursdóttir.

Til vara: Snorri Sigurfinnsson og Ólafur Ragnarsson.

Kosning í jólasveina- og þrettándanefnd.

Eftirfarandi tillaga samþykkt:

Svanur Ingvarsson, Pröstur Ingvarsson, Guðmundur Ingvarsson

og Þórarinn Ingólfsson.

## 18. Önnur mál.

Framkvæmdastjóri, Örn Guðnason, sagði frá því að áhugi væri fyrir stofnun tveggja nýrra deilda innan UMFS og að önnur þeirra, þ.e. kraftlyftingadeild, hefði óskað eftir aðild að félaginu. Hin deildin er dansíþróttadeild.

Bjarni Kristinsson sagði frá undirbúningi að stofnum kraftlyftinga-deildar og ástæðum aðildarumsóknar.

Laufey Ósk Magnúsdóttir sagði frá hugmyndum um stofnun dansíþróttafélags eða deildar. Henni finnst vanta dansíþróttir og vill, ásamt fleirum, stuðla að stofnun dansíþróttadeildar.

## Skipan afmælisnefndar skv. tillögu 9.

Framkvæmdastjóri las upp eftirfarandi tillögu að skipan nefndarinnar sem var samþykkt samhljóða:

Bárður Guðmundsson, Bogi Karlsson, Elínborg Gunnarsdóttir, Guðmundur Kr. Jónsson og Kristinn M. Bárðarson.

Birgir Á. Kristjánsson, formaður fimleikadeildar, tók til máls og vakti athygli á stóru fimleikamóti sem haldið verður hér á Selfossi á föstudag og laugardag. Hvatti hann fundarmenn til að koma og fylgjast með.

Bárður Guðmundsson tók til máls og ræddi um 3. gr. laga félagsins, þ.e. liti í búningum félagsins. Hvatti menn til að hafa hana í heiðri, en þar hefur verið einhver misbrestur á. Framkvæmdastjóri félagsins tók undir með Bárði, en skýrði jafnframt ástæður þess að fleiri litir en vínrauður og hvítur væru í notkun. Stafaði það m.a. af framboði framleiðenda á íþróttafatnaði og eins hinu að mörg félög væru farin að nota fleiri liti í búninga sína.

Laufey Guðmundsdóttir tók til máls og kynnti nýtt fyrirkomulag íþróttá- og útivistarskólans sem er sameiginlegt verkefni deilda félagsins. Hún kynnti sig sem nýráðinn „rektor“ skólans.

Svanur Ingvarsson tók til máls fyrir hönd jólasveinanefndar. Sagði hann frá því að jólasveinanefndin hefði fest kaup á borðbúnaði fyrir 70 manns og ákveðið að gefa til nota í Tíbrá. Svanur afhenti síðan formanni félagsins sýnishorn af búnaðinum og hlaut góðar þakkir og lófaklapp fyrir.

Framkvæmdastjóri félagsins tók til máls og þakkaði fundarmönnum gott samstarf á liðnu ári. Einnig ræddi hann um mikilvægi þess sjálfbærliðastarfs sem unnið er á vegum félagsins. Minnti að lokum á Landsmót og Unglingalandsmót UMFÍ sem fara fram í sumar og sleit síðan fundi.

Fundi slitið kl. 22:20.

SDG/SI



Veistu hvað þú  
eyðir miðað við aðra?



 **MENIGA** | Heimilisbókhald Íslandsbanka

Meniga er eina heimilisbókhaldið sem gerir þér kleift að bera útgjöld þín saman við útgjöld annarra notenda.

**Skráðu þig í Meniga í Netbanka Íslandsbanka**

islandsbanki@islandsbanki.is  
www.islandsbanki.is  
Sími 440 4000

  
Íslandsbanki